

TÍUND

FRÉTTABLAÐ RSK • OKTÓBER 2013



Áskoranir og tækifæri

Tilflutningur verkefna milli opinberra stofnana hefur reglulega komið til umræðu hérlandis. Inntak slíkrar umræðu er þörfin á að sameina minni stofnanir í stærri. Þannig er verið að leita leiða til að vinna þau verkefni sem ríkisvaldinu er ætlað að sinna samkvæmt lögum með hagkvæmum og skilvirkum hætti. Litlar einingar eru oft óhagkvæmar og þess vegna skapast opinber umræða um hvort þörf sé á endurmati stofnanauppbyggingar íslenskrar stjórnsýslu. Ný ríkisstjórn sem tók við á vordögum skipaði fljótlega hagræðingarhóp sem ætlað er að leggja til aðgerðir til þess að hagræða, forgangsraða og auka skilvirkni í rekstri stofnana ríkisins. Tilgangurinn er að kynna hugmyndir sem miða að því að auka umtalsvert framleiðni í rekstri ríkisins. Markmiðið er skýrt og sjálfsagt, enda brýnt að vera sífellt vakandi fyrir því hvernig sameiginlegum fjármunum er varið. Slíkt er aldrei brýnna en þegar verulega þrengir að. Stofnanir íslenskrar stjórnsýslu eru mjög breytilegar og það sama á við um verkefni þeirra og stærð. Margar einingar stjórnsýslunnar eru smáar með tiltölulega fáa starfsmenn og því ekki að undra að hugmyndum um sameiningar sé varpað fram. Haggræðingarhópur ríkisstjórnarinnar hefur komið með hugmyndir og ábendingar en annarra verður að hrinda breytingunum í framkvæmd og fylgja þeim farsællega þar til þær hafa náð að festast í sessi.

Misvel hefur gengið að sameina stofnanir, þótt það hafi alloft verið reynt. Oft á tíðum hefur undirbúningur ekki verið nægjanlegur og samráð við starfsmenn takmarkað. Þegar svo er geta brotalamir komið fram og kraftur heildarinnar nýttist ekki til að búa til öfluga nýja einingu. Mikilvægt er að gefa starfsmönnum kost á að taka þátt í breytingum með því að virkja þá í að koma hugmyndum sínum á framfæri. Ætíð þarf að hafa hugfast að vinnustaðir eru samfélag fólks með tilteknum starfsvenjum og háttum sem ekki verður breytt eingöngu með orðum á blaði eða beinum fyrirskipunum. Nýtt skipurit með

nýjum boðleiðum er oftast ekki nægjanlegt til að breyta flæði á vinnustað heldur verður slíkt aðeins árangursríkt þegar tekst að fá sem flesta með í innleiðingu nýrra háttar þar til nýju jafnvægi er náð.

Með stærri einingum í stofnanauppbyggingu íslenskrar stjórnsýslu er unnt að auka skilvirkni hennar með uppstokkun og nýjum vinnubrögðum. Hugsu þarf upp á nýtt hvernig best sé að leysa þau verkefni sem lögbundin eru og þar með skapa betri stjórnsýslu fyrir borgara þessa lands. Árangursrík stjórnsýsla er það sem mestu skiptir, en hagræðingin er viðbótarárangur. Breytingar af þessu tagi eru vandasamar. Greinileg þörf þarf að vera fyrir breytingarnar, að ekki sé verið að breyta breytinganna vegna, og skýrt hverju skuli áorkað með þeim.

Sé vel staðið að flutningi verkefna milli stofnana myndast mikill drifkraftur og tækifæri til breytinga sem ella gætu átt erfiðara uppdráttar. Ný uppbygging stofnana hefur áhrif á alla starfsmenn þeirra og oft einnig viðskiptavinum. Margir óttast breytingar að ákveðnu marki vegna óvissu um hvaða áhrif þær muni hafa á hag þeirra sjálfra. Þeir vita hvað þeir hafa, ekki hvað þeir fá. Þetta getur leitt til andstöðu og því brýnt að eyða óvissu starfsmanna svo ekki dragi um of úr framleiðni af þeirri ástæðu að óöryggis gæti.

Sameining stofnana er langt ferli og stórt verkefni sem ekki má vanmeta í umfangi. Með þrautseigju og þolinmæði hefst það, skref fyrir skref, og margir smásigrar vinnast. Í slíku ferli er mikilvægt að bíða ekki þar til allt er í höfn heldur fagna jafnóðum áfangasigrum á leiðinni.

Einhverjir hafa haldið því fram að sameining stofnana sé ekki endilega nauðsynleg til að bæta stjórnsýslu og auka hagkvæmni, heldur sé unnt að ná sama árangri með auknu samráði á milli stofnana. Slíkt var reynt um árábil í tilvikum skattyfirvalda. Reglulegt samráð skattstjóra

TÍUND

BLAÐ NR. 63

Útgefandi: Ríkisskattstjóri.

Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson.

Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson.

Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir.

Prófarkalestur: Halldór Halldórsson, Helga Valborg Steinarsdóttir og Halldóra Viðarsdóttir.

Teikning á forsiðu: Halldór Baldursson.

© Ríkisskattstjóri

Fjölmiðlum er heimil notkun efnis.

Öll önnur notkun á efni er óheimil nema með leyfi útgefanda.

og ríkisskattstjóra og sameiginlegar ráðagerðir í mörgum málum með reglulegum fundum auk óformlegra samtala náðu samt ekki því sem tókst þegar ein stofnun tók við af mörgum. Skattframkvæmdin var ekki samræmd á milli umdæma, afgreiðsla á kærnum og erindum tók mislangan tíma, almenn skattendurskoðun var breytileg og ólíkt mat lagt á huglæga þætti. Öllu þessu hefur sameining skattyfirvalda breytt.

Skattyfirvöld hafa þannig undanfarin ár verið í viðamiklu uppbyggingarferli þar sem 10 stofnanir urðu að einni þegar störf sjálfstæðra skattstjóra voru lögð niður og verkefnin falin ríkisskattstjóra sem jafnframt tók við öllum starfsmönnum, húsnaði og búnaði. Sameiginleg markmið auðvelduðu sameiningarferlið en á hinn bóginn voru vinnubrögð og menning vinnustaðanna sem gengu í eina sæng ólík. Endurmat verkefna, breyting áherslna í störfum og nýir starfshættir voru því hin raunverulega forsenda þess að sameiningin gæti tekist.

Fjármálaráðuneytið hratt sameiningarferli skattyfirvalda af stað og stýrði undirbúningi þess fram yfir lagasetninguna sjálfa. Eftir að löggin tóku gildi varð það verkefni starfsmanna ríkisskattstjóra og níu skattstjóraembætta að móta nýja verkferla eftir stefnumótun ráðuneytisins. Starfsmenn hins sameinaða vinnustaðar tóku þessari áskorun. Breytt vinnubrögð með aukinni sérhæfingu hafa skilað miklum árangri enda hafa flestir starfsmenn ekki veigrað sér við nýjum krefjandi viðfangsefnum heldur litið á þau sem spennandi tækifæri.

Reynslan af sameiningu skattyfirvalda hefur sýnt að þegar farið verður út í fleiri sameiningar opinberra stofnana þurfi að hafa á huga að slíkt verði gert með skýrri stefnumótun, markvissri upplýsingamiðlun til starfsmanna og í samráði við þá sem vinna skulu verkin. Gildi hvers vinnustaðar ráða þar miklu en um leið þarf að innleiða nýja verkferla og ný viðhorf. Nýtt skipulag sameinaðrar stofnunar sem verkfæri er einskis virði ef þeir sem undir það heyra og ætlað er að vinna eftir því



Skúli Eggert Þórðarson
ríkisskattstjóri



Inga Hanna Guðmundsdóttir
starfsmannastjóri

skilja ekki á hvaða forsendum það byggir. Þess vegna tóku starfsmenn RSK sér tíma í upphafi sameiningarinnar í að ræða niðurröðun verkefna og skiptingu þeirra. Þeim tíma reyndist vel varið þar sem grunnurinn varð þá betri og markvissari. Sú niðurröðun sem ákveðin var í upphafi var þó aðeins skref í breytingaferlinu. Hún hefur margsinns verið endurskoðuð síðan eftir því sem nýr vinnustaður hefur þróast.

Reyndin varð sú að nær allir starfsmenn ríkisskattstjóra voru sáttir við hvernig að sameiningunni var staðið. Afgreiðslutími mála hefur styst verulega, skattframkvæmdin orðið samræmdari og meiri árangur náðst í eftirliti. Skilvirkni hefur þannig aukist og samtímis sparast hundruð milljóna í rekstrarkostnaði stofnana skattyfirvalda. Sú reynsla sýnir að þótt sameiningar stofnana séu í eðli sínu erfiðar er verkefnið ekki óyfistíganlegt. Þetta er unnt og í mörgum tilvikum eftirsóknarvert.

EFNI BLAÐSINS

Leiðarinn	2
Viðtalið - Árni Stefán Jónsson formaður SFR	4
Netframtalið	10
Svo lengi lærir sem lifir	12
Af norrænum vettvangi	14
Skattframkvæmd fyrr á árum	18
Vitundarvakning í skilum á ársreikningum	24
Álagning auðlegðarskatts	26

Snjallvefurinn rsk.is	30
Nýjungar á tæknisviði	32
Stjórnendafundur	36
Niðurstöður álagningar 2013	40
Námskeið fyrir nýja í rekstri	60
Úrskurðir yfirséðanefndar	62
Dómar	66
Lokaorðið	70



Árni Stefán Jónsson formaður SFR

Engin sameining hefur gengið jafn vel og hjá skattkerfinu

Árni Stefán Jónsson er formaður SFR - stéttarfélags í almannajónustu og hefur gegnt því embætti frá aðalfundi félagsins á vordögum 2006. Árni Stefán þekkir öðrum betur störf og innviði SFR því hann hafði áður verið framkvæmdastjóri félagsins í 16 ár. Hann er rafvirki að mennt en auk þess menntaður sem félagsmála- og uppeldisfræðingur. Áður en hann hóf störf sem framkvæmdastjóri SFR hafði hann verið trúnaðarmaður SFR meðal starfsmanna á Unglingaheimili ríkisins, auk þess að vera um skeið unglingafulltrúi hjá Kópavogsbæ og félagsmálastjóri á Ísafirði. Tíund tók hús á Árna Stefáni og spurði hann m.a. út í sýn hans sem forkólfs stéttarfélags á þátt skatta í kjarabaráttu og könnunina Stofnun ársins.

Hvernig kom til að þú ákvaðst að gera kjaramál launafólks að aðalstarfi?

Þetta var kannski ekki ákvörðun á sínum tíma heldur frekar ákveðin þróun. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á þjóðfélagsmálum og verið þónokkuð pólitískur. Þegar ég fór út á vinnumarkaðinn fór ég fljótlega að skipta mér af verkalyðspólitík, var mjög virkur í iðnnemahreyfingunni í nokkur ár, var formaður nema í rafmagnsiðn og síðan varaformaður Iðnnemasambandsins. Þannig að það kom svolítið af sjálfu sér að þegar ég kom til starfa eftir nám varð ég fljótlega trúnaðarmaður hjá SFR. Mér þótti mjög gaman að vera trúnaðarmaður og að vera í samninganefndum og fékk til þess góða hvatningu. Þegar sérstakar aðstæður urðu síðan í formannaskiptum 1990 þá sótti ég um stöðu framkvæmdastjóra SFR. Ég gegndi því starfi til 2006 þegar ég tók við formennskunni í félaginu.

Hefur komið til greina að SFR beiti sér fyrir breytingum á skattlagningu sem lið í kjarabaráttu?

ASÍ og SA gera oft kröfur á ríkið um skattalækkanir en opinberir starfsmenn eru þar einfaldlega í annarri stöðu. Opinberir starfsmenn hafa ekki kallað eftir sérstökum kjarabótum í gegnum skattkerfið. Við erum jú í þeirri stöðu að sækja laun okkar til ríkisins og þess vegna viljum við að ríkiskassinn sé þess megnugur að borga okkur laun. Allar tilfærslur sem eru settar fram af launþegahreyfingunum til lækkunar eru ekki endilega til hagsbóta fyrir okkur. Við höfum frekar viljað benda á að kjarabætur eiga að koma beint frá atvinnurekendum en ekki í gegnum skattkerfið. Slík mál eru hins vegar meira á hendi BSRB en einstakra stéttarféлага. Stefna BSRB og um leið okkar er sú að hafa þrepaskipt skattkerfi svipað því sem nú er,

þar sem þeir sem hafa meira á milli handanna borgi hærri skatta en þeir sem hafa úr minna að spila. Um það hefur BSRB ályktað á sínum þingum undanfarin ár.

Nú hefur starfsfræðslu innan skattkerfisins almennt verið sinnt innan stofnana þess, án aðkomu fræðslusjóða stéttarfélaganna. Á því hefur aðeins orðið breyting hin síðari ár með tilkomu Starfsmenntar. Hvernig sérðu það fyrirkomulag þróast á næstu árum?

Það er tvennt í þessu. Það eru einstakar stofnanir sem vilja reka sínar eigin fræðslumiðstöðvar. Til þess er hægt að fá peningaaðstoð frá Þróunar- og símenntunarsjóði og faglega aðstoð frá Starfsmennt. Hin aðferðin er sú að fræðslan sé meira og minna sett upp í samráði við Starfsmennt. Góð dæmi þar um eru Járnsíða



Árni Stefán Jónsson hefur starfað hjá SFR sl. 23 ár; fyrstu 16 árin sem framkvæmdastjóri en nú sem formaður.

”

Við höfum samt því miður einnig séð stjórnendur nokkurra stofnana sem virðast ekki taka niðurstöðurnar nægjanlega alvarlega. Þeirra stofnanir sitja gjarnan á botninum ár eftir ár. Ástæðan er sú að þessir stjórnendur horfa aldrei nægilega mikið inn á við í starfi sínu heldur finna gjarnan aðrar afsakanir fyrir stöðunni

sýslumannsembættanna og Heilsa sem er símenntun starfsfólks hjá heilsugæslunni.

Ég hef átt samtöl um það við skattyfirvöld að þar ætti að vera meira samstarf við Starfsmennt heldur en nú er. Mér fyndist það mjög æskilegt því við höfum byggt þar upp afar sterkt og faglegt fræðslusetur til hagsbóta fyrir alla. Ég hvet því stjórnendur ríkisskattstjóra til meira samstarfs. Á því munu bæði starfsmenn og stofnunin sjálf græða.

Hvernig kom það til í upphafi að SFR fór að standa fyrir vali á Stofnun ársins?

Við höfum upphaflega samstarf við VR um svokallað „benchmarking“ með það að markmiði að bera saman þjónustu og störf félaganna og læra þannig hvort af öðru. Í framhaldinu var síðan ákveðið að við myndum ganga til samstarfs við VR sem þá hafði staðið að vali á Fyrirtæki ársins um nokkurra ára skeið.

Frá árinu 2006 hefur SFR staðið fyrir vali á Stofnun ársins. Síðustu þrjú ár hefur könnunin náð til allra ríkisstarfsmanna, án tillits til stéttarfélags. Hvaða áhrif hafði sú breyting á könnunina?

Það var stórt skref að fá fjármálaráðuneytið með í þessa könnun og hafði auðvitað þær breytingar í för með sér að gildi könnunarinnar jókst og trúverðugleiki hennar varð enn meiri. Áður en fjármálaráðuneytið kom inn að fullu þá buðum við upp á það að stofnanir gátu greitt fyrir þátttöku í könnuninni fyrir alla starfsmenn sína og það gerðu sumar stóru stofnanirnar frá byrjun. Nú síðustu þrjú ár hafa hins vegar allir starfsmenn hjá ríkinu verið með, það gerir könnunina stærri og mikilvægari.

Hverju telur þú könnunina um fyrirmyndarstofnanir helst skila starfsmönnunum og þeim stofnunum sem þeir vinna hjá?

Starfsmenn sitja gjarnan uppi með ákveðnar spurningar um sína stöðu og stöðu stofnunar sinnar. Könnunin gefur þeim kjörið tækifæri til að bera sig saman við starfsmenn annarra stofnana innan ríkisins. Stjórnendur græða einnig verulega á henni, því þar sjá þeir svart á hvítu hvernig þeim er að takast með mannauðsmálin hjá stofnun sinni.

Þeir stjórnendur sem taka þessar niðurstöður alvarlega ná góðum árangri. Við höfum samt því miður einnig séð stjórnendur nokkurra stofnana sem virðast ekki taka niðurstöðurnar nægjanlega alvarlega. Þeirra stofnanir sitja gjarnan á botninum ár eftir ár. Ástæðan er sú að þessir stjórnendur horfa aldrei nægilega mikið inn á við í starfi sínu heldur finna gjarnan aðrar afsakanir fyrir stöðunni. Reynsla okkar segir hins vegar að það eru stjórnendurnir



sem skipta þarna höfuðmáli, það eru þeir sem bera ábyrgðina á þessu. Ég held að við þurfum að skoða þessi mál í heild og huga betur að þjálfun stjórnenda stofnana. Það kemur í ljós, m.a. í svona könnun, að þjálfun þeirra er alls ekki alltaf nægileg þegar kemur að mannauðsmálum.

Þú hefur í gegnum tíðina verið öflugur hlaupari. Nýtast hlaupin kannski í því langhlaupi sem kjarabaráttan er? Hvaða önnur áhugamál hefurðu utan vinnu?

Ég hef alltaf haft áhuga á hreyfingu og féll fyrir skokkinu upp úr 1992 og fór í skokkhóp eins og það hét þá. Ég var líklega hvað

virkastur í þessu á árunum 1992-1998. Þá ákvað ég að láta gamlan draum rætast og fara í hestamennskuna. Síðan þá hef ég haft hlaupin sem hreyfingu og hleyp kannski tvisvar í viku um 7 kílómetra en hestamennskan er aðaláhugamálið. Ég hætti sem sagt að hlaupa jafn mikið og læt þess í stað hrossin hlaupa með mig! Ég mæli hins vegar heils hugar með hlaupunum. Þau gefa manni rosalega mikið, betri heilsu, meiri kraft og orku og hafa örugglega nýst mér í mínu starfi þar sem álagið getur verið mikið. Hlaupin eru góður lokapunktur dagsins því þá þurrkast stress dagsins út og hugurinn hreinsast. Það er mjög gott að hugsa á hlaupum



Árni Stefán með Stefáni Einari Stefánssyni fyrrverandi formanni VR og Garðari Hilmarssyni formanni Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar á sameiginlegum blaðamannafundi þar sem launakönnun félaganna 2012 var kynnt.



Með starfsmönnum Landspítala á fundi um kynbundinn launamun sl. vetur. Mikið fræðslu- og kynningarstarf fer fram á vegum stéttarfélagsins.

”

Sem dæmi um vel heppnað samstarf við trúnaðarmenn vil ég nefna sameiningu skattstofanna og ríkisskattstjóra sem gekk afar vel fyrir sig. Ég hef upplifað nokkrar sameiningar og flutninga og að mínu mati var þarna brotið blað, því ég man ekki eftir að nein sameining hafi gengið jafn vel og þarna

og því hleyp ég til dæmis aldrei með neina tónlist í eyrunum eins og margir. Ég hef aldrei verið mikið fyrir græjur og hjálpartæki og þykir best að hlaupa úti í náttúrunni.

Nú kveða reglur SFR á um 10 ára hámarkstími í starfi formanns félagsins. Hvernig kom það viðmið til og hvað mun taka við hjá þér þegar að því kemur?

Þegar Sigríður Kristinsdóttir tók við formennsku árið 1990 voru nokkuð mikil átök í félaginu og eitt af loforðunum sem ný stjórn efndi var að takmarka það tímabil sem hver formaður mætti sitja. Fyrst var ákveðið að hafa þetta sex ár en í formennsku Jens Andréssonar var það lengt upp í 10 ár. Ég tel það vera af hinu góða að hafa slíka útskiptireglu í formannsstólnum og við höfum einnig bætt inn sambærilegri reglu fyrir stjórn félagsins og fulltrúa í stjórnnum sjóða. Það er aldrei jákvætt að sama fólkið sitji of lengi við völd. Hvað framtíðin ber í skauti sínu fyrir mig persónulega veit ég hins vegar ekki. Ég er satt að segja ekkert farinn að velta því fyrir mér hvað tekur við að lokinni

formennskunni og hef í rauninni mjög litlar áhyggjur af því.

Ríkisskattstjóri er með starfsemi á nýu stöðum um landið og eru virkir trúnaðarmenn SFR á öllum starfsstöðvum. Hvert er meginhlutverk þeirra og hversu mikil vinna felst í hlutverki þeirra sem trúnaðarmenn?

Við hjá SFR höfum alltaf horft á starf trúnaðarmannsins sem afar mikilvægt starf fyrir starfsmennina, stjórnendur og fyrir félagið. Þeir eru tengiliðir félagsins inn á vinnustaðina og því að mörgu leyti okkar augu. Við köllum þá reglulega til fundar og fylgjumst þannig með hvað er að gerast inni á hinum ýmsu stofnunum.

Hlutverk trúnaðarmanna hefur verið að aukast undanfarin ár og starfssvið þeirra er nú víðtækara en það var. Þeir taka m.a. þátt í vinnu samstarfsnefnda og gerð stofnanasamninga svo fátt eitt sé nefnt. Þeir eru því mjög mikilvægir og mín skoðun er sú að starf þeirra sé ekki nægilega vel metið að verðleikum miðað við það sem er ætlast til af þeim. Þeir koma



Árni Stefán Jónsson formaður SFR á skrifstofu sinni við Grettisgötu í Reykjavík.

að flestum málum innan stofnunar og sem dæmi um vel heppnað samstarf við trúnaðarmenn vil ég nefna sameiningu skattstofanna og ríkisskattstjóra sem gekk afar vel fyrir sig. Ég hef upplifað nokkrar

sameiningar og flutninga og að mínu mati var þarna brotið blað, því ég man ekki eftir að nein sameining hafi gengið jafn vel og þarna. Þar er auðvitað fyrst og fremst að þakka þeirri aðferðafræði sem

beitt var en einnig mjög góðu samstarfi trúnaðarmanna, félagsins og stjórnenda.


IHG




Fulltrúar SFR og trúnaðarmenn frá ríkisskattstjóra leggja lokahönd á stofnanasamning þann 11. nóvember 2011. Frá vinstri: Páll Steinþórsson, Árni Stefán Jónsson, Kristín Guðjónsdóttir, Guðrún H. Sveinsdóttir og Ingibjörg Þóra Arnarsdóttir.

Mikil ánægja með netframtalið

Sú nýbreytni var tekin upp á árinu að framteljendum var boðið að segja skoðun sína á netframtalinu eftir að þeir höfðu fyllt það út og skilað. Unnið var úr þeim 27.953 svörum sem bárust og mynda þau gott innlegg í þróun hins rafræna framtals. Framtalið hefur verið einfaldað til muna og verða svörin nýtt til að bæta þjónustu við framteljendur enn frekar.





Ánægjulegt er að yfir 90% svarenda töldu netframfalið vera mjög eða frekar einfalt, en einungis innan við 4% þótti það flókið. Framfalið er í sífelldri þróun og stefnt er að því að einfalda það enn frekar svo réttar upplýsingar liggi þegar fyrir við framtalskil og landsmenn þurfi sem minnst að gera sjálfir. Auk þess að merkja við hversu einfalt eða flókið framteljanda þótti að fylla framtalið út var boðið upp á að skrá ábendingar eða athugasemdir í textasvæði. Mikill meirihluti þeirra sem létu álit sitt í ljós gerðu engar athugasemdir við framtalið eða gáfu jákvæða umsögn um það. Því er ljóst að þróun framtalsins er á réttri leið og þjónar hagsmunum meginþorra landsmanna. Aðrar athugasemdir féllu í nokkra flokka.

Betri aðgangur að aðstoð meðan á útfyllingu framtals stendur

Mikið álag getur myndast á þá starfsmenn sem vinna við framtalsaðstoð í síma hverju sinni og því getur orðið nokkur bið eftir hjálpinni. Hugmyndir komu fram um að virkja netspjall í framtalsfresti í meira mæli en ella þar sem margir viðskiptavinir hafa tileinkað sér þann samskiptamáta með góðum árangri.

Framtal á fleiri tungumálum

Viðmót netframtalsins er á íslensku og einungis eru aðgengilegar upplýsingar á ensku um takmarkaðan hluta þess. Nokkrar athugasemdir lutu að því að óska eftir viðmóti á ensku til að auðvelda erlendum ríkisborgurum útfyllingu fram-

talsins. Einnig komu fram hugmyndir um að hafa viðmót á pólsku, en talsverður fjöldi Pólverja skilar framtali á Íslandi.

Vandamál við útprentun

Einhver vandamál höfðu komið upp hjá hluta þeirra sem vildu prenta framtal sitt út og geyma á pappír. Athugasemdir lutu helst að því að ekki væri hægt að prenta út með einni skipun öll eyðublöð sem notuð voru heldur þyrfti að prenta hvert þeirra fyrir sig. Einnig var bent á að útlit útprentunar hafi ekki verið nægilega gott né passað á A4 blöð.

Áminningar um framtalskil

Þrátt fyrir að talsvert sé lagt í að auglýsa opnun framtals og framtalsfresti í fjölmiðlum virðast þær áminningar fara framhjá mörgum framteljendum sem kalla eftir því að ríkisskattstjóri nýti upplýsingar um tölvupóstföng og símanúmer til að minna tímanlega á framtalsskilin.

Útfylling hlutabréfablaðs RSK 3.19

Hlutabréfablaðið RSK 3.19 vafðist fyrir hluta framteljenda sem lögðu til að það yrði einfaldað, ekki síst vegna félaga sem höfðu skipt um kennitölur eða orðið verðlaus.

Leiðbeiningar o.fl.

Margar hugmyndir komu fram um hvernig bæta mætti leiðbeiningar um útfyllingu framtalsins. Má þar nefna að óskað var eftir að dæmi um útfyllingu fylgdu skýringum með hverjum reit. Orðalag þótti í einhverjum tilvikum ekki nægilega skýrt eða jafnvel of sérhæft.

Sumum fannst hnappur til að senda framtalið inn þegar útfyllingu og yfirferð þess var lokið ekki nægilega auðfundinn. Einnig komu fram fjölmargar ábendingar um breyttar útfærslur, reiknivélar, aðgengi að upplýsingum og fleira sem allt verður skoðað og bætt úr ef unnt er og þurfa þykir.

Svar	Fjöldi	%	Engar athugasemdir	%
Mjög einfalt	16.585	59,3	12.870	77,6
Frekar einfalt	8.714	31,2	6.490	74,5
Hvorki einfalt né flókið	1.526	5,5	1.050	68,8
Frekar flókið	709	2,5	360	50,8
Mjög flókið	287	1,0	130	45,3
Veit ekki/vil ekki svara	132	0,5	110	83,3
	27.953	100	21.010	75,2



Svo lengi lærir sem lifir



Elín Alma Arthursdóttir
er viðskiptafræðingur og hefur unnið
við skattframkvæmd í rúma þrjá
áratugi. Hún er sviðsstjóri fagsviðs
hjá ríkisskattstjóra.

Hjá ríkisskattstjóra starfa um 250 starfsmenn við margvísleg störf. Störfin eiga það sammerkt að fela í sér annars vegar þjónustu í víðtækum skilningi og hins vegar eftirlit. Starfsmenn hafa sett sér þau gildi að taka á verkefnum sínum af fagmennsku, jákvæðni og með samvinnu. Það sem m.a. þarf til að ná þessu er öflug upplýsingagjöf, samráð og fræðsla. Þótt vissulega sé gott að sækja námskeið og fundi utanhúss er afar nauðsynlegt að fram fari fræðslustarf innanhúss, enda eru verkefnin sérhæfð og margbreytileg. Eitt af þeim verkefnum sem tilheyra fagsviði er að „draga vagninn“ í þessum efnum.

Fræðsluáætlun vetrarins

Á innri vef ríkisskattstjóra hefur nú verið birt fræðsluáætlun fyrir veturinn 2013-2014. Kennir þar margra grasa. Á döfinni eru margir stuttir fræðslufundir, samráðsfundir um hin ýmsu verkefni og lengri námskeið. Fræðslan fer bæði fram á starfsstöðinni á Laugavegi í Reykjavík þar sem er vel búin kennslustofa með fjarfundarbúnaði, en einnig á fleiri starfsstöðvum um allt land. Fjarfundarbúnaður hefur sýnt að hann gegnir mjög mikilvægu hlutverki í sameinuðu embætti ríkisskattstjóra og skattstofa, og í raun reynst grundvallarþáttur í stjórnun og upplýsingagjöf hjá embætti sem telur nú starfsstöðvar. Margir starfsmenn leggja hönd á plóginn í þessum efnum og hafa tekið að sér umsjón með fræðslu- og samráðsfundum í vetur, enda búa starfsmenn yfir mikilli og víðtækri reynslu, hver á sínu sviði.

Eins og fram er komið fer fræðslan ekki einungis fram í Reykjavík heldur einnig

á öðrum starfsstöðvum. Nú í upphafi vetrarstarfsins hefur t.d. þegar verið farið á Ísafjörð, Hellu og Akureyri, annars vegar með fræðslu um yfirferð og regluprófun á lögaðilaframtölum og hins vegar um rafræn skil á staðgreiðslu og virðisaukaskatti. Þá var í fyrri hluta október haldinn á Egilsstöðum samráðsfundur allra þeirra starfsmanna sem hafa með höndum handreikning skattframtala. Handreiknuð skattframtöl eru m.a. framtöl þeirra sem starfa að hluta til utanlands, eða fá t.d. lífeyrisgreiðslur erlendis frá og námsmanna erlendis sem hafa skattalega heimilisfesti hér á landi.

Í lok september í ár voru haldin tvö námskeið fyrir þá starfsmenn sem tekið hafa að sér að sjá um fræðslu í vetur. Auk þess sóttu þessi námskeið nokkrir aðrir starfsmenn sem auðvitað er fyrirhugað að bera víurnar í síðar. Annars vegar var haldið mjög gott námskeið um gerð á kennsluglærum (Power Point). Var það

í höndum sviðsstjóra skipulagssviðs. Er skemmst frá því að segja að sviðsstjóranum knáa tókst að heilla tilvonandi leiðbeinendur upp úr skónum. Komu skýrt fram töfrarnir sem hægt er að ná fram með nútímataekni. Engin takmörk virðast vera á því sem hægt er að gera í þessum efnum bara ef hugmyndaflugið er til staðar. Verður gaman að fylgjast með því hvernig þátttakendur munu nýta sér þessa þekkingu. Þá var haldið námskeið um kennslutækni og bar þar margt á góma. Námskeiðið var haldið í samstarfi við Starfsmennt og var í höndum Sigrúnar Jóhannesdóttur sem starfar hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Þá var einnig í september haldinn gagnlegur fræðslufundur í umsjón sviðsstjóra alþjóðamála um upplýsingaöflun erlendis frá.

Á döfinni

Á næstunni verða haldin grunn- og upp-
rífjunartölvunámskeið í notkun á Word og Excel og síðar í vetur er meiningin að bæta við framhaldsnámskeiði í Excel. Auk þessa eru á döfinni margs konar fræðslu- og samráðsfundir. Má þar t.d. nefna yfirferð á málsmeðferðarreglum varðandi virðisaukaskatt og ýmsa grunnþætti virðisaukaskatts en sá hluti er einkum ætlaður nýjum starfsmönnum í þjónustuveri. Þessa dagana er verið að ganga frá ráðningu nýrra starfsmanna á Akureyri og Siglufirði í þjónustuver sem starfrækt er norðan heiða en þjónar öllu landinu. Mun hluta af fræðslustarfi á næstunni verða beint að þessum nýju starfsmönnum. Auk þess verður síðar í vetur fjallað um þær reglur sem gilda um frjálsa og sérstaka skráningu á virðisaukaskattsskrá.

Telja má upp ýmsa viðburði sem verða á dagskrá á næstu mánuðum, þótt ekki verði sú upptalning tæmandi. Til dæmis verður fjallað um vaxtabætur og samhliða gefnar út nýjar verklagsreglur um þennan þátt í skattframkvæmdinni. Þá verður fjallað um verkefni og gagnaöflun hjá fyrirtækjaskrá og alþjóðlega reikningsskilastaðla, auk nýrra reglna um kynjahlutföll í stjórnnum félaga. Samráðsfundir verða um nýjar reglur um rafrænt bókhald, um reglur sem gilda um samsköttun félaga, um ívilnanir hjá einstaklingum og um

fjármagnstekjuskatt bæði almennt og framkvæmdina. Í kjölfar allra þessara samráðsfunda verða gerðar verklagsreglur eða þær sem fyrir eru endurskoðaðar.

Fræðslufundir verða um almenna skattskyldu og um skattskyldar tekjur, auk þess sem fjallað verður um skattlagningu á tekjum listamanna og launum þeirra

Allt er breytingum háð

Hér hafa verið rakin dæmi um fræðslu- og samráðsfundi sem fyrirhugaðir eru á komandi vetri. Að þessu starfi koma fjölmargir, bæði sem leiðbeinendur og þátttakendur. Auk þessa sem þegar hefur verið áformað má gera ráð fyrir sérstökum tilfallandi fræðslufundum um það sem nýjast er eða

”

Á döfinni eru margir stuttir fræðslufundir, samráðsfundir um hin ýmsu verkefni og lengri námskeið. Fræðslan fer bæði fram á starfsstöðinni á Laugavegi í Reykjavík þar sem er vel búin kennslustofa með fjarfundarbúnaði, en einnig á fleiri starfsstöðvum um allt land

sem eru búsettir erlendis. Fyrirhugað er að fjalla um ýmis atriði sem tengjast breytingu á skattalegri stöðu t.d. við brottflutning eða komu til landsins, við andlát og við gjaldprot eða breytingar á rekstrarformi þeirra sem stunda atvinnurekstur. Þá verður fjallað um arðgreiðslur út frá ýmsum sjónarhornum og skattlagningu slíkra tekna, og ýmislegt sem tengist óskattskyldum lögaðilum. Ýmsir frádráttarliðir í skattframtölum einstaklinga verða á dagskrá, s.s. frádráttur á móti dagpeningum, ökutækjastyrkjum og almennum styrkjum. Jafnframt verður fjallað um frádráttarliði í skattframtölum rekstraraðila, s.s. um rekstrarkostnað og þær reglur sem gilda um tapaðar kröfur.

er á döfinni hverju sinni, t.d. í kjölfar laga-
breytinga. Er þannig ekki allt fyrirjáanlegt og oft þarf að bregðast við með stuttum fyrirvara. Oftast eru líka gerðar einhverjar breytingar á skattframtölum á milli ára, bæði vegna þess að lög og reglur breytast, en einnig til að hagræða og einfalda eins og kostur er. Um þetta þarf að fjalla sérstaklega á hverju ári.

Einhvers staðar stendur að lærdómur sé fjársjóður sem fylgi eiganda sínum hvert sem hann fer. Í nútímaþjóðfélagi er hægt að afla sér lærdóms með miklu fjölbreyttari hætti en áður var, en endurmenntun eða símenntun gegna einnig lykilhlutverki.



Jóhannes Jónsson sviðsstjóri skipulagssviðs leiðbeindi þátttakendum um undraheima PowerPoint og fór yfir þá þætti í glærugerð sem mikilvægastir eru fyrir námskeiðshaldara.



Ríkisskattstjórar Norðurlandanna 2013

Ríkisskattstjórafundur Norðurlandanna 2013 var haldinn dagana 12. – 14. júní sl. Að þessu sinni var komið að Svíum að bjóða heim og fóru fundarhöld fram í Häckbergahöll á Skáni. Frá RSK sóttu fundinn Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri og Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri. Nokkrar breytingar hafa orðið í hópi ríkisskattstjóra. Danir hafa fengið nýjan ríkisskattstjóra, Jesper

Rønnow Simonsen og sömuleiðis hefur Pekka Ruuhonen verið skipaður nýr ríkisskattstjóri í Finnlandi.

Af hálfu Norðmanna sátu fundinn bæði fráfaramandi ríkisskattstjóri Svein Ragnar Kristensen og verðandi ríkisskattstjóri, Hans Christian Holte. Þá var nýr vararíkisskattstjóri Svíþjóðar kynntur, Helena Dyrssen. Á fundum norrænna ríkisskattstjóra sem haldnir

eru árlega er annars vegar fjallað um það sem á daga skattyfirvalda á Norðurlöndum hefur helst drifið og hins vegar helstu sameiginleg verkefni og stefnu-mótun til framtíðar.

Þá er einnig fjallað um áherslur skattyfirvalda og rekstrarlega þætti auk samráðs um einstök atriði. Síðast komu norrænir ríkisskattstjórar saman á Íslandi 2012.



Á fundinum í Svíþjóð var tekin staðan á verkefnum sem heyra undir Nordisk Agenda, en á þeim vettvangi starfa samnorrænir vinnuhópar, sem hafa með hendi sameiginlega framkvæmd, s.s. Nordisk eTax, og gerð upplýsinga-samninga við ýmis lönd. Þá er einnig lögð áhersla á gagnkvæma miðlun þekkingar og reynslu, einkum á sviði skatteftirlits og yfirferðar skattframtala



Efri mynd: Egil Martinsen, Hans Christian Holte, Öivind Strömme, Svein Ragnar Kristensen, Ann-Sofi Johansson og Juha Lindgren.

Neðri mynd: Ann-Sofi Johansson, Juha Lindgren, Pekka Ruuhonen, Hannaleena Kuula, Inga-Lill Askersjö, Helena Dyrssen, Ingimar Hansson og Suzanne Lindblom.

Stór mynd: Skúli Eggert Þórðarson, Svein Ragnar Kristensen, Inga-Lill Askersjö, Egil Martinsen, Ingimar Hansson, Hans Christian Holte, Öivind Strömme, Erling Andersen, Pekka Ruuhonen, Ann-Sofi Johansson, Juha Lindgren, Suzanne Lindblom, Hannaleena Kuula, Ingvar J. Rögnvaldsson, Steffen Norman Hansen og Helena Dyrssen.

milli landa, s.s. þegar milliverðlagning á í hlut.

Fundarmenn ræddu um framhald á norrænu samstarfi og samstarfssamninga skattýfirvalda um samskipti við lögaðila, sem og þróun rafrænna samskiptaleiða í störfum skattýfirvalda. Þá var ítarlega fjallað um hina bandarísku FACTA-löggjöf (Foreign Accounts Tax Compliance Act), en löggjöfin lýtur

að upplýsingaskyldu vegna erlendra reikninga í eigu bandarískra aðila.

Loks fjallaði Torstein Fensby frá Norrænu ráðherranefndinni um norrænt samstarf gegn ríkjum þaðan sem erfiðlega hefur gengið að ná upplýsingum.

IJR/HVS/SEP

Fundur norrænna skattyfirvalda og bærra stjórnvalda í Panama

Í byrjun júlí var haldinn sameiginlegur fundur norrænna skattyfirvalda og skattyfirvalda í Panama. Tilgangur fundarins var að fara yfir ákvæði upplýsingaskiptasamninga sem í gildi eru á milli ríkjanna, fræðast um skattkerfið í Panama og kynna starf norræna vinnuhópsins um skattundanskot (NAIS). Fundurinn var haldinn í Stokkhólmi og var mjög fróðlegur.

Fram kom hjá fulltrúum Panama að nýlega hefðu verið gerðar lagabreytingar sem ættu að stuðla að því að festa í sessi sjálfstæði skattyfirvalda. Þannig ættu stjórnarskipti nú ekki að hafa í för með sér að æðstu stjórnendur skattyfirvalda þyrftu að hætta. Þessar breytingar ættu að leiða til þess að starfsfólk með reynslu hyrfi ekki úr starfi og þar með ætti að vera hægt að sinna upplýsingaskiptum af meiri alvöru. Þá kom fram hjá fulltrúum Panama að stjórnmalamenn þar í landi væru undir miklum þrýstingi frá lögmönnum og endurskoðendum um að láta ekki undan alþjóðlegum



Á myndinni eru fulltrúar ríkisskattstjóraembætta Norðurlandanna og skattyfirvalda í Panama.

þrýstingi og veita frekari heimildir fyrir upplýsingagjöf. Tíminn mun þó leiða í ljós hver niðurstaðan verður.

Á fundinum var farið yfir hvernig norræn skattyfirvöld nálgast upplýsingaskipti á milli landa og hvaða

heimildir norræn skattyfirvöld hafa til að afla upplýsinga frá aðilum sem eru búsettir eða staðsettir á Norðurlöndunum. Þá var norrænt samstarf á sviði skattamála kynnt ásamt því að farið var yfir raunhæf dæmi um upplýsingaskipti.

Árlegur fundur norrænna skattembættismanna

Að þessu sinni var árlegur fundur norrænna skattembættismanna haldinn í Finnlandi. Eins og áður hefur komið fram í Tíund er á þessum fundum farið yfir ýmis vandamál sem upp hafa komið við túlkun og beitingu á norræna tvísköttunarsamningnum, þá er ný löggjöf kynnt og nýjasta dóma- og úrskurðarframkvæmd á þessu sviði reifuð. Fulltrúar fjármála-, efnahags- og skattaráðuneytanna sitja fundina ásamt embættismönnum frá ríkisskattstjóraembættunum.

Á fundinum í ágúst sl. var m.a. rætt um þá vinnu sem fram fer innan Evrópusambandsins (CCCTB – samræmdur tekjuskattstofn lögaðila). Finnar eiga fulltrúa í þessum evrópska vinnuhópi. Fram kom í máli þeirra að vinnan gengi

mjög hægt og að samstaða væri alls ekki á milli aðildarríkja Evrópusambandsins um hverjar áherslurnar eigi að vera. Þá var rætt um nýja sparnaðartilskipun sem Evrópusambandið hefur í hyggju að lög-festa. Skriður komst á þá vinnu eftir að Lúxemborg og Austurríki létu af andstöðu sinni og kváðust reiðubúin til að skiptast á upplýsingum hvað þær tekjur varðar sem núgildandi tilskipun tekur til.

Talsverðum tíma var varið í að ræða um svokallaða BEPS (Base Erosion Profit Shifting) vinnu sem er að fara af stað hjá OECD, en nú liggur fyrir að innan vébanda OECD mun fjöldi starfshópa leggja til aðgerðaráætlun til að sporna við rýrnun og tilflutningi skattstofna. Svíar hafa tilkynnt þátttöku sína í flestum þessara vinnuhópa. Þá munu

ríkisskattstjóraembætti Norðurlandanna eiga samstarf á þessu sviði.

Fulltrúar ríkjanna gerðu grein fyrir því hversu langt þau væru komin í gerð svokallaðs FATCA samnings við bandarísk skattyfirvöld. FATCA samningur kveður á um upplýsingagjöf frá fjármálafyrirtækjum um inneignir og tekjur bandarískra skattaðila til skattyfirvalda sem miðla svo upplýsingunum áfram til Bandaríkjanna. Fram kom á fundinum að Danmörk og Noregur hafa undirritað samninga og hafa hafið undirbúning að lagabreytingum. Önnur ríki eru skemmra á veg komin.

Íslenskir fulltrúar á fundinum óskuðu eftir upplýsingum frá öðrum Norðurlöndum um það hvort tiltekin hugtök eins og föst starfsstöð og réttur

eigandi (beneficial owner) séu til skilgreind í skattalögum. Upplýst var að úrskurða- og dómaframkvæmd réði túlkun á hugtökunum en ekki sérstakar lagalegar skilgreiningar. Höfð væri hliðsjón af OECD leiðbeiningum og tvísköttunarsamningum.

Fulltrúar Noregs vörpuðu þeirri spurningu fram hvort ekki væri ástæða til að fara í samningaviðræður um nýjan tvísköttunarsamning á milli Norðurlandanna. Staðan í dag væri sú að búið væri að gera tvo viðauka við samninginn þar sem breytingarnar hefðu ekki verið felldar inn í meginmál hans og það gerði skattaðilum oft á tíðum erfitt fyrir að átta sig á efni hans. Þá ættu Norðurlöndin að vera framarlega á því sviði að endurnýja ákvæði samningsins, m.a. með hliðsjón af þeim breytingum

sem gerðar hafa verið á tvísköttunarsamningsfyrirmynd OECD. Fulltrúar Íslands tóku undir þessi sjónarmið en aðrir fundargestir töldu ekki brýna þörf á endurskoðun og þá var einnig bent á að BEPS vinnan hjá OECD, sem minnst var á hér að framan, yrði að öllum líkindum mjög tímafrek.

Danir gerðu grein fyrir nokkrum álitaefnum sem upp hafa komið þar í landi og lúta að útleigu á vinnuafli og heimilisfestarreglum, og þá var upplýst að sérreglur um þá sem starfa erlendis hefðu verið lögfestar aftur vegna mikils þrýstings frá atvinnulífinu. Í þessu sambandi vöktu Íslendingarnir athygli á að nú væru í gildi í íslenskum lögum svipaðar reglur sem þó ættu að hafa takmarkaðan gildistíma. Lítil reynsla væri komin á beitingu þeirra hér á landi.

Þá kynntu fulltrúar Finnlands gríðarstórar framkvæmdir sem fólust í byggingu kjarnorkuvers og hvernig samstarfi ýmissa opinberra stofnana þ. á m. skattyfirvalda var háttað vegna framkvæmdanna. Framkvæmdirnar hófust 2005 og áætlað er að þeim ljúki 2016. Þegar flestir starfsmenn voru á staðnum þá töldu þeir 4.700 og yfir 2000 lögaðilar hafa komið að verkinu. Strax frá upphafi var lögð áhersla á að kynna finnskar skattareglur og koma bæði launþegum og verktökum í skilning um hvaða skattalegu skyldur hvíldu á þeim. Sett var á fót sérstök eining innan skatterfisins sem fór á vettvang og ræddi við launþega og verktaka. Þetta hefði tekið vel þó svo að einhverjir hefðu ekki viljað standa skil á þeim skatti sem þeir áttu að greiða.

Vinnuhópur um upplýsingaskipti um fjármálaafurðir

Í byrjun september bauð RSK fulltrúum Danmerkur, Svíþjóðar, Finnlands og Noregs til fundar. Tílefnið var vinnufundur hjá starfshópi innan Nordisk Agenda sem hefur það verkefni að taka saman upplýsingar um viðskipti skattaðila, sem búsettir eru í öðrum Norðurlöndum, með fjármálagerninga. Umræddar upplýsingar eru svo sendar til heimilisfestaríkis viðkomandi skattaðila. Á fundinum var farið yfir helstu

lagabreytingar sem gerðar hafa verið á skattlagningu fjármálagerninga og fjármagnstekna frá því í janúar 2013. Farið var yfir þær upplýsingar sem ríkin höfðu skipst á vegna tekjuáranna 2011 og 2012 og voru allir fulltrúar á því að upplýsingaskiptin hefðu þýðingu. Í ljós kom t.d. að allir þeir skattaðilar sem Ísland fékk upplýsingar um höfðu ekki talið umrædd viðskipti fram á skattframtölum sínum. Fulltrúar Finnlands greindu frá því að

upplýsingarnar sem þeir hefðu tekið við hefðu leitt til þess að ákveðið hefði verið að fara í sérstakt eftirlitsátak.

Þá var vinna annarra hópa innan Nordisk Agenda rædd og þá sérstaklega væntanlegs FATCA hóps og hópsins sem vinnur að því að auðvelda regluleg upplýsingaskipti á milli ríkjanna. Ljóst er að vinna þessara þriggja hópa skarast eitthvað en sérhæfing er þó töluverð.

GJJ

Frá fundi í norrænum vinnuhópi um upplýsingaskipti á fjármálagerningum. Frá vinstri: Kjell-Áke Jakobsson frá Svíþjóð, Gunn-Heide Tannum frá Noregi, Peter Rendsberg og Jetta Zester frá Danmörku, Michael Östmann og Matti Merisalo frá Finnlandi, Guðrún Ásta Sigurðardóttir og Guðrún Jenný Jónsdóttir frá Íslandi, Anni Overby frá Danmörku og Svein Olav Godager, Leif Martin Sande, Arne Austdal og Halvor Haga frá Noregi.



Skattframkvæmd fyrr á árum

- Sjötti hluti -

Verklagsreglur ríkisskattstjóra

Guðmundur B. Guðbjarnason

er viðskiptafræðingur sem starfaði hjá skattyfirvöldum í röska fjóra áratugi. Hann gegndi þýðingarmiklu hlutverki við að hrinda skattabreytingum árið 1980 í framkvæmd. Eftir það var Guðmundur skattrannsóknarstjóri í rúm sex ár og síðar forstöðumaður ársreikningaskrár ríkisskattstjóra.



Embætti ríkisskattstjóra var sett á stofn með nýjum heildarlögum nr. 70/1962, um tekjuskatt og eignarskatt, sem samþykkt voru 28. apríl 1962. Embættið tók til starfa við gildistöku laganna 1. október 1962. Sigurbjörn Þorbjörnsson var skipaður ríkisskattstjóri í maí sama ár, og hafði það hlutverk samkvæmt bráðabirgðaákvæði laganna að vera ríkisstjórninni til aðstoðar í skattamálum uns lögin höfðu tekið gildi að öllu leyti. Hóf ríkisskattstjóri strax eftir skipun sína að undirbúa álagningu ársins 1963, m.a með samningu leiðbeininga og verklagsreglna.

Embætti ríkisskattstjóra tók við stjórn-sýsluverkefnum ríkisskattanefndar en í þeim verkefnum fólst m.a. umsjón með 214 þriggja manna skattanefndum í hreppum landsins, og 10 skattstjórum sem staðsettir voru í stærstu kaupstöðunum og lögðu á skatta til ríkisins, auk 23 þriggja manna yfirskaðanefnda sem voru skipaðar í hverju lögsagnarumdæmi. Á sama tíma voru sjálfstætt starfandi 224 niðurjöfnunarnefndir á vegum sveitarfélaganna sem lögðu á útsvar, og störfuðu þær áfram samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga en fengu nýtt nafn, framtalsnefndir. Samkvæmt nýju lögum voru nú skipaðir níu skattstjórar í níu skattumdæmum í stað skattanefnda, skattstjóra og yfirskaðanefnda sem voru lagðar niður. Þá voru skipaðir 215 svokallaðir umboðsmenn skattstjóra í öllum hreppum landsins og þeim kaupstöðum þar sem ekki var aðsetur skattstjóra. Með lögum nr. 6/1935 hafði verið komið á fót

þriggja manna ríkisskattanefnd og tiltekið var að einn nefndarmaður skyldi hafa þekkingu á landbúnaði og annar þekkingu á sjávarútvegi og viðskiptum. Giltu þessi ákvæði allt til þess að ríkisskattanefnd var endurskipulögð með fyrrnefndum lögum frá 1962. Með lögum nr. 30/1992 var nefndin enn á ný endurskipulögð og nafni hennar breytt í yfirskaðanefnd.

Verksvið ríkisskattstjóra

Hlutverk ríkisskattstjóra var skilgreint í 42. gr. laganna. Meðal annars skyldi hann hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um að sem best samræmi væri í skattákvörðunum hvarvetna á landinu. Hann skyldi leiðbeina skattstjórum um allt er að skattákvörðun og skattframtali lyti, m.a. með því að senda þeim jafnharðan eftirrit af úrskurðum ríkisskattanefndar sem almennt gildi hefðu.

Samskipti við skattstjóra voru ætíð frumþáttur í hlutverki ríkisskattstjóra og jafnframt höfuðverkur embættisins, enda réðu skattstjórar ríkjum hver í sínu umdæmi og settu starfsmönnum sínum eigin starfsreglur, m.a. við yfirferð skattframtala. Ríkisskattstjóri hafði á þessum tíma ekki heimild til að leggja á eða breyta álögðum sköttum eða gjöldum sem skattstjórar höfðu ákvarðað og varð hann því að vísa beiðni um slíka ákvörðun til ríkisskattanefndar. Hann var reyndar formaður nefndarinnar en ásamt honum voru skipaðir til sex ára tveir menn auk tveggja varamanna. Í lögum var einnig sú nýlunda að skipa átti í embætti vara-

ríkisskattstjóra sem starfaði við hlið ríkisskattstjóra og tók sjálfkrafa við eða gegndi starfsskyldum hans í forföllum. Í konunglegri tilskipun sem gefin var út 30. nóvember 1921 um skipun skattstjóra í Reykjavík í stað skattanefndar var einnig skipaður varaskattstjóri sem átti að gegna störfum skattstjóra í forföllum hans, sbr. skipun varamanna í skattanefndir og yfirskaðanefndir.

Breytingar á verksviði

Með lögum nr. 7/1972, um breyting á lögum nr. 68/1971, voru sett ítarlegri ákvæði um verksvið ríkisskattstjóra gagnvart skattstjórum. Til viðbótar fyrri ákvæðum um eftirlit með störfum skattstjóra og leiðbeiningum um allt er að skattákvörðun og skattframtali lyti, skyldi hann setja þeim starfsreglur og verklagsreglur og kynna þeim dóma og úrskurði sem þýðingu hefðu. Ákvæðið var síðan umorðað með lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, þannig að ríkisskattstjóri skyldi setja skattstjórum

TÍUND 19



Guðmundur hélt á starfsárum sínum fjölmargra fyrirlestra og kenndi á starfsfræðslunámskeiðum um margra ára skeið.

Samræmi er á milli efnahags gjaldþegns í árs-byrjun og árslok, samkvæmt framtölunum, miðað við framtaldar hreinar tekjur eða tap og sennilega eigin eyðslu. Er sá samanburður oft bezt leiðarvísir skattanefnda hvort tekjur eru rétt framtaldar.“ Síðan eru settar fram ítarlegar leiðbeiningar um hvernig reikna skuli út eigin eyðslu skattþegns, m.ö.o. lífeyrisútreikningur, sem var ríkjandi þáttur í endurskoðun framtala þegar greinarhöfundur starfaði við hana fyrir á árum. Þessi endurskoðunarþáttur féll að mestu leyti niður með tilkomu verðtryggingar lána og fjármunaeigna þar sem reiknuð árleg hækkun þessara stofna var ekki sérgreind á framtali og skekkti því þennan útreikning.

Verklagsreglur nýs embættis ríkisskattstjóra

Eitt fyrsta verk ríkisskattstjóra var að semja nýjar verklags- og starfsreglur fyrir skattstjóra og starfsmenn þeirra sem komu í stað ítarlegra ákvæða í reglugerðum fyrri ára um tekjuskatt og eignarskatt eins og fyrir er sagt. Árlega var gefið út fjölfaldað hefti sem bar heitið „Ýmsar starfsreglur og leiðbeiningar viðkomandi endurskoðun skattframtala árið 19xx“. Heftið var með fylgiskjöllum allt að 76 blaðsíður með allítarlegum texta. Þetta var nánast kennslubók í skattframkvæmd. Túlkanir

og útlistanir á því hvernig fara ætti með fjárhæðir á skattframtalinu, hvenær og hvernig haga ætti breytingu fjárhæða á

”

Frágangur framtala miðaðist þannig við að þau yrðu tæk til tölvuskráningar og álagningar ásamt vélrænni skoðun samkvæmt ábendinga-skrám síðar meir

framtali og áskorunum til gjaldenda og tilkynningum til þeirra um málalýktir. Auk þess voru árlega gefnar út og birtar, m.a. í dagblöðum, „Leiðbeiningar við útfyllingu skattframtals árið 19xx“, sem ætlaðar voru almenningi til að auðvelda útfyllingu skattframtals.

Eins og fyrr greinir voru „Ýmsar starfsreglur“ gefnar út árlega en þeim breytt, fellt út það sem ekki átti lengur við, eða bætt við nýjum atriðum eftir því sem lögin breyttust eða túlkanir á einstökum atriðum tóku breytingum. Gefnar voru út viðbætur og breytingar eftir árlega útgáfu þeirra vegna síðbúinna skattalagabreytinga eða vegna úrskurða ríkisskattanefndar eða nýrra verklagsreglna.

Útgáfa „Ýmissa starfsreglna“ var með mjög ítarlegum og nákvæmum útlistunum og þess vegna tiltölulega handhægt að fletta upp í heftinu til að leita að úrlausn tiltekinna mála eða atriða á skattframtali. Útgáfan uppfyllti það skilyrði góðrar handbókar að fjalla um skattframkvæmd hvers árs. Á hinn bóginn kom ekki nægjanlega skýrt fram í hverri útgáfu hvaða atriði breyttust milli ára, hverju var bætt inn í og hverju var sleppt, og hvenær væri um breytta skattframkvæmd að ræða.

Starfsreglur þessar og leiðbeiningar voru fyrst og fremst ætlaðar til notkunar við endurskoðun á skattframtölum þeirra manna sem voru heimilisfastir allt viðkomandi skattár. Þáttum sem vörðuðu atvinnurekstur var sleppt að mestu leyti, svo og um endurskoðun á skattframtölum félaga. Nauðsynlegt fylgirit með „Ýmsum starfsreglum“ fyrir starfsmenn voru „Leiðbeiningar við útfyllingu skattframtals“ viðkomandi skattárs.

Undirbúningur nýrra starfs- og verklagsreglna 1980

Við álagningavinnuna 1980 komu eldri starfsreglur að takmörkuðu gagni, svo mjög höfðu skattalögin og framkvæmd þeirra breyst, svo og uppbygging skattframtala. Voru framangreindar „Ýmsar starfsreglur“ því ekki endurútgefnar. Semja varð starfs- og verklagsreglur upp á nýtt um einstök framkvæmdaatriði og senda þær skattstjórum í formi bréfa eftir því sem verkinu miðaði áfram. Fór sú vinna fram samhliða annarri vinnu við undirbúning á framkvæmd laganna sem lýst hefur verið í öðrum greinum þessa greinaflokks í Tíund.

Ítarlegar leiðbeiningar um útfyllingu framtals 1980 höfðu verið samdar og gefnar út fyrir almenning til að auðvelda framtalsgerðina. Þessar leiðbeiningar

komu einnig starfsmönnum skattstjóra að góðum notum. En semja varð upp á nýtt margvísleg fyrirmæli um aðra þætti varðandi framgang skattálagningar. Skattstjórum voru sendar nýjar starfs- og verklagsreglur, dags. 13. mars 1980, „Um skoðun framtala einstaklinga 1980“, sem voru 24 blaðsíður. Í reglunum voru sett fram fyrirmæli um álagningarskoðun, þ.e. að framtöl skyldu í samræmi við 95. gr. laganna vera lögð nánast óbreytt til grundvallar álagningu, eða með lágmarksbreytingum til álagningar með tákntölumerkingum fjárhæða í ótölumerktum reitum og fjölskyldumerkingu til ákvörðunar persónuafsláttar. Frágangur framtala miðaðist þannig við að þau yrðu tæk til tölvuskráningar og álagningar ásamt vélrænni skoðun samkvæmt ábendingaskrár síðar meir. Þá voru í reglunum fyrirmæli um skoðun einstakra kafla og reita innan kaflanna er snéru að sannpröfun á fjárhæðum í þeim köflum og reitum.

Með bréfi dagsettu 27. mars 1980 voru verklagsreglurnar um fyrirkomulag tölvuskráningar skattframtala manna sendar skattstjórum. Síðan fylgdu aðrar reglur í kjölfarið þann 13. júní, þ.e. „Starfsreglur og leiðbeiningar varðandi skattalega meðferð tekna sem geta fallið undir B-lið eða 1.-2. tl. C-liðar 7. gr. laga nr. 40/1978“. Í reglum þessum var fjallað um aðgreiningu á tekjum af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi sem teljast til B-tekna, og annarra tekna, s.s. leigutekna og arðs af hvers konar lausafé, eða arð, landsskuld og leigu eftir hvers konar fasteignir og fasteignaréttindi, skv. 1 og 2. tölul. C-liðar 7. gr. skattalaga, án þess að teljast vera B-tekjur. Þann 18. júní voru síðan sendar verklagsreglur um „Skoðun aðstöðugjaldsgreinargerðar og undirbúning hennar undir tölvuskráningu.“ Í reglum þessum eru settar fram leiðbeiningar og skýringar á því hvernig skuli yfirfara aðstöðugjaldsgreinargerðina sem atvinnurekendur áttu að fylla út og láta fylgja með framtali sínu. En þetta var í fyrsta sinn sem atvinnurekendur lögðu fram sérstakt framtal til álagningar aðstöðugjalds. Áður höfðu skattstjórar reiknað gjaldið út frá ársreikningi eða skattframtali atvinnurekstrarins. Þá voru sendar þann 7. júlí til skattstjóra

verklagsreglur „Um frágang skattframtala lögaðila 1980“. Í reglunum voru fyrirmæli um hvernig skuli skrá hreina eign í stað samtölu eigna og skulda, svo og hreinar tekjur án frádráttar varasjóðs-tillags, sem var skráð sérstaklega, í stað samtölu tekna og frádráttar. Sérstaklega voru skráðar fjárhæðir viðbótarfyrningar á móti heildartekjufærslu samkvæmt verðbreytingarfærslu 53. gr. laganna.

Ríkisskattstjóri hélt fund með skattstjórum 8. október 1980 og lagði þar fram til umræðu minnispunkta fyrir endurskoðun framtala og framtalsgagna. Í framhaldi af þeim fundi var skattstjórum sent bréf um ýmis atriði sem tekin höfðu verið saman og byggðust á „Minnispunktum fyrir endurskoðun framtala og framtalsgagna“ sem höfðu verið til umræðu á fundinum. Annars vegar voru leiðbeiningar og verklagsreglur í 15 tölulíðum er vörðuðu atvinnurekstur einstaklinga sem og lögaðila. Þá voru í sjö tölulíðum frekari leiðbeiningar og verklagsreglur varðandi framtal einstaklinga. Jafnframt var skattstjórum sent bréf sem fjallaði „Um frádrátt skv. 3. mgr. 30. gr. um frádrátt móti tekjum öðrum en launatekjum“.

Auk þessara reglna voru skattstjórum send fjölmörg bréf á árinu 1980 um margs konar efni, svo sem „Leiðbeiningar um útreikning eignarskatts, sjúkratryggingagjalds, útsvars, tekjuskatts og ónýtt persónuafsláttar, svo og barnabóta“, „Starfsreglur og leiðbeiningar um hlutfallslega skiptingu barnabóta... og

hlutfallslega skiptingu lækkunar útsvars vegna barna milli framfærenda“, „Áætlanir gjaldstofna á einstaklinga og beitingu álags skv. 106. gr.“, „Um skattalega meðferð greiðslna með börnum sem sett eru í fóstur af opinberum aðilum“ og „Skattskylda greiðslna með börnum og öryrkjum sem vistuð eru á vegum opinberra aðila á einkaheimilum.“ Þá voru sendar „Leiðbeiningar og útreiknuð dæmi um handútreikning vegna framtala manna sem heimilisfastir voru hér á landi á árinu 1979 en höfðu launatekjur eða svipaðar tekjur sem skattlagðar voru í ríkjum sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við“ og „Varðandi skattlagningu þeirra sem eiga lögheimili hérlandis hluta úr ári“. Þá voru sendar leiðbeiningar „Um 53. gr. laga nr. 40/1978 um tekjur og gjöld vegna verðbreytinga“ og „Um tekjur skv. 7. gr. laga nr. 90/1978 og frádrátt skv. 3. mgr. 30. gr. sömu laga“ og að lokum „Verklagsreglur varðandi þjónustugjald framleiðslumanna (þjóna)“.

Verklagsreglur 1981-1986

Á árinu 1981 var haldið áfram að semja og endurútgefa fyrri verklagsreglur og leiðbeiningar. Jafnframt var farið að hugsa til framtíðarskipunar á þessari útgáfu. Var ákveðið eftir allnokkra umræðu hjá embættinu að hafa þessar verklagsreglur í kaflaskiptu lausblaðaformi í sérútbúnni möppu sem merkt yrði: „Verklagsreglur, ríkisskattstjóri“. Var hugmyndin að í stað þess að endurútgefa þær árlega, eins og

Auglýsing frá ríkisskattstjóra

um endurmat eigna skv. ákvæðum 22. gr. laga nr. 7/1972.

Fjármálaráðuneytið hefur sett verklagsreglur um endurmat eigna skv. tilvitnaðri lagagrein. Í 1. tl. verklagsreglnanna segir svo:

„I. Heimild til endurmats:

Einungis atvinnufyrirtækjum, þ.e. félögum og einstaklingum, sem stunda atvinnurekstur, er heimilt að biðja um endurmat samkv. 22. gr. Heimildin nær að sjálfsögðu einungis til eigna, sem notaðar eru við atvinnureksturinn sjálfan. Ekki skal heimila endurmat eftir 31. des. 1972, þ.e. ákvörðun um endurmatið skal tekin af endurmatsbeiðanda á árinu 1972. Hafi skattstjóra verið tilkynnt um slíka ákvörðun á árinu 1972 má hann úrskurða greinargerð þar um, sem fylgir framtali árið 1972.“

Athygli þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, er hér með vakin á því, að þeim ber að tilkynna hlutaðeigandi skattstjóra fyrir árslok 1972, ha fi þeir i huga að nota rétt sinn til endurmats eigna skv. tilvitnaðri lagagrein. Greinargerð um sjálft endurmatið þarf að berast hlutaðeigandi skattstjóra eigi síðar en með framtali ársins 1973.

Ríkisskattstjóri.



Ragnar Björnsson viðskiptafræðingur og Guðmundur voru samstarfsmenn við rannsóknardeild ríkisskattstjóra þegar Guðmundur gegndi stöðu skattrannsóknarstjóra. Ljósmyndin er tekin um það leyti sem rannsóknarverkefni voru færð frá ríkisskattstjóra.

verið hafði með fyrri verklagsreglur, skyldi skipt út einstökum blaðsíðum (atriðum) sem þyrfti að breyta innan kaflanna, eða kafla skipt út með nýjum. Þannig þyrfti ekki að skrifa allar verklagsreglurnar að nýju og gefa þær út í heild. Starfsmaður hefði samkvæmt þessu ávallt hjá sér nýjstu útgáfu verklagsreglna og yrði meira meðvitaður um einstakar breytingar þeirra. Blaðsíður eða kafla sem teknir væru út átti að setja til hliðar í möppunni eða aftan við viðkomandi kafla og þannig mætti alltaf hafa eldri útgáfu til hliðsjónar. Þróun á þessu formi verklagsreglna tók til næstu ára og lokaátakið varð ekki fyrr en á árinu 1983.

Hafa verður í huga að á þessum tíma var tölvuvæðing skrifaðs texta, þ.e. ritvinnsla, eins og þekkist í dag ekki komin langt á leið eða var á mjög frumstæðu stigi til þessara nota. Á árunum 1981-1983 var því verið að endursemja og endurútgefa eða semja nýjar reglur eftir því sem til efni gafst til, en endanlegt form þeirra komst ekki á fyrr en í mars 1983. Eftir það voru nýjar útgáfur felldar inn í fyrri útgáfur í lausblaðaformi. Það var við útgáfuna 1983 sem endurútgáfa einstakra blaðsíðna eða kafla var auðkennd efst í hægra horni hennar, þ.e. nr. kafla og blaðsíðutal, og nr. útgáfu og útgáfumánuð og ár, til að auðveldara yrði að fylgjast með breytingunum. Þegar breyttur texti eða viðbótartexti var lengri en sá sem leysa átti af hólmi, og blaðsíðutal færðist til, var það þannig leyst að sett var aukánúmer á viðbótarblaðsíður. Svo dæmi sé tekið; K. 10-bls. 5.0, 2. útg.-06.83., sem lesið var 10. kafli bls. 5.0 (af fleiri bls. nr. 5) 2. útgáfa í júní 1983.

Verklagsreglur fyrir framtöl einstaklinga

Fyrstu fjórir kaflar verklagsreglna sem allir vörðuðu framtöl einstaklinga voru sendir skattstjórum 30. mars 1981 ásamt fylgiskjöllum 1-4. Um var að ræða 1. kafla

”

Hafa verður í huga að á þessum tíma var tölvuvæðing skrifaðs texta eins og þekkist í dag ekki komin langt á leið eða var á mjög frumstæðu stigi til þessara nota

„Inngang“ eða formála að verklagsreglunum sem fjallaði um meginmarkmiðið með fyrirkomulagi álagningarskoðunar. 2. kafli fjallaði um „Aðgreiningu framtala eftir uppröðun“, um flokkun framtala, t.d. í launþega og einstaklinga með atvinnurekstur, eða vegna sérstakrar meðferðar við álagningu. 3. kafli um „Tákntölumerkingar og frágang framtala til skráningar“ var um margvíslegar merkingar sem gera varð fyrir skráningu, t.d. tákntölumerkingu fjölskyldu vegna slysatryggingar við heimilisstörf, áætlunarframtöl, kótamerkingar fjárhæða í ónúmeruðum reitum og

merkingu fyrir ábendingaskrá. 4. kafli fjallaði um „Athugasemdir um einstaka liði á framtali“. Í þessum kafla voru tekin fyrir atriði sem vörðuðu endurskoðun tiltekinna liða eða reita framtalsins sem ekki voru gerð skil í öðrum köflum verklagsreglnanna, og voru til uppfyllingar þess sem fram kom í leiðbeiningabæklingi þeim sem ætlaður var almenningi við útfyllingu framtala.

Í apríl voru kaflar 5-10 sendir og fylgiskjöl nr. 5-9. Í 5. kafla um „Áætlun gjaldstofna og beitingu álags skv. 106. gr.“ var fjallað um áætlanir gjaldstofna og beitingu álags vegna þess að framteljandi hafði ekki lagt fram framtal, eða vegna annmarka á einstökum liðum framtals. Í 6. kafla um „Handreikning barnabóta og lækkun útsvars vegna barna“ var fjallað um ákvörðun barnabóta og lækkun útsvars vegna barna framfæranda sem fengu svokallaða afbrigðilega álagningu, t.d. vegna breytinga á hjúskaparstöðu eða öðrum högum þeirra á árinu, sem ekki var unnt að koma við í álagningu í SKÝRR. 7. kafli var um „Framtöl sem fá fjölskyldumerkinguna 9“ og fjallaði um framtöl þeirra sem misst höfðu maka sinn á tekjuárinu og taka varð til sérstakrar meðferðar við álagningu. Í 8. kafla var fjallað um „Námsfrádrátt“ og fjallaði um frádrátt frá tekjum manna, 16 ára og eldri, í námi. Kafli 9 var um „Lækkun tekjuskattstofns skv. 66. gr. og 80. gr.“ sem fjallaði um lækkanir, þ.e. ívilnanir, á tekju- og eignarskattstofni samkvæmt ákvæðum þessara greina. Kafli 10 var um „Handreikning skatta og ákvörðun á skattstofnum“ sem fjallaði um skattlagningu manna sem höfðu tekjur frá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum sem Ísland er aðili að, og frádráttarbærar eru samkvæmt ákvæðum laganna um skattálagningu. Í apríl 1986 var kaflinn að hluta endursaminn og fékk nýtt heiti „Um ákvörðun skattstofna og álagningu sem ekki reiknast í SKÝRR“ og fjallaði síðan um: a) álagningu skv. 2. mgr. 70. gr., sbr. og 64. gr.; b) álagningu skv. ákvæðum tvísköttunarsamninga; og c) álagningu vegna tekna skv. 5 tlf. A-liðs 1. mgr. 30. gr. Kafli 11 um „Útreikning eftir-

stöðva námsfrádráttar vegna náms eftir 20 ára aldur, sbr. 2. mgr. 3. tl. C-liðar 30. gr. laga nr. 75/1981“ fjallaði um frádrátt sem námsmanni var heimilt að draga frá tekjum sínum á næstu fimm árum eftir að námi var lokið. Kafli 12 um „Ýmis bréf og fyrirmæli“ var ætlaður fyrir margvísleg leiðbeiningarbréf og fyrirmæli ríkisskattstjóra sem ekki töldust eiga heima undir sérstökum köflum verklagsreglna, eða ekki talin ástæða á þessu stigi málsins að fella þau inn í kerfi verklagsreglna, en hafa þurft aðgengileg starfsmönnum skattstjóra. Þetta voru áður útgefin bréf um „Starfsreglur og leiðbeiningar varðandi skattalega meðferð tekna sem geta fallið undir B-lið eða 1. eða 2. tl. C-liðs 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ og „Um tekjur skv. 7. gr. laga nr. 75/1981 og frádrátt skv. 3. mgr. 30. gr. sömu laga“ og um „Þjónustugjald framleiðslumanna (þjóna)“ og „Tekjur presta og heimill frádráttur“. Síðar bættist við bréf um „Uppmælingagjald iðnsveina“ og að lokum „Skattlagningarstaður hjóna og samskattaðs sambýlisfólks“.

Fylgiskjölin voru gefin út árlega enda yfirlitt um að tefla fjárhæðir sem breyttust árlega, auglýsingar eða tilkynningar sem tengdust tilteknum köflum verklagsreglnanna.

Síðar bættust við á árunum 1984-1986 kafli 13 um „Frádrátt fyrir þá sem láta af störfum vegna aldurs eða falla frá“ sem fjallaði um ákvörðun frádráttar sem tengdist tekjum sem aðilar sem létu af störfum höfðu aflað sér síðustu 12 mánuði fyrir starfslok, og 14. kafli um „Frádrátt vaxtagjalda“, sem fjallaði um frádráttarbæra vexti, verðbætur, afföll og gengistöp af skuldum sem tengdust íbúðarkaupum til eigin nota. Að lokum kom 15. kafli „Um sérstakan barnabótaauka“ sem fjallaði um ákvörðun skerðingar á sérstökum barnabótaauka sem ríkissjóður greiddi með hverju barni innan 16 ára á tekjuárinu.

Verklagsreglur atvinnurekstrarframtala

Yfirlit yfir verklags- og álagningarreglur vegna endurskoðunar atvinnurekstrarframtala var ekki það langt komið vorið

1981 að því væri skipt niður á kafla að þessu sinni heldur var það sent eftir hendinni um sumarið til skattstjóra. Í maí 1983 voru þessar verklagsreglur fyrir atvinnurekstrarframtöl felldar inn í safn verklagsreglnanna sem fyrr eru nefndar. Um var að ræða kafla 21-26. Kafli 21 var um „Starfsreglur og leiðbeiningar við endurskoðun á reiknuðu endurgjaldi af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi“ og fjallaði um ákvörðun og endurskoðun reiknaðs endurgjalds einstaklinga sem stóðu fyrir atvinnurekstri. Kafli 22 um „Frágang skattframtala lögaðila og erlendis búsettra aðila undir skráningu“ varðaði frágang framtala greindra aðila undir tölvuskráningu. Kafli 23 um „Frágang aðstöðugjaldsgreinargerðar undir skráningu“ tók til frágangs greinargerðarinnar og endurskoðun starfsmanna á greinargerðinni. Kafli 24 um „Undirbúning álagningar slysatrygginga-, lífeyristrygginga- og vinnueftirlitsgjalds atvinnurekenda vegna starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, svo og launaskatts af reiknuðu endurgjaldi“ fjallaði um skráningu fjárhæða vegna álagningar framangreindra gjalda. Kafli 25 um „Undirbúning álagningar launaskatts á greidd laun, ábendingarskrá og endurskoðun“ tók til álagningar launaskatts. Í 26. kafla um „Álagningu skatta og gjalda á þá skattaðila sem hafa annað reikningsár en almanaksárið“ var fjallað um það hvernig haga skyldi framtalsskilum og álagningu opinberra gjalda á þá tiltölulega fáu lögaðila sem á þessum tíma voru með annað reikningsár en almanaksár. Má segja að mál hafi verið komið til að taka alvarlega ákvæði D-liðar 45. gr. reglugerðar frá árinu

1936: „Athugun á framtölum atvinnurekenda“ en þar er skattanefndum bent á að „Einn vandamesti þátturinn í störfum skattanefndar er rannsókn á framtölum atvinnurekenda og rekstrar- og efnahagsreikningum þeirra“.

Eftir þessa heildarútgáfu á árinu 1983 var haldið áfram að endursemja og endurútgefa verklagsreglur eftir því sem ástæða var til og þær felldar inn í það kerfi sem lagt var upp með árið 1981.

Lokaorð

Eins og yfirlit þetta sýnir var stöðugt verið að leitast við að bæta þjónustu embættis ríkisskattstjóra við skattstjóra og starfsmenn þeirra til að búa svo um hnútana að skattframkvæmd gengi snurðulaust og með sem mestu samræmi milli umdæma. Stöðugt var verið að efla þennan þátt starfseminnar til að tryggja rétta og samræmda vinnuferla við skattálagningu og skatteftirlit á landinu öllu. En ekki veldur sá er á heldur segir einhvers staðar. Ýmist töldust verklagsreglurnar of ítarlegar eða iðulega var að því fundið að í þeim væri ekki að finna svör jafnvel við minnstu smáatriðum. Þannig að vandratað var meðalhófið (eða mundangshófið eins og sagði í reglugerðinni) þegar setja þurfti fram kjarna máls á knöppum tíma, og þess utan með hjálp óþjállar ritvinnslu. Þessi frumskréf verður einnig að skoða í ljósi þess að allar upplýsingar voru á pappír í takmörkuðu upplagi eða dreifingu, og því önnur betri samantekt um skattframkvæmd en greinir frá í þessum pistli vart fánleg. Er því ekki ofmælt að með þessum verklagsreglum hafi verið lagður grunnurinn að almennri þekkingu og þjálfun allra þeirra sem þá og síðar störfuðu að skattframkvæmd.



Guðmundur starfaði náið með Jóni Guðmundssyni og Ævari Ísberg um margra ára skeið frá 1970 og síðar. Ljósmyndin var tekin árið 1993.

Vitundarvakning í skilum á ársreikningum



Ólafur Magni Sverrisson

er viðskiptafræðingur sem hefur starfað í fyrirtækja- og hlutafélagaskrá frá árinu 2007 og einnig í ársreikningaskrá frá árinu 2010.

Skilaskyld félög

Með lögum um ársreikninga er félögum með takmarkaða ábyrgð eigenda sinna gert að skila ársreikningi til opinberrar birtingar hjá ársreikningaskrá ríkisskattstjóra. Skilaskyld félög eru hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög, samvinnufélög og samvinnusambönd, sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri, gagnkvæm váttrygginga- og ábyrgðafélög, útibú erlendra félaga og sparisjóðir. Sameignarfélög og samlagsfélög eru almennt undanþegin skilaskyldu til ársreikningaskrár en þó ber þeim að skila ársreikningi séu eigendur einungis félög með takmarkaðri ábyrgð eða ef þau fara yfir stærðarmörk 1. gr. laga um ársreikninga. Samlagsfélög þar sem ábyrgðaraðilar eru félög með takmarkaðri ábyrgð verða skilaskyld frá og með reikningsárinu 2013 samkvæmt lagabreytingu sem samþykkt var á vorþingi. Skilaskyld félög vegna reikningsársins 2012 eru 32.847.

Skil á ársreikningum


Skilaskyldum félögum ber að skila ársreikningi innan mánaðar frá samþykki

hans, þó eigi síðar en átta mánuðum frá lokum reikningsárs. Lokaskiladagur samkvæmt lögum er því 31. ágúst fyrir þau félög sem eru með almanaksárið sem reikningsár. Ef litið er til þess fjölda félaga sem hafa uppfyllt lagalegar skyldur sínar að skila ársreikningi fyrir 31. ágúst ár hvert er ljóst að um langan veg er að fara áður en skil geta talist viðunandi gagnvart lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Á meðfylgjandi töflu má sjá hver staða skila hefur verið þann 31. ágúst undanfarin ár.

Einungis 22,1% skilaskyldra félaga vegna ársreikninga 2012 hafði skilað ársreikningi þegar skilafrestur rann út þann 31. ágúst sl. Vissulega eru það betri skil en t.d. vegna ársreikninga 2008 og 2009 en rúm 17% félaga höfðu skilað innan frests fyrir þau reikningsár.

Þrátt fyrir slök skil á lokaskiladegi eru skil að batna til muna og eru ársreikningar að skila sér mun fyrr inn til ársreikningaskrár en áður. Innstreymi af ársreikningum til ársreikningaskrár er mest í september til nóvember en flest félög senda ársreikning til ársreikningaskrár

Þróun dreifingar á innsendum ársreikningum innan þess árs sem ber að skila



samhliða því að senda skattframtal og ársreikning til ríkisskattstjóra. Þann 1. október voru skil á ársreikningum 2012 mun betri en á sama tíma fyrir ári á ársreikningum 2011.

49% félaga höfðu skilað ársreikningi 2012 þann 1. október sl. en til samanburðar höfðu 42,4% skilað 2011 ársreikningi þann 1. október 2012 og höfðu skil batnað um heil 16,5 prósentustig m.v. reikningsárið 2008 en einungis 32,5% höfðu skilað þann 1. október 2009.

Ef lítið er á dreifingu á innsendum ársreikningum á því ári sem ber að skila inn ársreikningi má sjá að skil hafa verið að færast nær lokaskiladegi undanfarin ár og má sjá á meðfylgjandi línuriti hvernig þróunin er frá reikningsárinu 2006 til reikningsársins 2012. Línan fyrir reikningsárið 2012 nær einungis til 1. október sl. þegar gögnum var safnað saman.

Framan af ári voru skil á ársreikningum 2012 til ársreikningaskrár mjög svipuð og fyrir rekstrarárið 2011 en í september hefur innstreymi verið meira en nokkru sinni. Í september voru móttæknir 8.734 ársreikningar fyrir rekstrarárið 2012 hjá ársreikningaskrá en í september 2012 var 6.791 ársreikningur fyrir rekstrarárið 2011 móttæknir eða tæplega 2.000 færri en í ár.

Staða þann 31. ágúst ár hvert

	2008	2009	2010	2011	2012
Fjöldi ársreikninga skilað	5.374	5.742	7.352	7.233	7.252
Fjöldi félaga í skilaskyldu	31.329	32.505	32.910	33.081	32.847
Heildarskil (%)	17,2	17,7	22,3	21,9	22,1


Staða þann 1. október ár hvert

	2008	2009	2010	2011	2012
Fjöldi ársreikninga skilað	10.188	11.440	13.857	14.012	16.106
Fjöldi félaga í skilaskyldu	31.329	32.505	32.910	33.081	32.847
Heildarskil (%)	32,5	35,2	42,1	42,4	49,0

Ástæður betri skila

Nokkrar samverkandi ástæður eru fyrir bættem skilum til ársreikningaskrár. Fyrst ber að nefna að á árinu 2011 var í fyrsta sinn beitt sektarákvæði ársreikningalaga. Öll félög sem höfðu ekki skilað ársreikningi 2009 til ársreikningaskrár voru sektuð um 250.000 kr. og hefur það orðið til þess að stjórnarmenn leggja áherslu á að ársreikningur sé kominn inn áður en ákvörðun er tekin um fésektir. Einnig hefur orðið mikil vitundarvakning í íslensku atvinnulífi um mikilvægi góðrar ársreikningaskrár. Eftir efnahagshrunið 2008 lokuðust lánalínur erlendis frá til íslenskra félaga m.a. vegna slæmra skila á opinberum upplýsingum. Hafa því ýmis samtök í atvinnulífinu hvatt

félagsmenn sína til að skila á réttum tíma. Upplýsingar úr ársreikningaskrá eru notaðar þegar metið er láns hæfi félaga gagnvart birgjum og lánadrottnum. Fjölmiðlamenn hafa verið duglegir við að fjalla um málefni ársreikningaskrár og vanskil einstakra félaga. Ársreikningaskrá hefur einnig orðið sýnilegri með auglýsingum í blöðum, sektaraðgerðum og bréfaskriftum en á árinu 2012 voru send út um 17.000 bréf til félaga í vanskilum. Hertar aðgerðir, meiri sýnileiki ársreikningaskrár og bæt siðferði gagnvart lögum mun vonandi stuðla að því að skil á ársreikningum til ársreikningaskrár haldi áfram að batna svo að lokum muni skráin standa jafnfætis öðrum ársreikningaskráum á Norðurlöndum.



Álagning auðlegðarskatts

Auðlegðarskattur var lagður á nokkurn hóp skattgreiðenda í álagningu síðastliðið sumar. Hér er um lítinn hluta landsmanna að ræða sem á talsverðar eignir umfram skuldir og nokkurn hluta eigna í landinu. Auðlegðin er þó mismikil. Tiltölulega lítill hópur þeirra sem greiða skattinn stendur undir stórum hluta hans. Flestir greiða lítið, hvort sem horft er til upphæðar eða hlutfalls tekna.

Auðlegðarskattur og viðbótarauðlegðarskattur voru lagðir á 4.114 fjölskyldur í álagningu árið 2013. Í landinu voru 184.449 fjölskyldur þannig að hér er um 2,2% fjölskyldna að ræða. Þessar fjölskyldur áttu eignir sem metnar voru á 723,3 milljarða sem voru 18,7% þeirra eigna sem landsmenn töldu fram á skattskýrslu. Skuldir á móti eignum voru 46,9 milljarðar, sem var um 2,6% skulda landsmanna. Fjölskyldur sem greiddu auð-

legðarskatt töldu því fram 676,5 milljarða í eignir umfram skuldir á skattframtali 2013, sem var um 48,3% skuldlausra eigna landsmanna. Þessar fjölskyldur áttu: 69,2% verðbréfa og krafna, þ.e. skuldabréfa, 43,4% innlendra hlutabréfa og 71,6% hlutabréfa í erlendum félögum. Þá voru 27,3% innstæðna í innlendum bönkum og 82,9% innstæðna í erlendum bönkum í eigu þessara fjölskyldna. Hér er rétt að minna á að hlutabréf eru talin

fram á nafnvirði en eigið fé íslenskra félaga umfram nafnvirði vegna álagningar viðbótarauðlegðarskatts árið 2013 var 358 milljarðar. Viðbótarauðlegðarskattur var lagður á 246,7 milljarða eigin fjár fyrirtækja sem var umfram nafnvirði hlutabréfa og eignamörk auðlegðarskatts. Nafnvirði hlutabréfa var skattlagt í fyrra.

Innlendar fasteignir eru sá einstaki eignaliður sem vegur þyngst í eignasafni þeirra sem greiða auðlegðarskatt. Þessar

Greiðendum auðlegðarskatts raðað eftir samanlögðum auðlegðar- og viðbótarauðlegðarskatti

Upphæðir í milljörðum króna

Auðlegðarskattur í milljónum kr.	Fjöldi	Heildar- tekjur	Auðlegðar- skattar	Skattar samts.	Verðbréf	Hlutabréf		Innstæður		Fasteignir		Ökutæki	Eignir samts.	Skuldir		
						Innlend	Erlend	Innlendar	Erlendar	Innlendar	Erlendar			Íbúðar- skuldir	Aðrar skuldir	Skuldir samts.
0-1	2.713	34,2	1,0	9,8	48,3	6,6	0,8	56,3	1,1	157,1	1,0	10,8	301,5	7,9	16,6	24,6
1-2	567	9,7	0,8	3,2	21,8	2,6	0,4	16,3	0,6	38,2	0,4	3,0	92,4	1,7	3,3	5,2
2-3	232	5,0	0,6	1,8	14,4	1,2	0,4	9,4	0,2	17,0	0,3	1,5	48,6	0,7	2,2	2,9
3-4	138	2,8	0,5	1,2	9,4	1,3	0,5	5,7	0,1	10,3	0,1	0,8	32,5	0,4	1,5	1,9
4-5	89	2,0	0,4	0,9	8,7	0,8	0,4	3,5	0,3	7,4	0,4	0,6	24,8	0,3	0,5	0,9
>5	375	17,0	5,6	9,4	95,5	8,7	4,6	35,1	5,0	35,7	2,7	3,5	223,5	0,6	10,7	11,4
Fjölskyldur sem greiða auðlegðarskatt	4.114	70,7	8,7	26,4	198,1	21,2	7,1	126,4	7,3	265,7	4,7	20,1	723,3	11,6	34,9	46,9
Framteljendur sem greiða engan auðlegðarskatt	180.335	990,4	0,0	215,1	88,3	27,7	2,8	336,3	1,5	2.413,2	4,5	160,2	3.137,3	1.147,8	570,4	1.738,1
Samts.	184.449	1.061,1	8,7	241,5	286,4	48,9	10,0	462,7	8,8	2.679,0	9,3	180,3	3.860,7	1.159,4	605,3	1.785,0

Handreiknaðir framteljendur ekki meðtaldir.

fjölskyldur áttu fasteignir sem metnar voru á 265,7 milljarða, sem er 9,9% af matsverði innlendra fasteigna í landinu. Um 51,1% erlendra fasteigna var í eigu einhleypinga sem áttu 75 milljónir eða meira í eignir umfram skuldir, eða hjóna sem áttu meira en 100 milljónir í eignir umfram skuldir. Þessar fjölskyldur voru með 6,7% heildartekna og greiddu 10,9% skatta í landinu.

Skattur á eignir


Flestir sem greiddu auðlegðarskatt greiddu innan við eina milljón í skatt af eignum. Auðlegðarskattur var 1,5% af skuldlausri eign einhleypings umfram 75 milljónir og skuldlausri eign hjóna umfram 100 milljónir. Flestir þeirra sem greiddu auðlegðarskatt áttu því minna en tæpar 142 milljónir ef þeir voru einhleypingar og tæplega 167 milljónir ef um hjón var að ræða.

Þessar fjölskyldur telja um 65,9% þeirra fjölskyldna sem lagt var á en 10,9% skattsins voru lögð á þetta fólk. Fjölskyldur sem greiddu minna en eina milljón greiddu að jafnaði 2,8% af tekjum í auðlegðarskatt. Þær greiddu hins vegar 28,8% af heildartekjum í skatta. Á hinn bóginn greiddu 375 fjölskyldur, sem er um 9,1% þeirra sem skatturinn var lagður á, meira en fimm milljónir í auðlegðarskatt. Um 63,5% auðlegðarskatts og viðbótarauðlegðarskatts voru lögð á þessar 375 fjölskyldur sem greiddu að jafnaði 32,6% tekna í auðlegðarskatt en heildarskattbyrði þeirra var 55,2% af heildartekjum. Að jafnaði greiddu þessar fjölskyldur 14,8 milljónir í auðlegðarskatt.


Greiddur með tekjum

Eignir skapa tekjur og tekjur eignir. Það þarf því ekki að koma á óvart að margir þeirra sem greiddu auðlegðarskatt hafi haft umtalsverðar tekjur, sérstaklega fjármagnstekjur árið 2012. Engu að síður var nokkuð um það að auðlegðarskattur væri lagður á eignir fólks með meðaltekjur, eða jafnvel tekjur í tæpu meðallagi. 19 fjölskyldur voru ekki með neinar tekjur, 85 fjölskyldur voru með minna en tvær milljónir í tekjur og 624 fjölskyldur voru með minna en fimm milljónir í tekjur á ári. Þessar 624 fjölskyldur voru með rúma tvo milljarða í tekjur og greiddu tæpar 509 milljónir í auðlegðar- og viðbótarauðlegðarskatt. Skattbyrði hópsins var að jafnaði 37,3% en tæpur fjórðungur tekna þessara gjaldenda fór í að greiða auðlegðarskatt sem var um tveir þriðju hlutar skatta hópsins. Hér ræðir um 15,2% þeirra sem greiða skattinn, þeir voru með 2,9% af tekjunum og greiddu 5,8% auðlegðarskatts.

Greiðendum auðlegðarskatts raðað eftir heildarsköttum sem hlutfalli af heildartekjum



Auðlegðarskatti og viðbótarauðlegðarskatti raðað eftir heildarsköttum sem hlutfalli af heildartekjum



Í álagningu árið 2013 þurftu 87 fjölskyldur að greiða meira en allt aflafé í skatt. Flestir sem greiddu auðlegðarskatt greiddu hins vegar innan við 40% tekna í skatt. Þær 87 fjölskyldur sem greiddu meira en allar tekjur í auðlegðarskatt greiddu samanlagt rúma 1,6 milljarða í skatt af eignum sínum. Það er þó ekki svo farið með alla sem greiða skattinn. Einar átta fjölskyldur greiddu minna en ekkert í skatt þrátt fyrir að á þær væri lagður auðlegðarskattur. Þær greiddu samanlagt um eina milljón í auðlegðarskatt. Um 80,8% þeirra sem lagt var á greiða minna en 40% tekna í skatt.

Flestir sem greiddu auðlegðarskatt voru hins vegar með mun hærri tekjur. Fjölmennasti hópurinn var með meira en 10 milljónir, eða 2.365 fjölskyldur. Hér er um að ræða 57,5% fjölskyldna sem lagt var á. Þessar fjölskyldur greiddu rúma sjö milljarða í auðlegðarskatt, sem eru 80,7% af skattinum. Þær voru með 85,2% af tekjunum. Auðlegðarskattur var 11,7% af tekjum hópsins en heildarskattbyrði var 37,9%. Auðlegðarskattur vó 30,9% í heildarskattbyrði þessa hóps. Einar 178 þessara fjölskyldna voru með meira en 50 milljónir í tekjur. Þessar fjölskyldur voru með samtals rúma 17 milljarða í tekjur

og greiddu rúma 2,5 milljarða í auðlegðarskatt. Þannig voru 4,3% gjaldendanna með 24,1% af tekjunum og greiddu hátt í þriðjung skattsins, eða 28,7%. Hópurinn greiddi 14,7% tekna í auðlegðarskatt en heildarskattbyrði var 39% af tekjum. Auðlegðarskattur var rétt tæpur þriðjungur skatta þessa fólks.

Greiðslubyrði

Eins og gefur að skilja er auðlegðarskattur lagður á eignir en ekki tekjur. Skatturinn er lagður á óháð tekjum og því þurfa 192 fjölskyldur að greiða meira en helming tekna sinna í skatt af eignum. Um 30,1%

Aldur á tekjuári	Fjöldi	Heildar-tekjur	Auð- legðar- skattar	Skattar samtals	Verðbréf	Hlutabréf		Innstæður		Fasteignir		Ökutæki	Eignir samtals	Skuldir		
						Innlend	Erlend	Innlendar	Erlendar	Innlendar	Erlendar			Íbúðar- skuldir	Aðrar skuldir	Skuldir samtals
<30	20	167	28	63	1.049	71	38	524	0	620	0	60	2.673	10	112	122
30-39	90	1.834	151	631	5.303	318	198	1.895	168	5.291	0	550	14.983	855	1.512	2.367
40-49	474	10.668	1.233	4.082	27.654	3.172	890	9.788	1.225	29.768	460	2.980	86.706	2.643	4.960	7.765
50-59	1.049	21.057	2.404	7.974	43.331	6.454	1.585	22.390	1.486	70.542	1.799	5.568	187.453	4.237	12.077	16.350
60-69	1.245	21.765	2.643	8.072	64.930	6.549	1.618	39.144	2.230	85.523	1.304	6.505	223.667	2.925	12.598	15.675
70-79	793	10.812	1.538	3.898	36.743	3.323	2.711	30.870	1.935	50.564	1.110	3.412	137.759	834	2.938	3.789
80-90	401	3.949	666	1.493	16.020	1.276	102	19.881	209	21.783	68	1.005	62.553	131	683	814
>90	42	462	78	180	3.104	22	0	1.865	1	1.642	0	21	7.546	0	5	5
Samtals	4.114	70.714	8.739	26.392	198.134	21.184	7.141	126.357	7.254	265.734	4.743	20.100	723.339	11.635	34.885	46.886

Handreiknaðir framteljendur ekki meðtaldir.

auðlegðarskatts var lagt á þessar fjöl-skyldur. Um 15,1% auðlegðarskatts og viðbótarauðlegðarskatts var lagt á 72 fjöl-skyldur sem hver um sig þurfti að greiða allt aflafé og gott betur í skatt af eignum. Þá áttu 15 fjölskyldur til viðbótar ekki fyrir sköttum þegar allt var talið. Þessar 87 fjöl-skyldur voru með 1.035 milljónir í tekjur en þurfa að greiða 1.881 milljón í skatta en þar af var auðlegðarskattur 1.608 millj-ónir, eða 85,5% af sköttum þessa fólks. Um 18,4% auðlegðarskatts voru lögð á umræddar fjölskyldur.

Auðlegðarskattur er lagður á eigið fé fyrirtækja í eigu einstaklinga. Þegar skatt-urinn er meiri en tekjurnar þarf að hafa einhver ráð, selja eignir eða fá lánað fyrir skattinum. Það er hins vegar ekki víst að menn eigi ávallt hægt um vik að losa um eignir til að gjalda ríkinu skattinn, sérstak-lega þegar hart er í ári og lítil eftirspurn eftir hlutabréfum. Þá er heldur ekki víst að verðið sem í boði er sé ásættanlegt, hvað svo sem aðstæðum gjaldandans líður.

Þegar maki fellur frá lækka viðmiðun-armörk auðlegðarskatts. Sá sem eftir situr í búinu gæti þurft að borga auðlegðarskatt af eignum þó svo að eignastaða fjölskyld-unnar hafi ekki breyst við fráfallið. Það er þó ekki ólíklegt að tekjustaðan hafi hins vegar breyst.

Flestir þeirra sem greiddu auðlegðar-skatt voru þokkalega vel stæðir, þó að stundum hafi ekki mikið verið eftir af tekjunum þegar búið var að greiða skatt-inn. Að jafnaði voru þessar fjölskyldur með um 17,2 milljónir í tekjur fyrir skatta. Helmingurinn var með meira en 11,5 milljónir í tekjur fyrir skatta. Tíundi hluti var með meira en rúmar 32 milljónir í tekjur. Hins vegar var tekjulægsta tíund auðmanna með minna en 4,1 milljón í tekjur á ári.

Að jafnaði greiddu fjölskyldur sem greiddu auðlegðarskatt 37,3% heildar-tekna í skatta. Fjölskyldur sem greiddu meira en allar tekjur í skatta greiddu að jafnaði 181,7% skatt af tekjum. Meðal-skattbyrði í landinu var 22,8%.

Eftirtekjan

Að meðaltali voru fjölskyldur sem greiddu auðlegðarskatt með 10,8 milljónir í tekjur eftir skatta en helmingur fjölskyldnanna var með minna en 7,6 milljónir í tekjur eftir skatta. Tíundi hluti þessara fjöl-skyldna var með meira en 20,1 milljón í tekjur eftir skatt en tekjulægri tíundi hluti fjölskyldnanna var með minna en 2,6 milljónir í tekjur eftir skatt. Þær fjölskyldur sem voru í tekjuhærri enda dreifingarinnar voru samanlagt með tæpa 25,5 milljarða í tekjur og greiddu rúma níu milljarða í skatta. Þær fjölskyldur sem voru með minna en 2,6 milljónir í tekjur eftir skatta voru samanlagt með tæpa 2,3 milljarða í tekjur og greiddu rúma 2,6 milljarða í skatta.

Ungir sem aldnir

Sem fyrr segir var lagður auðlegðar-skattur á 2,2% fjölskyldna í landinu. Auðlegðarskattur var lagður á þrjár af hverjum þúsund þar sem eldri maki var undir þrítugu. Hann var lagður á 1,7% fjölskyldna á milli fertugs og fimmtugs, 3,89% fjölskyldna á milli fimmtugs og sextugs, 6,2% fjölskyldna á milli sextugs og sjötugs og 6,5% fjölskyldna á milli sjötugs og áttaræðs. Nær ein fjölskylda af hverjum fimmtán í þessum aldursflokki greiddi því auðlegðarskatt. Rúmlega þrír af hverjum hundrað sem komnir voru yfir nírátt greiddu auðlegðarskatt, sem er þó um þriðjungi fleiri en gengur og gerist meðal landsmanna.

Eins og gefur að skilja var það helst fólk sem náð hafði miðjum aldri sem greiddi auðlegðarskatt. Rúmir 7,3 milljarðar voru greiddir af fólki sem var eldra en fimm-tugt. Þetta eru 83,9% af álagningunni. Hér er um að ræða 3.530 fjölskyldur en þar af voru 1.026 einhleypingar. Þar sem hjón og samskattaðir eiga allar eignir saman er miðað við aldur þess maka sem er eldri. Rúmur helmingur þeirra sem greiddi auðlegðarskatt var á milli fimm-tugs og sjötugs. Hér er um að ræða 55,8% þeirra sem skatturinn var lagður á en þessi hópur greiddi rúma fimm milljarða í auðlegðarskatt, eða 57,8% heildará-lagningar. Tæpur þriðjungur þeirra sem skatturinn var lagður á voru komnir yfir sjötugt. Þessar fjölskyldur greiddu tæpa 2,3 milljarða í auðlegðarskatt eða 26,1% álagningarinnar. Þá var einn hundraðs-hluti hópsins yfir níráðu, samtals 42 fjölskyldur og þar af 30 einhleypingar. Þetta fólk greiddi 78 milljónir í skatt, eða 0,9% álagðs auðlegðarskatts.

Það er ekki að sjá að það sé verulegur munur á skattbyrði einstakra aldurhópa sem greiða auðlegðarskatt. Meðalskatt-byrði þeirra sem greiddu auðlegðarskatt var 37,3%. Hér er átt við heildarskatt-byrði. Þeir sem voru á milli sjötugs og áttaræðs greiddu 36% heildartekna í skatta. Þeir sem voru á áttaræðis- og níráðis-altri greiddu 37,8% skatt að jafnaði. Þá greiddu þeir sem voru yfir níráðu 38,9% af tekjum í skatta. Þessar fjölskyldur voru með talsverðar tekjur en engu að síður var skattbyrði þessa aldurhóps hæst. Þær 90 fjölskyldur sem voru á milli þrítugs og fertugs greiddu að jafnaði 34,4% tekna í skatta. Skattbyrði þessa aldurshóps var lægst.

Efnaðir einhleypingar voru að jafnaði með 10,9 milljónir í tekjur. Einhleyp-


ingar á milli fertugs og fimmtugs voru með hæstar tekju að jafnaði eða um 14,6 milljónir. Fólk á milli áttræðs og níraðs var með lægstu tekjurnar, eða rúmar 7,4 milljónir. Einhleypir yfir níraett greiða hæst hlutfall tekna í skatt eða 43,2%. Meðaltekjur hjóna og samskattaðra voru 19,8 milljónir. Hjón þar sem eldri maki var á milli fertugs og fimmtugs voru að jafnaði með 25,2 milljónir í tekjur. Samskattaðir á milli áttræðs og níraðs voru með lægstu tekjurnar eða 12,2 milljónir.

Auðlegðarskattur var um þriðjungur skatta þeirra sem greiða hann. Hann vegur þó þyngra í heildarskattbyrði þeirra sem eru eldri. Hann var 23,9% heildarskatta fjölskyldna á milli þrítugs og fertugs, 30,2% skatta þeirra sem voru á milli fertugs og fimmtugs, 39,5% heildarskattbyrði þeirra sem voru á milli sjötugs og áttræðs og 44,6% í heildarsköttum þeirra sem voru á milli áttræðs og níraðs. Auðlegðarskattur var um 43,2% skatta þeirra sem komnir voru yfir níraett og greiddu auðlegðarskatt.

Þegar þeir sem greiða meira en allar tekjur í skatta eru skoðaðir sérstaklega með hliðsjón af aldri er ekki hægt að sjá að einn hópur skeri sig sérstaklega úr, eða að fólk á ákveðnu aldursskeiði sé líklegra til að þurfa að greiða allar tekjur í skatt til ríkis en annar. Hlutfallið er hæst í yngstu aldurshópnum, en þá ber að hafa í huga að það eru fáir í þessum hópnum sem greiða auðlegðarskatt og hóparnir eru fámennir. Sjó af þeim 110 sem voru undir fertugu og greiddu auðlegðarskatt greiddu meira en allar tekjur í skatta til ríkis. Í hinum aldurshópnum greiddu u.þ.b. 1,6% til 2,5% greiðenda auðlegðarskatts meira en allar tekjur í skatt. Í aldurshópnum frá sextugu til áttræðs greiddu 1,6% meira en allar tekjur í skatta.

Hjón á miðjum aldri

Auðlegðarskattur var lagður á 1.194 einhleypinga og 2.920 hjón. Um 23,5% af álagningunni var á eignir einhleypa. Þeir greiddu rúma tvo milljarða í auðlegðarskatt. Hjón og samskattaðir greiddu það sem útaf stóð. Það er athyglisvert að einhleypingar voru líklegri til að hafa þurft að greiða auðlegðarskatt en samskattaðir árið 2013. Um 2,7% einhleypinga greiddu auðlegðarskatt samanborið við 2,2% hjóna. Hins vegar voru ákveðnir aldurshópar hjóna líklegastir til að greiða auðlegðarskatt. Um níu af hverjum hundrad hjónum á áttræðisaldri greiddu auðlegðarskatt. Það er athyglisvert að 531 hjón, sem telja um 0,3% fjölskyldna í landinu, skuli greiða



rúman milljarð í auðlegðarskatt eða 13% skattsins. Þær voru með 0,8% af tekjunum og greiddu 1,2% af álögðum sköttum. Þær áttu hins vegar 26% hlutabréfa í erlendum félögum og 20% af innstæðum í erlendum bönkum. Samtals áttu þessar fjölskyldur 2,6% af eignum.

Um 8,4% hjóna á milli sextugs og sjötugs greiddu auðlegðarskatt. Hér er um að ræða 945 hjón og samskattaða sambúðaraðila. Þessi hjón telja hálft prósent fjölskyldna í landinu. Þau voru með 1,7% af heildartekjum, greiddu 23,4% auðlegðarskatts og 2,7% af sköttum. Þau áttu 16,8% skuldabréfa, 10,6% hlutabréfa og 13,3% erlendra hlutabréfa, 18,5% innstæðna í erlendum bönkum. Samtals átti þetta fólk 4,6% eigna landsmanna.

Þegar allir samskattaðir yfir fimmtugt eru skoðaðir sést að 7,3% þessara fjölskyldna þurftu að greiða auðlegðarskatt. Hér er um að ræða 2.504 fjölskyldur eða 1,4% fjölskyldna í landinu en 60,9% fjölskyldna sem greiða auðlegðarskatt tilheyra þessum aldurshóp. Þessar fjölskyldur voru með 4,5% af tekjum í landinu, greiddu 63,5% auðlegðarskatts en 7,2% skatta voru greiddir af þessum fjölskyldum. Þær áttu 42% af skuldabréfum, 29% af hlutabréfum, 53,4% af erlendum hlutabréfum, 16,8% af innlendum innstæðum, 53,4% af innstæðum í erlendum bönkum, 6,6% af fasteignum og 41% af erlendum fasteignum. Alls voru 12,1% eigna í eigu þessa fólks og 3,7% skulda.

Páll Kolbeins

Snjallvefurinn rsk.is

Betra aðgengi og aukin þjónusta fyrir viðskiptavinum RSK



Reiknivélarnar á rsk.is hafa alltaf verið vinsælar, sérstaklega eftir að þær voru gerðar aðgengilegri í spjaldtölvum og snjallsímum

Leitarvélur og reiknivélar bera af

Vefnum er skipt upp í fimm megin efnisflokka, þ.e. efni sem snertir einstaklinga, atvinnurekstur og fagaðila auk fyrirtækjaskrár og upplýsinga um ríkisskattstjóra. Að forsíðu vefsins undanskilinni er fyrirtækjaskrá vinsælasti hluti rsk.is, en 56% af þeim síðum sem eru skoðaðar eru vegna fyrirtækjaskrár. Þar vegur leitarvél fyrirtækjaskrár þyngst með tæplega 37% af heildarfjölda síðna sem skoðaðar eru. Skýringuna á því má að einhverju leyti rekja til þess að við breytinguna á vefnum var leit í fyrirtækjaskrá, ársreikningaskrá og virðisaukaskattsskrá sameinuð í eina leitarvél.


Í byrjun október sl. var liðið eitt ár frá því að nýr upplýsingavefur ríkisskattstjóra, rsk.is, var tekinn í notkun, en hann var opnaður á 50 ára afmælishátíð ríkisskattstjóra þann 2. október 2012. Breytingarnar sem gerðar voru á vefnum voru þess eðlis að réttara er að tala um nýjan vef heldur en endurbætur á þeim gamla. Stærstu breytingarnar fólust í því að vefurinn er nú svokallaður snjallvefur sem lagar sig að skjástærð þess tækis sem verið er að skoða hann í og því er hann mjög aðgengilegur á spjaldtölvum og snjallsímum. Allt efni vefsins var endurhannað og því forgangsraðað með öðrum hætti en verið hafði og aðgengi að efninu stórlega bætt. Það er við hæfi að staldra aðeins við og skoða hvernig vefurinn hefur reynst fyrsta árið eftir þessar miklu breytingar.

Reiknivélarnar eru iðulega á topp 20 listanum yfir vinsælustu síður vefsins, en heildarfjöldi síðna hans er um 1.300 auk á annað þúsund skjala. Efni tengt atvinnurekstri er með um 13% skoðana, efni fyrir fagaðila um 3% og upplýsingar um embættið tæp 5%.

Fjölgun heimsóknna


Við opnun vefsins varð gríðarleg fjölgun bæði á gestum og heimsóknnum og er greinilegt stökk á milli mánaða. Fjöldi heimsóknna fór úr 65 þúsund í september 2012 í 118 þúsund í októbermánuði sama

Efni sem snertir einstaklinga er næstvinsælasti efnisflokkurinn en 23% af öllum skoðuðum síðum vefsins er vegna þess efnis. Reiknivélarnar barnabóta, vaxtabóta og staðgreiðslu eru þar af um 5% af öllum síðum sem skoðaðar eru.



Þróun heimsóknna á rsk.is með spjaldtölvum og snjallsímum frá opnun vefsins.

Vinsælasta síðan á rsk.is, að undanskilinni forsíðunni, er leitarvél fyrirtækjaskrár, ársreikningaskrár og virðisaukaskattsskrár.



ár, en það er aukning um tæplega 85%. Eftir það hefur heimsóknun á vefinn fjölgað jafnt og þétt síðasta árið og nú eru þær um 145 þúsund á mánuði. Aukningin á árinu er því ríflega 22%.


Sprenging í notkun á spjaldtölvum og snjallsímum

Forvitnilegt er að skoða þróun heimsókna á vefinn út frá spjaldtölvum og snjallsímum þar sem hann var sérstaklega hannaður m.t.t. slíkra tækja. Greinilegir toppar eru annars vegar í marsmánuði sl. í tengslum við framtalsskilin og síðan aftur í byrjun ágúst þegar álagningarseðlarnir

woru birtir á þjónustuvefnum skattur.is. Óháð þessum toppum er ljóst að notkun á slíkum tækjum til heimsókna á vefinn hefur vaxið gríðarlega á árinu. Fyrstu vikuna eftir opnun vefsins voru heimsóknir á hann með slíkum tækjum tæplega 500 en ári síðar voru þær um 2.200 á viku og aukningin því 340% á einu ári. Gaman verður að fylgjast með þessari þróun

á komandi árum. Framundan eru enn frekari endurbætur á vefnum með virkari upplýsingamiðlun og fréttum jafnharðan og þær gerast. Jafnframt munu aðrir vefir ríkisskattstjóra verða gerðir snjallir, en stefnt er að því að vefurinn skattalagasafn.is verði orðinn snjall í byrjun næsta árs.

JJ



Greinileg aukning var á heimsóknum í október 2012 þegar nýi vefurinn fór í loftið. Síðan þá hefur heimsóknum fjölgað jafnt og þétt.

Stöðugt eru gerðar
auknar kröfur um
rafvæðingu verkefna
í skattframkvæmd.
Rafræn samskipti við
skattgreiðendur og
atvinnulíf hafa aukist til
muna á síðustu árum og
munu aukast enn frekar
í náinni framtíð.

Krafa um aukna hagræðingu

Undanfarin ár og misseri hafa orðið gríðarlegar breytingar á rekstrar- og vinnu-umhverfi í skattkerfinu. Stöðugt fleiri verkefni eru unnin vélrænt, verk sem áður voru unnin í höndunum. Til að mæta kröfum um aukna hagræðingu í vinnslu verkefna í skattkerfinu er lykilatriði að bæta verkferla og nútímavæða vinnsluna þannig að vélarnar sjái í ríkari mæli um sem flesta verkþætti, með öðrum orðum að fækka verkefnum þar sem manns-höndin kemur beint að ferlinu og gera alla vinnslu rafræna frá upphafi til enda. Til framtíðar litið má því gera ráð fyrir að enn fleiri verkefni verði unnin vélrænt í skattkerfinu og því muni verkefnum fjölga á tæknisviði ríkisskattstjóra bæði hvað varðar rekstur og viðhald tölvukerfa og ekki síður í tengslum við nýþróun; smíði nýrra kerfa sem og ýmis þróunarverkefni. Má segja að forsenda fyrir möguleikum á frekari hagræðingu í rekstri skattkerfisins sé að styrkja og efla tæknisvið ríkisskattstjóra svo unnt sé að auka rafvæðingu og sjálfvirkni í skattframkvæmdinni.



Nýjungar á tæknisviði

– breyttar áherslur
í hugbúnaðarþróun –

Nú stendur fyrir dyrum endurnýjun á nokkrum mikilvægum tölvukerfum sem komin eru til ára sinna. Má þar sem dæmi nefna virðisaukaskattskerfi og staðgreiðslu-kerfi en staðgreiðslan er unnin í kerfum sem að stofni til eru frá því fyrir 1988.

Þá er á döfinni að taka í notkun vef-verslun á þjónustusíðu ríkisskattstjóra, rsk.is. Í fyrstu verður áhugasömum gefinn kostur á að kaupa ýmsar afurðir frá fyrir-tækjaskrá og ársreikningaskrá en síðar mun

einnig verða hægt að kaupa vörur sem tengjast skattframkvæmd, t.d. námskeið fyrir nýja í rekstri, skattalagasöfn og fleira.

Síðustu misseri hefur farið fram heildarendurskoðun á aðgangsmálum hjá embættinu m.a. hvað varðar rafræna afhendingu skattupplýsinga. Hluti af þeirri endurskoðun snýr að rafrænni móttöku, staðfestingu og varðveislu umboða eða upplýsts samþykkis viðskiptavinar á því að banki, lífeyrissjóður eða einhver þriðji



Hópur starfsmanna af tæknisviði. Standandi frá vinstri: Arnar Vilhjálmsson, Elín G. Helgadóttir, Ólafur Hannesson, Haraldur Hansson, Ævar Ísberg, Brigitte M. Jónsson, Robert W. Biglio, Jens Þór Svansson, Viðar Jónsson, Einar Valur Kristinsson, Ólafur Ófeigsson og Karl Óskar Magnússon. Sitjandi: Steinunn Jónasdóttir og Friðjón Bjarnason.

aðili fái aðgang að skattupplýsingum um hann. Sú endurskoðun snýr einkum að lagalegum atriðum og tæknilegum. Vegna nýrra laga um neytendalán hefur aukinn kraftur verið settur í verkefnið og er horft til þess að skattaðilar noti í ríkari mæli rafræn skilríki við auðkenningu og undirritun umboða.

Einnig er hafin vinna við gerð nýrrar rafrænnar fyrirtækjaskrár. Markmiðið með nýju kerfi fyrirtækjaskrár er að öll vinnsla

verði einfaldari, þægilegri, öruggari og hagkvæmari. Helsti ávinningur af nýju kerfi er að ferli við skráningu fyrirtækja verður að öllu leyti rafrænt hvort sem um er að ræða stofnun fyrirtækja eða inn-sendar aukatilkygningar og samþykktir. Mun þessi breyting valda byltingu fyrir hagsmunaaðila í atvinnurekstri og auk þess munu gæði upplýsinga verða betur tryggð og allur rekstur á fyrirtækjaskránni hagkvæmari.

”

Á döfinni er að taka í notkun vefverslun á þjónustusíðu ríkisskattstjóra, rsk.is



Hendricus E. Bjarnason kerfisfræðingur hefur snúið aftur til starfa fyrir RSK eftir langt hlé, en hann hefur undanfarin ár starfað í Hollandi. Áður var hann yfirkerfisfræðingur hjá SKÝRR og hafði þá yfirumsjón með kerfum RSK. Með honum á myndinni er Jón Jósef Bjarnason kerfisfræðingur sem aðstoðar tímabundið við tæknilegan hluta undirbúnings rafrænnar fyrirtækjaskrár.

”

Til framtíðar litið má því gera ráð fyrir að enn fleiri verkefni verði unnin vélrænt í skattkerfinu og því muni verkefnum fjölga á tæknisviði ríkisskattstjóra bæði hvað varðar rekstur og viðhald tölvukerfa og ekki síður í tengslum við nýpróun; smíði nýrra kerfa sem og ýmis þróunarverkefni

Í undirbúningi er úttekt á tæknilegum lausnum fyrir nýjan innri vef RSK, sk. Skattagátt. Í Skattagáttinni er fyrirhugað að starfsmenn geti unnið að allflestum verkefnum í einu og sama kerfinu og því ekki lengur þörf á að flakka á milli tölvukerfa með mismunandi lykilorðum.

Til að bregðast við þessum auknu verkefnum hefur tæknisviðinu bæst nokkur liðsauki að undanförmu. Síðastliðinn vetur kom Arnar Vilhjálmsson tölvunarfræðingur til starfa. Arnar sinnir aðallega verkefnum tengdum þjónustusíðu ríkisskattstjóra, skattur.is. Þá var Hendricus E. Bjarnason kerfisfræðingur ráðinn til starfa á tæknisvið fyrir í sumar og mun hann koma að ýmsum nýþróunarverkefnum sem eru í vinnslu hjá hugbúnaðarhópi tæknisviðs. Hann hefur yfirburðsþekkingu á rekstri tölvukerfa í stórtölvuumhverfi sem mun nýtast embættinu vel í samskiptum við rekstraraðila þeirra kerfa. Hendricus er starfsmönnum ríkisskatt-

”

Til að mæta kröfum um aukna hagræðingu í vinnslu verkefna í skattkerfinu er lykilatriði að bæta verkferla og nútímavæða vinnsluna þannig að vélarnar sjái í ríkari mæli um sem flesta verkþætti, með öðrum orðum að fækka verkefnum þar sem mannshöndin kemur beint að ferlinu og gera alla vinnslu rafræna frá upphafi til enda

stjóra að góðu kunnur en hann sá m.a. um smíði staðgreiðslukerfisins á seinni hluta síðustu aldar, kerfi sem enn er í notkun og rekið í stórtölvuumhverfi.

Mikil áhersla er lögð á góða og fjölbreytta tækniþekkingu starfsmanna á tæknisviði og ekki er loku fyrir það skotið að hugbúnaðarsérfræðingum muni fjölga á sviðinu á næstu misserum í takt við aukin verkefni við endurnýjun tölvukerfa og nýsmíði.

Breyttar áherslur í hugbúnaðarþróun

Tæknisvið ríkisskattstjóra á í miklu samstarfi við upplýsingatæknifyrirtæki og hugbúnaðarhús um rekstur og umsjón tölvukerfa. Hjá embættinu hafa að undanförnu verið til skoðunar breyttar áherslur

í fyrirkomulagi og verkefnastjórnun hvað varðar hugbúnaðarþróun og rekstur. Til greina kemur að breyta fyrirkomulagi á þann veg að viðhald kerfa, breytingar og nýsmíði, sem hugbúnaðarhús koma að, verði alfarið framkvæmd í tækniumhverfi RSK og í húsnæði RSK, samkvæmt skilgreiningum og kröfum RSK og undir eftirliti RSK. Hugbúnaðarhúsum, verkefnastjórnendum, sjálfstæðum tæknaðilum og öðrum hæfum aðilum verði gefinn kostur á að bjóða starfsfólk sitt til þátttöku í verkefnavinnu fyrir RSK. Ákvörðun um val þátttakenda myndi ávallt vera í höndum ríkisskattstjóra. Eins myndi tímjald verða ákvörðun RSK og viðkomandi, og fara eftir getu, reynslu og þekkingu þess sem fenginn er til verkefnisins. Framangreindar hugmyndir um breytt

fyrirkomulag kalla á agaðri vinnubrögð og stífari verkstjórn og er helsti ávinningur af slíku fyrirkomulagi hagkvæmari rekstur og aukið öryggi í viðhaldi hugbúnaðar.

Í hinu síbreytilega tækniumhverfi sem ríkisskattstjóri starfar er nauðsynlegt að fylgjast náið með nýjungum og framþróun og gæta þess vel að staðna ekki í gömlum vinnubrögðum og úreltri upplýsingatækni. Á árinu 2008 setti ríkisskattstjóri fram upplýsingastefnu og upplýsingatæknistefnu fyrir embættið. Komin er þörf á að endurskoða hana með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á þessu sviði og verður á komandi vetri unnið að nýrri stefnumótun í upplýsingamálum og upplýsingatæknimálum.

JBS



Hendricus E. Bjarnason, Ævar Ísberg, Halldór Eiríksson, Steinunn Jónasdóttir, Einar Valur Kristinsson, Arnar Vilhjálmsson og Friðjón Bjarnason vinna öll í hugbúnaðarhópi tæknisviðs.

Fagmennska – jákvæðni



Dagana 4.-6. september sl. hittust allir stjórnendur ríkisskattstjóra á árlegum haustfundi á Akureyri. Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra var sérstakur gestur fundarins. Hjá stórrí stofnun er brýnt að stjórnendahópurinn sé samstilltur og vinni ötullega að sameiginlegum

– samvinna í stjórnun RSK



markmiðum, öll samskipti séu á jákvæðum og uppbyggilegum nótum og starfsmenn virkjaðir til áframhaldandi góðra verka. Vel hefur gengið að stilla ólíka strengi saman frá sameiningu skattkerfisins og eru fundir sem þessir mjög mikilvægir í því ferli.

Ásgeir Heimir Guðmundsson
sviðsstjóri fjármálasviðs fór
yfir fjárhagsstöðuna með
fundarmönnum.



- Bókhald
 - Áhersla lögð á að bókhaldið daglegar afstemmingar og
 - Breytingar verða við brotth
- Rekstraráætlun 2013
 - Hallalaus rekstur, skv. reks
 - Hagræðing í rekstri + mark
 - Áhersla lögð á að finna lei
 - RSK.



Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir fór yfir niðurstöður starfsánægjukönnunar með fundarmönnum, velti upp spurningum og stýrði umræðum um niðurstöðurnar.

Í ár var stjórnendafundurinn með fremur óhefðbundnu sniði. Til þessa hefur megin-áhersla verið lögð á stefnumótun og samræmingu og samþættingu verkefna, en í ár var áhersla lögð á stjórnendurna sjálfa, hlutverk þeirra, aðferðir og viðmót gagnvart samstarfsmönnum með gildin fagmennsku, jákvæðni og samvinnu að leiðarljósi. Sýnd voru fjölmörg myndskreið um stjórnun, stjórnunarhætti, samskiptaaðferðir, mikilvægi réttra spurninga og hins ósagða. Meginefni fundarins var skipt í sex kafla sem báru yfirskriftirnar samskiptin, stjórnunin, skipulagið, starfsmennirnir, stofnunin og starfsemin.

Meginþorri stjórnenda hjá ríkisskattstjóra var áður í sérfræðingsstöðu innan

skattkerfisins en fór síðar í það hlutverk að verða fremstur meðal jafningja sem stjórnandi. Afar mismunandi er hvernig slíkt gengur og fólki misauðvelt að stýra starfi annarra og taka á þeim starfsmannamálum sem upp koma, án tillits til þess hversu færir þeir voru á sínu sérsviði skattamála. Á fundinum var þeirri spurningu meðal annars beint til fundarmanna hvort stjórnunarstaða væri sú staða sem þeir vildu vera í eða hvort þeir vildu ef til vill frekar starfa sem sérfræðingar. Ekki var krafist svara, en hverjum og einum falið að velja málinu fyrir sér.

Talsverðar umræður fóru fram um sögu stjórnunar hjá ríkisskattstjóra og þeim stofnunum sem voru forverar hins nýja

RSK. Stjórnunaraðferðir breytast með tímanum og því á ekki lengur allt það sama við. Hinsvegar var á það minnt að þegar umræða um sveigjanlegan vinnutíma á vinnustöðum komst í hámaili í þjóðfélaginu hafði slíkt fyrirkomulag þegar verið við lýði hjá ríkisskattstjóra í 30 ár og gefist vel. Stjórnun á vinnustaðnum byggir á trausti sem er að sama skapi grunnurinn að mannauðsstefnu RSK. Starfsmönnum er treyst til að sinna verkefnum sínum vel og tímanlega og tryggja jafnvægi á milli mikilvægis verka og þess tíma sem í þau er varið. Starfsánægja og vellíðan á vinnustað eru þættir sem miklu máli skipta og nánast er tryggt að skili betri árangri í starfseminni.

Í þeim mikla niðurskurði sem ríkisskattstjóri hefur þurft að takast á við líkt og flestar aðrar ríkisstofnanir hefur starfsmönnum fækkað og aukið álag myndast á þá sem eftir standa. Reynt er af fremsta megni að hagræða í störfum til að koma til móts við fækkun starfsmanna og aldrei má missa sjónar af aðalatriðunum í forgangsröðun verkefna.

Í kjölfar yfirferðar á niðurstöðum starfsánægjukönnunar tóku allir fundarmenn þátt í umræðum um það á hvaða hátt unnt sé að bæta vinnustaðinn enn frekar. Skipulag stofnunarinnar var rætt sem og velt upp hugmyndum um aðrar leiðir í þeim efnum. Skipurit er stjórnþæki sem nýtt

er á hverjum tíma og þarf að endurskoða reglulega, en er aldrei hafið yfir gagnrýni.

Að kvöldi 5. september var fundarmönnum boðið til hátíðarkvöldverðar þar sem Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra var sérstakur gestur. Ráðherra og ríkisskattstjóri héldu báðir stuttar ræður um skattamál, skattkerfið og starfsfólk þess. Góður rómur var gerður að máli þeirra.

Góður tími gafst til sviðsfunda, en mikilvægi þeirra er gríðarlegt, ekki síst þar sem starfsemin er dreifð um landið. Fjarfundakerfi og símar koma aldrei fyllilega í stað fundarhalds og samstillingar á þennan hátt.

Síðasti fundardagurinn var með hefðbundnu fyrirkomulagi og þar gerðu stjórnendur á stóru framleiðslusviðunum í stuttu máli grein fyrir niðurstöðum sviðsfundanna um helstu verkefni og áherslur sem framundan eru í vetur. Góðar umræður spunnust í kjölfarið og náðist þá að skýra betur það sem óljóst þótti.

Fundurinn var vel heppnaður og standa vonir til að sá eldmóður sem stjórnendur fóru með af fundinum skili sér í fleiri hugmyndum, áframhaldandi góðu starfi og gefi gott innlegg í starfsandann á vinnustaðnum.

IHG

Stefán Skjaldarson, Soffía Pétursdóttir, Jón Guðmundsson og Fanney Steinsdóttir.



Fundarmenn fóru í röska göngu um Hrísey með leiðsögn Aðalsteins Bergdal. Á myndinni eru m.a. Ingi Tómas Björnsson, Ásgeir Heimir Guðmundsson, Íris Erlingsdóttir, Sigmundur Stefánsson, Magnús Jóhannesson, Hilmar K. Hilmarsson, Ingvar J. Rögnvaldsson, Jón Guðmundsson, Inga Hanna Guðmundsdóttir, Guðrún Jenný Jónsdóttir, Jens Þór Svansson, Jónína B. Jónasdóttir, Stefán Skjaldarson, Aðalsteinn Bergdal og Fanney Steinsdóttir.

Niðurstöður álagningar 2013



Páll Kolbeins

er rekstrarhagfræðingur og hefur starfað hjá ríkisskattstjóra í rúman áratug. Áður starfaði hann hjá fjármálaráðuneytinu. Páll hefur séð um birtingu og vinnslu skattatölfræði á vef ríkisskattstjóra og úrvinnslu tölfræðilegra upplýsinga til birtingar í Tíund síðustu ár.

Í júlí sl. lagði ríkisskattstjóri skatta og gjöld á tekjur einstaklinga vegna ársins 2012. Framtöl einstaklinga bera enn vitni um þau umskipti sem urðu í íslensku efnahagslífi fyrir fimm árum. Engu að síður eru ákveðin merki um að ýmislegt horfi nú til betri vegar og að botninum hafi verið náð árið 2010. Launagreiðslur hafa aukist á sama tíma og greiðslur úr séreignarsjóðum hafa lækkað, matsverð eigna hefur hækkað á sama tíma og skuldir hafa lækkað og eigið fé einstaklinga hefur aukist. Skattstofnar hafa almennt vaxið og skatttekjur aukist. Þó að ekki sé hægt að tala um gagngera breytingu ætti þó alltjamt að vera óhætt að segja að þróun síðustu tveggja ára sé í rétta átt.

Við álagningu 2013 voru 264.194 framteljendur á skattgrunnskrá, þ.e. 0,9% fleiri en við álagningu fyrir ári. Skattgreiðendum fjölgaði annað árið í röð en framteljendum á skattgrunnskrá fækkaði umtalsvert eftir þau umskipti sem urðu í efnahagslífi landsins á haustdögum árið 2008. Munar þar mestu um erlenda ríkisborgara en frá árinu 2008 til 2012 fækkaði erlendum ríkisborgurum á skattgrunnskrá um rúmlega 10 þúsund. Árið 2008 voru 31.720 erlendir ríkisborgarar skattskyldir hér á landi, 17.533 fleiri en voru hér á landi árið 2006. Nú voru 697 fleiri erlendir ríkisborgarar á skattgrunnskrá en í fyrra. Íslendingum á skattgrunnskrá hefur hins vegar haldið áfram að fjölga frá árinu 2008 þrátt fyrir að sú fjölgun sé minni en hefði mátt vænta í venjulegu árferði. Í gegnum tíðina hefur Íslendingum á skattgrunnskrá fjölgað um u.þ.b. einn hundraðshluta frá ári til árs en frá árinu 2008 hefur hægt nokkuð á þeirri fjölgun. Það má ætla að þeir séu nú hátt í 4.000 færri en hefði mátt vænta ef þjóðinni hefði haldið áfram að fjölga um rúmt prósent á ári. Því er ekki ólíklegt að nokkur hópur hafi yfirgefið landið frá árinu 2008.

Skattskyldar tekjur

Skattskyldar tekjur jukust mikið í byrjun síðasta áratugar. Árið 2007 voru tekjur einstaklinga 1.416,2 milljarðar á föstu verðlagi í árslok 2012. Tekjur lækkuðu mikið í kjölfar þess að fjármálakerfi landsins riðaði til falls. Í þrjú ár samfellt lækkuðu tekjur að raungildi. Árið 2010 voru tekjur landsmanna 963,8 milljarðar, 31,9% lægri en þær voru árið 2007. Tekjur hafa hækkað lítillega á síðustu tveimur árum. Árið 2012 voru skattskyldar tekjur landsmanna 996,6 milljarðar. Raungildi tekna hækkaði um 22,1 milljarð á milli ára, eða 2,3%. Tekjur hafa aukist um 32,8 milljarða að raunvirði frá árinu 2010, eða 3,4%. Framteljendum á skattgrunnskrá hefur fjölgað um 3.429, eða um 1,3% á þessum tíma.

Mikla aukningu tekna einstaklinga upp úr aldamótunum síðustu mátti að umtalsverðu leyti rekja til mikillar aukningar fjármagnstekna sem hófst um það leyti. Það er athyglisvert að á þeim tíma sem fjármagnstekjur jukust einna hraðast var rúmur helmingur tekjuaukningarinnar í

þjóðfélaginu á hverju ári vegna aukinna fjármagnstekna, 55,7% á milli árunna 2004 og 2005, 47,4% á milli 2005 og 2006 og 59,2% milli 2006 og 2007. Fjármagnstekjur sem höfðu verið um tvö prósent skattskyldra tekna um miðjan 10. áratuginn voru orðnar um fjórðungur skattskyldra tekna árið 2007.

Frá árinu 2007 hefur raunvirði skattskyldra tekna lækkað en þar skiptir algert hrun fjármagnstekna umtalsverðu máli. Um 59% lækkunar skattskyldra tekna á árunum 2008 og 2009 var vegna lægri fjármagnstekna og 76,1% af lækkun skattskyldra tekna árið 2010 mátti skýra með hruni fjármagnstekna frá árinu áður. Frá árinu 2007 hafa tekjur landsmanna lækkað að raunvirði um 419,6 milljarða, en þar af eru 283,8 milljarðar vegna hruns fjármagnstekna sem hafa fallið úr 348,6 milljörðum árið 2007 í 64,8 milljarða á árinu 2012. Því má rekja 67,6% tekjulækkunarinnar til minni fjármagnstekna í þjóðfélaginu. Fjármagnstekjur voru um 6,5% skattskyldra tekna árið 2012.


Þó að algert hrun fjármagnstekna sé vissulega athyglisvert þá er lækkun annarra skattskyldra tekna, tekna sem mynda tekjuskatts- og útsvarsstofn, ekki síður áhugaverð. Langflestir landsmenn hafa lifibrauð sitt af launavinnu, lífeyri eða tryggingagreiðslum. Þróun þessara tekna gefur því betri mynd af þróun lífskjara í landinu en þróun fjármagnstekna sem eru ekki stór hluti aflafjár nema lítils hluta landsmanna.

Tekjuskatts- og útsvarsstofn þróaðist með svipuðum hætti og fjármagnstekjur síðastliðna tvo áratugi. Um miðjan 10. áratuginn tóku tekjur að aukast mjög hratt. Þær náðu hámarki árið 2007, lækkuðu í þrjú ár þar á eftir en hafa, eins og fjármagnstekjur, hækkað lítillega á síðustu tveimur árum. Tekjuskatts- og útsvarsstofn var 1.067,6 milljarðar árið 2007, lækkaði í 891,1 milljarð árið 2010 en hefur á síðustu tveimur árum vaxið í 931,8 milljarða að raunvirði. Stofninn lækkaði því um 176,6 milljarða, 16,5%, á milli árunna 2007 og 2010 en hefur nú hækkað aftur um tæpa 40,7 milljarða eða tæp 4,6% frá þeim tíma.

Það er ekki aðeins að tekjuskattsstofn hafi lækkað frá árinu 2007 heldur hefur tekjusamsetningin breyst nokkuð á þeim tíma sem liðinn er frá þeim örlagaríku atburðum sem gerðust hér á landi haustið 2008. Sem fyrr segir samanstendur tekjuskatts- og útsvarsstofn af launum og reiknuðu endurgjaldi, lífeyri, tryggingabótum og öðrum félagslegum greiðslum. Árið 2008 lækkuðu launatekjur umtalsvert

Milljarðar kr.


Tekjuskatts- og útsvarsstofn



Allt frá miðjum 10. áratugnum og fram til ársins 2007 jókst raungildi tekna einstaklinga samfellt. Frá árinu 2004 til ársins 2007 hækkaði tekjuskatts- og útsvarsstofn um 20,4%. Launagreiðslur jukust um 22,5% á þessum tíma. Stofninn lækkaði um 16,5% að raungildi á milli árunna 2007 og 2010 en launagreiðslur lækkuðu um 20,4% á þessum tíma. Síðan þá hefur stofninn aftur hækkað um 4,6%. Launagreiðslur hafa hækkað um 4,8%. Raunvirði tekjuskattsstofns var lítið eitt lægra árið 2012 en árið 2005.

Milljarðar kr.

Fjármagnstekjur



Það er ekki ofsagt að fjármagnstekjur hafi aukist gríðarlega mikið frá því um miðjan 10. áratuginn og fram að falli fjármálakerfisins árið 2007. Á þessum tíma jukust fjármagnstekjur ár frá ári hvort sem lítið er til tiltölu eða upphæða. Fjármagnstekjur rúmlega 30 földuðust á þessum tíma. Fjármagnstekjur voru stór hluti tekjuaukningarinnar á þessum tíma. Árið 2007 voru fjármagnstekjur tæpur fjórðungur skattskyldra tekna einstaklinga. Frá þeim tíma hafa fjármagnstekjur hrunið og eru nú svipaðar því sem þær voru fyrir 10 árum.

en landsmenn bættu sér upp tekjumissinn með lífeyrissparnaði. Atvinnuleysisbætur jukust gríðarlega. Þessar greiðslur vógu að mestu leyti upp lækkun launatekna en tekjuskattsstofn hækkaði að nafnverði um rúmlega 7,5% á milli árunna 2007 og 2008. Stofninn lækkaði hins vegar að raungildi um 9,0% á þessum tíma. Þó að tekjuskattsstofn hafi ekki vaxið mikið frá hruni hefur þróun einstakra tekjuliða verið jákvæð síðasta árið. Launagreiðslur hafa hækkað á sama tíma og lífeyris-


greiðslur og atvinnuleysisbætur hafa heldur lækkað.

Laun og tekjur af vinnu

Laun og ýmsar starfstengdar greiðslur, reiknað endurgjald og hreinn hagnaður, ökutækjastyrkur og dagpeningar sem eru endurgjald fyrir vinnu hafa lækkað mun meira frá árinu 2007 en ætla mætti ef aðeins væri horft á tekjuskatts- og útsvarsstofn. Þessar tekjur lækkuðu um 185,5 milljarða á milli árunna 2007 og 2010, eða

Milljarðar kr.


Hreinar tekjur og hagnaður af eigin atvinnurekstri



Á sama tíma og umsvif og tekjur jukust mikið í þjóðfélaginu sáu margir sér hag í því að stofna einkahlutafélag um rekstur sem hefði áður verið rekinn í eigin nafni. Hagnaður af slíkrari starfsemi var því skattlagður þegar lagt var á lögaðila en ekki hjá einstaklingum og reiknað endurgjald var fært sem laun á skattframtali. Hagnaður af atvinnurekstri í eigin nafni var 20,1 milljarður árið 2000 en sjö milljarðar árið 2010. Eftir að skattar á arð fyrirtækja voru hækkaðir hafa aftur fleiri farið að reikna sér endurgjald vegna vinnu við atvinnurekstur í eigin nafni.

Milljarðar kr.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum



Lífeyrisgreiðslur jukust mikið eftir fall bankanna. Þeim sem ekki höfðu náð lífeyrisaldri var leyft að taka út séreignarsparnað til að mæta tekjufalli eða atvinnuleysi. Þeim sem náð höfðu lífeyrisaldri var leyft að taka út allan séreignarsparnað á einu bretti. Laun lækkuðu en lífeyrir og atvinnuleysisbætur hækkuðu á móti. Frá árinu 2007 hafa landsmenn tekið 117,7 milljarða úr séreignarsjóðum en þar af eru 78,2 milljarðar sérstök útborgun.

20,4% að raunvirði. Þetta var á sama tíma og tekjuskatts- og útsvarsstofn lækkaði um 176,5 milljarða. Landsmenn fengu 758,6 milljarða greidda í laun árið 2012, sem var 3,3% meira en árið áður. Laun og ýmsar starfstengdar greiðslur hækkuðu um 24,2 milljarða á sama tíma og tekjuskatts- og útsvarsstofn hækkaði um 18,9 milljarða. Aðrar greiðslur, tryggingabætur og lífeyrir lækkuðu á móti. Þó að aðeins sé um rúmlega 2% hækkun að ræða að raungildi þá verður engu að síður að teljast jákvætt

að hlutur launa og starfstengdra tekna hafi aukist nokkuð á sama tíma og aðrar greiðslur hafa lækkað.

Það vekur athygli að reiknað endurgjald og hreinn hagnaður af atvinnurekstri einstaklinga með rekstur hækkar nú aftur annað árið í röð. Eftir að einkahlutafélög komu til sögunnar fækkaði þeim stöðugt sem reiknuðu sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur. Árið 1997, um það leyti sem fjármagnstekjuskattur var tekinn upp, reiknuðu 27.057 manns sér endur-

gjald. Þeim fækkaði stöðugt fram til ársins 2007 á sama tíma og einkahlutafélögum fjölgaði. Skattar á félög voru lækkaðir á þessum tíma og fleiri sáu sér hag í því að stofna einkahlutafélag um rekstur sem hefði áður verið rekinn í nafni eiganda. Nú þegar skattar á félög og arð hafa hækkað er aftur orðið algengara að menn reki fyrirtæki á eigin kennitölu. Það er þó ekki hægt að segja að um veruleg umskipti sé að ræða en þó er augljóst að breytingar á skattkerfinu á undanföllum árum hafa leitt til þess að menn sjá sér síður hag í því að stofna einkahlutafélag um rekstur.

Á þeim tíma sem einstaklingum sem reikna sér endurgjald hefur fækkað hefur reiknað endurgjald og hagnaður af rekstri fyrirtækja sem rekin eru í nafni eiganda minnkað. Árið 1997 reiknuðu einstaklingar sér 53,9 milljarða í endurgjald og hagnað af atvinnurekstri í eigin nafni en þar af var hreinn hagnaður 18,1 milljarður. Reiknað endurgjald og hreinn hagnaður lækkuðu ár frá ári á sama tíma og hagnaður fyrirtækja og arður hækkuðu. Árið 2007 þegar tekjur náðu hámarki var afrakstur einstaklinga af eigin atvinnurekstri 34,5 milljarðar, 35,9% lægri en hann hafði verið árið 2007 og var kominn niður í 23,4 milljarða árið 2010. Hreinn hagnaður var þá sjö milljarðar.

Það er augljóst að stór hluti þess hagnaðar sem áður var talinn fram á framtali einstaklinga og myndaði því stofn til tekjuskatts og útsvars hefur verið fluttur yfir í einkahlutafélög og skattlagður sem hagnaður hjá félagi eða sem arður hjá eiganda. Sem fyrr segir fjölgaði einstaklingum sem reikna sér endurgjald nokkuð á milli ára og reiknað endurgjald hækkaði, sem og hagnaðurinn. Landsmenn reiknuðu sér 17,7 milljarða í endurgjald sem er milljarði meira en í fyrra. Hagnaðurinn jókst um 700 milljónir, var 8,5 milljarðar árið 2012. Samanlagt var afrakstur af atvinnustarfsemi einstaklinga því 26,2 milljarðar, eða 51,4% minni en árið 1997.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum

Lífeyrisgreiðslur hafa aukist mun meira en aðrar útsvarsskyldar tekjur undanfarna tvo áratugi. Hér hefur verið byggt upp öflugt lífeyriskerfi og vinnandi fólki á besta aldri er gert að leggja í hverjum mánuði hluta launa fyrir í lífeyrissjóð. Lengst af greiddu launþegar 4% skylduigjald í lífeyristryggingasjóð og launagreiðandi lagði til 6% af launum í mótframlag. Greiðslur úr almennum lífeyrissjóðum jukust mikið á tíunda áratugi síðustu aldar og fyrsta áratugi þessarar. Þær voru tæpir 40 milljarðar

árið 2001, 91,3% hærri en árið 1993 en voru komnar í 60 milljarða árið 2006 og höfðu þannig aukist um 51,7% á fimm árum. Árið 2008 lækkuðu lífeyrisgreiðslur um 3,8 milljarða, eða 5,8% að raunvirði, fóru úr 66,1 milljarði í 62,2 milljarða. Það árið tóku landsmenn þó út 2,6 milljarða af séreignarsparnaði. Greiðslur úr almennum lífeyrissjóðum hækkuðu aftur lítillega fram til ársins 2011, um 0,9% til 2,1%. Það árið fengu landsmenn 64,9 milljarða greidda í lífeyri. Greiðslurnar voru svo 5,5 milljörðum, eða 8,5%, hærri að raungildi árið 2012 en árið 2011. Tæpan þriðjung 18,9 milljarða hækunar tekjuskatts- og útsvarsstofns á milli áráanna 2011 og 2012 má því rekja til greiðslna úr almennum lífeyrissjóðum en 45.617 manns fengu greiddan lífeyri úr almennum lífeyris-sjóðum árið 2012, sem er 4,3% fleiri en árið áður.

Eftir þá örlagaríku atburði sem urðu hér á landi á haustdögum 2008 var gripið til þess ráðs að leyfa þeim sem ekki voru komnir á lífeyrisaldur að taka út hluta séreignarsparnaðar. Þá var þeim sem náð höfðu aldri leyft að taka út allan sér-eignarsparnað á einu bretti. Greiðslur úr séreignarsjóðum jukust mikið. Árið 2009 tóku landsmenn út 16,8 milljarða úr sér-eignarsjóðum, 14,2 milljörðum meira en árið áður. Það ár tóku þeir sem ekki höfðu náð lífeyrisaldri út 23,6 milljarða úr sér-eignarsjóðum en 39.184 manns nýttu sér rétt til að taka út hluta lífeyrissparnaðar í hverjum mánuði til að drýgja tekjurnar eða mæta afleiðingum efnahagsáfallsins. Árið 2010 voru 17,4 milljarðar teknir út og 23,6 árið 2011. Nú hefur nokkuð dregið úr þessum greiðslum og færri nýta sér réttinn en 16.996 framteljendur sem ekki höfðu náð lífeyrisaldri tóku út tæpa 13,7 milljarða af séreignarsparnaði árið 2012. Þetta er 42,1% minna en árið áður. Frá árinu 2009 hafa þeir sem ekki voru búnir að ná lífeyrisaldri tekið út 78,2 milljarða séreignarsparnaðar. Frá árinu 2010 hafa þeir sem náð hafa aldri tekið út sex til sjö milljarða árlega úr séreignarsjóðum, samtals 39,5 milljarða. Þetta fólk tók út 7,2 milljarða árið 2012, sem var 460 millj-ónum meira en tekið var út árið áður. Frá árinu 2008 hafa landsmenn tekið út 117,7 milljarða í lífeyrissparnað sem þeir áttu í séreignarsjóðum.

Atvinnuleysisbætur


Í gegnum tíðina hefur atvinnuleysi verið óverulegt hér á landi. Atvinnuleysi minnkaði undir lok tíunda áratugarins, jókst nokkuð upp úr aldamótum en féll

svo aftur á uppgangsárunum um miðjan fyrsta áratug þessarar aldar. Þá var næga vinnu að fá og útlendingar streymdu til landsins til að vinna. Því má með nokkrum sanni segja að í landinu hafi verið minna en ekkert atvinnuleysi. Eftir að vatnaskil urðu í efnahagslífi þjóðarinnar hækkuðu atvinnuleysisbætur um 18,6 milljarða á einu bretti, fóru úr 4,5 milljörðum árið 2008 í 23,1 milljarð árið 2009. Hækkunin var 416% á milli ára. Þeim sem töldu þessar greiðslur fram

fjölgaði úr 4.560 árið 2007 í 10.370 árið 2008 og loks í 27.638 árið 2009. Síðan þá hefur þeim sem telja fram atvinnuleysisbætur fækkað. Árið 2012 fengu 19.896 manns greiddar atvinnuleysisbætur frá Vinnumálastofnun. Það eru 7.742 færri en árið 2009 og 2.456 færri en fyrir ári. Bæturnar hafa einnig lækkað að raungildi. Landsmenn fengu 16,1 milljarð greiddan í atvinnuleysisbætur árið 2012, sem er 3,4 milljörðum, eða 17,4%, minna að raungildi en árið áður. Tölur um atvinnuleysi

Milljarðar kr.


Atvinnuleysisbætur



Á haustdögum árið 2008 urðu alger umskipti í efnahagslífi landsins. Afleiðingarnar komu fram ári síðar af fullum þunga. Atvinnuleysisbætur hækkuðu um 18,6 milljarða á milli ára og voru 23,1 milljarður árið 2008. Síðan þá hafa atvinnuleysisbætur farið lækkandi. Þær voru 6,9 milljörðum lægri árið 2012 en þegar þær voru hæstar en eru þó enn í engu samræmi við það sem menn höfðu átt að venjast.

Milljarðar kr.

Greiðslur frá Tryggingastofnun



Þrátt fyrir erfiða tíma hafa bætur frá Tryggingastofnun ekki aðeins haldið verðgildi sínu, ólíkt ýmsum öðrum liðum tekjuskatts- og útsvarsstofns, heldur hækkað. Tryggingabætur jukust um 21,6 milljarða á árunum 2007 til 2012, eða 55,9%. Á þessum tíma lækkuðu launagreiðslur um 150,5 milljarða og tekjur ríkisins af almennum tekjuskatti um tæpa 19 milljarða.

og atvinnuleysisbætur eru einn skýrasti vitnisburður þeirra efnahagshremminga sem þjóðin hefur gengið í gegnum á undanföllum árum. Það er mikilvægt að hafa í huga að margir sem fá greiddar atvinnuleysisbætur eru atvinnulausir hluta úr ári. Það vekur hins vegar athygli að greiddar atvinnuleysisbætur voru 430.968 kr. að meðaltali árið 2008 en 872.988 kr. árið 2011. Þær voru 809.995 kr. að meðaltali árið 2012. Þó að atvinnuleysisbætur hafi minnkað og færri telji nú fram atvinnuleysisbætur er ástandið augljóslega langt frá því sem hefur þótt ásættanlegt. Það er ekki ólíklegt að einhverjir hafi misst réttinn til atvinnuleysisbóta og hafi því neyðst til að leita annarra úrræða.

Greiðslur frá Tryggingastofnun

Greiðslur frá Tryggingastofnun hafa hækkað jafnt og þétt að raungildi á síðustu 20 árum. Almennatryggingar eru greiddar af skattfé vinnandi fólks og því er athyglisvert að greiðslur úr almennatryggingum hafi almennt haldið verðgildi sínu á síðustu árum á sama tíma og raungildi launa fyrir vinnu hefur dregist mikið saman. Sem fyrr segir lækkaði raungildi samanlagðra launa í þjóðfélaginu um 20,4% á milli árunna 2007 og 2010. Á sama tíma lækkuðu greiðslur frá Tryggingastofnun um 0,1%. Síðan þá hefur raungildi greiðslna frá Tryggingastofnun aukist ár frá ári, um 7,8% á milli árunna 2010 og 2011 og 1,5% á milli árunna 2011 og 2012. Skattskyldar greiðslur Tryggingastofnunar voru 6,1% af launasummunnni árið 2007 en þessar greiðslur voru 8% af launum árið 2012. Árið 2012 fengu 47.889 manns greidda 60,3 milljarða úr almennatryggingum. Þetta eru 1.837 fleiri en fyrir ári og hefur þeim sem fá þessar greiðslur því fjölgað um 4%.

Félagslegar greiðslur

Þó að ekki sé hér um verulega háar fjárhæðir að ræða miðað við aðrar greiðslur sem framteljendur telja fram þá er athyglisvert að skoða hvernig félagslegar greiðslur sveitarfélaga hafa þróast á undanföllum árum. Árið 2007 fengu 3.090 einstaklingar félagslega aðstoð frá sveitarfélögum og var hún þá 1.399 milljónir. Árið 2012 greiddu sveitarfélögin 5.436 einstaklingum 3.106 milljónir í húsaleigubætur, félagslega aðstoð og styrki. Þetta eru 2.346 fleiri en árið 2007. Þeim sem fengu greiddar húsaleigubætur, félagslega aðstoð og styrki frá sveitarfélögum árið 2012 fækkaði þó um 59 frá árinu á undan. Bæturnar voru hins vegar 245 milljónum hærri að raunvirði.

Arður sem laun

Þeir sem átta meira en fimm prósent hlut í fyrirtæki sem greiddi meira en 20% af eiginfé í arð til hluthafa þurftu að greiða tekjuskatt og útsvar af helmingi þess sem var greitt út umfram þessi mörk. Árið 2011 greiddi 81 eigandi sér rúmar 140 milljónir í arð sem var meira en 20% af eiginfé. Helmingur arðsins myndaði stofn til tekjuskatts og útsvars, eða 70,8 milljónir. Árið 2012 var arður sem laun 121,8 milljónir en 96 manns greiddu sér arð úr fyrirtækjum sem var meira en 20% af eiginfé.

Frádráttur

Frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, eða eru tengdar slíkum rekstri, má draga rekstrarkostnað, þ.e. þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda

”

Þó að atvinnuleysisbætur hafi minnkað og færri telji nú fram atvinnuleysisbætur er ástandið augljóslega langt frá því sem hefur þótt ásættanlegt. Það er ekki ólíklegt að einhverjir hafi misst réttinn til atvinnuleysisbóta

þeim við. Þessu er öðruvísi farið með einstaklinga. Fólki er almennt ekki leyft að draga frá kostnað sem fellur til við að afla sér lífsviðurværis, s.s. kostnað vegna fæðis, húsnæðis og samgangna. Fyrr á tíðum var ýmis frádráttur frá skattstofni vegna sérstakra aðstæðna gjaldandans veigamikill liður í skattkerfinu en eftir að staðgreiðslukerfið var tekið upp árið 1987 var áherslan hins vegar lögð á almennan persónuafslátt af skatti, sjómannaafslátt og bætur. Þó hefur frádráttur vegna sérstakra aðstæðna, s.s. vegna fjárfestingar í hlutabréfum og viðhalds fasteigna verið leyfður í gegnum tíðina. Ívilnun vegna skerts gjaldþols hefur verið við lýði um

árábil. Tekjuskattstofn var lækkaður um 60,8 milljarða við álagningu 2013, eða 6,1%. Þetta er heldur lægra hlutfall en undanfarin tvö ár en stofninn var lækkaður um 6,7% í álagningu 2012 og 2011.

Greiðslur í lífeyrissjóð

Langstærsti einstaki frádráttarliðurinn er vegna lífeyrисиðgjalda. Landsmenn geta dregið lífeyrисиðgjöld, allt að 6% af launum, frá tekjuskattstofni. Þetta á við þótt hærri fjárhæð hafi verið greidd í lífeyrissjóð. Annars vegar er um að ræða 4% iðgjald í almennan lífeyrissjóð og hins vegar 2% greiðslu í séreignarsjóð. Tekjuskatts- og útsvarsstofn var lækkaður um 29,6 milljarða vegna greiðslu í almennan lífeyrissjóð, sem var tæpum 2,6% meira en var dregið frá stofni á framtali 2012. Greiðslur í almenna lífeyrissjóði hækkuðu um 739 milljónir á milli ára að raunvirði. Þetta er heldur minni hækkan á greiðslum í lífeyrissjóði en nemur hækkan launa í landinu. Nú drógu 182.789 einstaklingar greiðslur í lífeyrissjóði frá skattstofni. Þetta er sá fjöldi sem aflaði launa eða reiknaði sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur árið 2012, 2.316 eða 1,3% fleiri en árið 2011.

Frádráttur vegna viðbótariðgjalds lækkaði mikið á milli framtalsáranna 2012 og 2013. Landsmenn drógu 8,9 milljarða frá skattstofni vegna greiðslu í séreignarlífeyrissjóð á árinu 2012, tæpum 5,4 milljörðum minna en árið áður. Frádráttur vegna greiðslu í séreignarlífeyrissjóð dróst saman um 37,5% á milli ára að raungildi. Á sama tíma greiddu umtalsvert fleiri í séreignarsjóði, 109.406 miðað við 89.101 árið 2011. Aldrei hafa fleiri greitt viðbótariðgjald í lífeyrissjóð, en 20.305 fleiri greiddu í séreignarlífeyrissjóð árið 2012 en árið áður. Þetta er fjölgun um 22,8%. Iðgjöld í lífeyrissjóði hafa dregist mjög mikið saman að raungildi frá árinu 2007. Þá var frádráttur vegna greiðslu iðgjalda í almennan lífeyrissjóð 34,3 milljarðar og viðbótariðgjald í séreignarsjóð var tæpir 18,5 milljarðar. Iðgjöld í séreignarsjóði voru því rúmlega helmingi lægri árið 2012 en árið 2007. Á þessum tíma hefur frádráttarbært iðgjald í lífeyrissjóð verið lækkað úr 4% í 2%. Þá ber að geta þess að launagreiðanda er frjálst að greiða mun meira en hefðbundið mótframlag í séreignarlífeyrissjóð sem hefur verið 2%.

Dagpeningar

Það er góðs viti að dagpeningar og ökutækjastyrkur hækkuðu nokkuð á milli árunna 2011 og 2012. Nokkuð

dró úr þessum aukagreiðslum eftir að kaflaskil urðu í efnahagslífi þjóðarinnar. Sérstaklega dró úr greiðslu dagpeninga. Árið 2007 fengu 28.703 framteljendur greidda dagpeninga. Árið 2009 fengu 20.205 manns greidda dagpeninga, 8.498 færri en árið 2007. Mikið dró því úr utanferðum á þessum tíma. Árið 2012 fengu 24.431 einstaklingar greidda tæpa 10,7 milljarða í dagpeninga vegna ferðalaga fyrir vinnuveitanda. Þetta var 488 milljónum, 4,8%, meira en árið áður. Það vekur nokkra athygli að annars vegar draga fleiri frá kostnað vegna dagpeninga og þá er meiri kostnaður dreginn frá. Í álagningu 2013 mynduðu aðeins 232 milljónir þeirra tæplega 10,7 milljarða sem launamenn fengu greidda vegna ferðalaga stofn til tekjuskatts og útsvars, eða 2,2% greiddra dagpeninga. Þetta hlutfall hefur farið lækkað á síðustu árum en sem dæmi má nefna að árið 2007 greiddu launagreiðendur rúma 10 milljarða í dagpeninga en þar af var tæpur milljarður, 907 milljónir, skattlagður. Sem fyrr segir fengu 28.703 launamenn greidda dagpeninga það árið en af þeim drógu 3.963 ekki kostnað vegna ferðalaga frá skattstofni. Nú dró 71 framteljandi ekki frá kostnað á móti dagpeningagreiðslum. Á síðustu árum hefur ríkisskattstjóri dregið sjálfkrafa frá kostnað vegna dagpeninga ef dagpeningarnir eru undir ákveðinni viðmiðunarupphæð.

Ökutækjastyrkur

Það er eins farið með ökutækjastyrki og dagpeninga. Þessar aukagreiðslur drógust mikið saman fyrstu árin eftir fall bankanna. Árið 2007 fengu 37.700 manns greidda rúma 10,6 milljarða í ökutækjastyrk. Árið 2009 var þessi tala rúmlega 1,5 milljörðum lægri að raungildi. Þá fengu 34.264 greiddan ökutækjastyrk, 3.436 færri en árið 2007. Nú er aftur orðið algengara að menn fái ökutækjastyrk vegna aksturs fyrir vinnuveitanda. Árið 2012 fengu 35.704 greidda tæpa 9,8 milljarða í ökutækjastyrk. Það eru 717 fleiri en árið áður en styrkurinn hækkaði að raungildi um 459 milljónir á milli ára. Um 70,3% ökutækjastyrks eru dregin frá skattstofni og hefur þetta hlutfall almennt farið hækkað á síðustu árum. Það vekur athygli að 3.500 manns sem fengu greiddan ökutækjastyrk hafa ekki dregið frá kostnað vegna aksturs. Frádráttur frá skattstofni vegna ökutækjastyrks var tæpir 6,9 milljarðar og því var greiddur fullur skattur af rúmum 2,9 milljörðum, rúmum milljarði minna en árið 2007. Ökutækjastyrkur

hefur lækkað meira en frádrátturinn. Árið 2007 drógu 5.696 ekki neinn kostnað frá ökutækjastyrk.

Náms-, rannsóknar- og vísindastyrkir

Árið 2012 fengu 22.285 manns greidda styrki vegna náms, rannsókna og vísindastarfa, 2.654 fleiri en árið áður. Það vekur nokkra athygli hve mikið þeim fjölga sem njóta styrkja af þessum toga. Árið 2001 fengu 8.003 slíka styrki. Þeim hefur síðan fjölgað nær linnulaust frá þeim tíma. Að vísu fækkaði nokkuð á milli árána 2009 og 2010 en þá fengu 16.414 styrk vegna náms eða rannsókna, sem var þá 4.138 færri en árið áður. Raunvirði styrkjanna hefur hins vegar aðeins hækkað um 4,1% frá árinu 2007. Það vekur nokkra athygli að aðeins um helmingur þeirra sem fá styrki vegna náms, rannsókna og vísindastarfa telur fram frádrátt á móti styrknum. Af þeim 22.285 sem fengu greiddan styrk drógu aðeins 12.763 frá kostnað á móti honum. Frádráttur á móti styrkjunum var um 65% af upphæð styrkjanna þannig að 35% voru skattlögð, eða um 660 milljónir. Þetta er svipað því sem hefur verið undanfarinn áratug.

Áætlanir

Ríkisskattstjóri áætlaði 10.240 framteljendum rúma 34,6 milljarða í tekjur og álag. Þessir framteljendur ýmist skiluðu ekki framtali fyrir framtalsfrest eða eru taldir hafa vantalið tekjur. Á undanförnum árum hafa færri verið áætlaðir og áætlanir lækkað sem er til marks um árangur í skattframkvæmd. Árið 2007 voru skattar 16.233 einstaklinga áætlaðir. Þá voru áætlanir 78,7 milljarðar sem voru 7,4% tekjuskattstofns en síðan þá hefur áætlunum fækkað ár frá ári. Um 3,7% tekjuskattstofns byggði á áætlunum við álagningu 2013. Í fyrra voru 4,4% tekjuskattstofns byggð á áætlun en þá áætlaði ríkisskattstjóri 11.614 einstaklingum 39.771 milljarð í vantaldar tekjur. Áætlanir hafa því lækkað um 12,9% á milli ára.

Fjármagnstekjur og peningalegar eignir

Um miðjan 10. áratuginn hófst uppgangsskeið hér á landi sem stóð óslitið fram að falli fjármálakerfisins árið 2008. Mikill vöxtur fjármagnstekna var einnennandi fyrir þetta tímabil. Bankar voru

einkavæddir og virkum fjármálamarkaði komið á laggirnar. Vöxtur fjármagnstekna á þessum tíma var gríðarlegur. Sérstaklega athyglisverð var mikil aukning söluhagnaður af hlutabréfum og arðs. Fjármagnstekjur jukust mun hraðar en aðrar tekjur og því jókst vægi þeirra töluvert á þessum tíma. Frá hruni hafa fjármagnstekjur snarminnkað. Árið 2012 voru fjármagnstekjur landsmanna 64,8 milljarðar sem er lítið eitt lægra en árið 2000. Árið 2007 var raunvirði fjármagnstekna 348,6 milljarðar. Þær hafa því lækkað um 283,8 milljarða síðan þá, eða 81,4%. Fjármagnstekjur hækkuðu um 3,3 milljarða á milli árána 2011 og 2012, eða um 5,3%.

Innlendar innstæður

Þróun innstæða í innlendum bönkum á síðustu árum er sérstaklega áhugaverð. Innstæður voru fyrst áritaðar á skattframtöl ársins 2009 en fram að þeim tíma hafði framteljendum verið treyst til að telja þær fram eftir bestu vitund að viðlögðum drengskap. Árið 2008 sögðust 72.396 fjölskyldur hafa átt innstæður í árslok 2007 skv. skýrslu þeirra um tekjur og eignir til skattyfirvalda það árið. Eignir eru taldar í sameiginlegri eigu hjóna og samskattaðra og því skila þeir aðilar aðeins einni eignasíðu með skattframtalinu. Þessar fjölskyldur sögðust hafa átt sem samsvavar 378,7 milljörðum á innlendum bankareikningum í árslok 2007. Ári síðar voru upplýsingar frá bönkum áritaðar á skattframtöl. Þá kom í ljós að 168.693 fjölskyldur áttu 767,2 milljarða á bankareikningum, 102,6% meira en árið áður. Þetta hlýtur að teljast til tíðinda í miðju bankahruni. Síðan þá hefur raunvirði innstæðna minnkað ár frá ári. Landsmenn áttu 462,7 milljarða á innlánsreikningum í árslok 2012, 44 milljörðum minna en árið áður. Innstæður rýrnuðu um 8,7% á milli ára og hafa rýrnað um 39,7% frá því í árslok 2008.

Engin einhlít skýring er á því af hverju innstæður hafa rýrnað á undanförunum árum. Augljóslega hefur verðbólga étið upp innstæður að einhverju marki og gengið hefur á sparifé þeirra sem hafa þurft að mæta fjárhagslegum áföllum. Þá hafa margir vafalaust fundið aðrar leiðir til að geyma sparifé sitt, t.d. í verðbréfum eða fasteignum. Hvað sem því líður er um athyglisverða þróun að ræða og áhugavert rannsóknarefni.

Vextir af innstæðum og þróun vaxta af innstæðum hefur verið í nokkuð góðu samræmi við framtaldar og áritaðar inn-

Skattskyldar tekjur einstaklinga

Upphæðir í milljórdum króna á verðlagi í árslok 2012

Tekjur einstaklinga											Fjöldi framteljenda									
Tekjuár	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012		2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	
Tekjuskatts- og útsvarstofn																				
Laun, hlunnindi, lífeyrir o.fl.																				
Laun, starfst.gr. o.fl.	703,0	762,6	808,9	869,7	800,2	701,4	697,3	706,9	729,2		163.592	167.240	171.247	176.414	181.682	177.284	176.149	174.256	176.941	
Bífreiddahlunnindi	-	4,6	4,9	5,5	5,2	4,8	4,4	3,7	3,7		-	5.043	5.528	6.095	6.035	5.544	4.746	4.230	4.095	
Önnur hlunnindi	-	4,3	3,1	9,6	1,3	1,6	1,0	1,1	1,1		-	14.917	15.262	14.443	13.487	11.621	11.317	11.774	12.281	
Ökutækjastyrkur	9,8	10,2	10,6	10,6	10,5	9,1	9,0	9,3	9,8		33.253	34.776	36.507	37.700	38.293	34.264	33.932	34.987	35.704	
Dagpeningar	9,7	10,0	10,7	10,0	9,8	9,2	9,8	10,2	10,7		23.667	25.376	27.003	28.703	26.835	20.205	21.461	23.220	24.431	
Reiknað endurgjald	25,3	24,4	23,8	23,6	19,6	17,1	16,4	16,6	17,7		17.750	17.188	16.751	16.527	16.579	16.145	15.815	16.268	16.938	
Greiðslur frá Tryggingastofnun	51,3	51,6	51,6	55,2	52,9	54,6	55,2	59,5	60,3		46.636	46.866	47.324	47.580	48.149	47.086	44.804	46.052	47.889	
Greiðslur úr lífeyrissjóðum	51,1	55,2	60,0	66,1	64,8	103,1	87,6	95,3	91,2		39.511	40.596	41.500	42.728	43.195	42.613	42.960	43.721	45.617	
Séreignarlífeyrissjóðir	-	-	-	-	2,6	16,8	6,1	6,8	7,2						2.061	10.254	6.162	6.359	7.849	
Sérstök útborgun séreignarsparnaðar	-	-	-	-	-	23,6	17,4	23,6	13,7							39.184	29.221	24.602	16.996	
Aðrar tekjur	6,0	5,6	6,9	8,7	6,6	7,4	7,3	7,5	8,1		29.997	34.745	36.664	37.083	42.109	44.364	47.689	48.602	53.743	
Húsaleigubætur, aðstoð og styrkir	1,7	1,6	1,5	1,4	1,5	2,0	2,6	2,9	3,1		4.022	3.413	3.478	3.090	3.639	4.278	5.158	5.495	5.436	
Atvinnuleysisbætur	5,8	3,9	2,8	2,5	4,5	23,1	21,2	19,5	16,1		11.380	8.363	5.809	4.560	10.370	27.638	25.118	22.352	19.896	
Styrkir vegna náms, vísindst. o.fl.	1,4	1,5	1,6	1,8	1,6	1,7	1,5	1,8	1,9		15.454	16.630	18.179	18.694	18.375	20.552	16.414	19.631	22.285	
Tekjur erlendis frá	0,2	0,2	0,3	0,3	0,4	0,7	0,5	0,5	0,5		103	150	177	204	218	265	247	248	227	
Tekjur látnis maka	0,0	0,0	0,0	0,0	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0				-	-	17	5	7	1	1	
Samtals:	865,4	927,0	978,9	1.050,0	972,5	929,4	908,5	930,7	949,4		204.738	208.805	213.685	218.666	225.123	226.946	227.259	225.933	229.351	
Hreinar tekjur af atvinnurekstri	9,5	10,2	10,7	10,9	8,4	7,5	7,0	7,9	8,5		13.171	13.415	13.243	12.927	12.893	12.467	12.435	13.098	13.933	
Áætlun																				
Áætlaður tekjuskattsstofn viðbót	65,8	63,1	67,4	73,7	55,6	38,7	36,4	37,1	32,2		13.586	13.626	14.490	16.231	12.615	8.992	10.190	11.608	10.239	
Áætlað álag á tekjuskattsstofn	5,3	4,7	4,9	5,0	3,9	3,1	3,0	2,7	2,4		12.708	12.634	14.443	16.206	12.553	8.947	10.184	11.611	9.341	
Samtals:	71,1	67,8	72,3	78,7	59,5	41,8	39,4	39,8	34,6		13.587	13.637	14.499	16.233	12.619	9.071	10.190	11.614	10.240	
Frádráttur frá launum o.fl.																				
Kostnaður á móti ökutækjastyrk	6,2	6,4	6,4	6,7	6,7	6,2	6,3	6,6	6w,9		27.996	29.115	30.641	32.004	32.207	29.272	30.799	31.573	32.204	
Frádráttur vegna dagpeninga	9,2	9,2	9,7	9,1	9,5	8,9	9,6	10,0	10,4		21.504	22.599	23.459	24.740	26.577	20.007	21.361	23.138	24.360	
Frádrægið iðgjald í lífeyrissjóð	27,8	30,0	32,2	34,3	31,9	28,7	28,5	28,9	29,6		166.060	170.010	173.687	178.101	182.862	182.585	181.927	180.473	182.789	
Frádrægið iðgjald í lífeyrissjóð, 4%	12,8	15,4	16,9	18,5	17,2	14,3	14,1	14,3	8,9		83.400	94.752	98.995	102.847	104.915	95.947	89.462	89.101	109.406	
Frádr. vegna náms og vísindastyrkja	1,0	1,0	1,1	1,1	1,0	0,9	1,0	1,2	1,2		10.553	10.981	11.552	11.835	11.010	10.861	9.697	11.460	12.763	
Frádráttur vegna annarra styrkja	0,5	0,5	0,6	0,7	0,6	0,6	0,9	1,0	1,4		6.926	5.503	4.849	5.355	5.455	4.796	9.697	11.722	24.806	
Frádráttur vegna viðhalds fasteigna	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	1,7	1,5	0,0								18.116	18.737		
Samtals:	57,5	62,4	66,8	70,8	66,8	59,5	62,0	63,4	58,5		167.138	170.915	174.723	179.232	184.103	183.746	187.876	187.022	184.127	
Lækkun skv. 66. gr.	1,9	1,7	1,6	1,6	1,7	1,9	1,9	2,1	2,4		10.875	10.144	9.346	8.763	9.980	11.306	11.267	12.455	15.872	
Tekjuskatts- og útsvarstofn	886,6	940,9	993,4	1.067,6	971,9	917,4	891,1	912,9	931,8		218.364	222.486	228.191	234.927	237.686	235.976	237.450	237.586	239.631	
Neikvæður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0		22	25	28	36	50	39	167	150	48	
Fjármagnstekjur	125,5	193,9	241,2	348,6	234,9	156,5	72,7	61,6	64,8		77.080	84.680	93.078	98.738	184.626	182.699	46.768	39.066	41.675	
Skattskyldar tekjur samtals	1.012,1	1.134,8	1.234,6	1.416,2	1.206,8	1.073,9	963,8	974,4	996,6											
Fjöldi framteljenda á grunnskrá											234.437	241.344	253.911	264.766	267.494	261.436	260.764	261.764	264.193	
Fjármagnstekjur *																				
Arður og vextir af stofnsjóðsinneign																				
Arður af hlutabréfum	24,3	39,8	51,9	59,7	59,0	39,0	13,0	12,8	15,4		36.830	40.912	43.359	42.631	37.317	5.725	5.408	6.884	9.895	
Arður af erlendum hlutabréfum	2,4	2,2	4,7	3,0	4,3	7,3	0,4	0,7	1,3		493	492	531	580	891	256	166	241	205	
Samtals:	26,7	42,0	56,6	62,7	63,3	46,3	13,3	13,5	16,7		*	*	*	*	*	*	*	*	*	
Vaxtatekjur																				
Vextir af innstæðum barna	0,1	0,1	0,2	0,2	2,7	2,1	0,9	1,1	0,9		3.666	3.821	3.441	3.285	35.879	35.549	34.722	35.900	35.510	
Vextir af innstæðum í bönkum	14,6	18,0	27,6	35,7	89,6	75,1	30,5	18,8	17,8		55.360	60.663	67.214	72.434	168.989	171.247	171.769	169.602	172.787	
Vextir af innl. og erl.verðbréfum	17,8	20,6	25,3	27,8	39,8	11,2	12,9	11,6	11,8		-	13.207	15.810	19.052	15.985	11.051	41.970	52.807	46.014	
Samtals:	32,5	38,8	53,1	63,7	132,2	88,5	44,4	31,5	30,4		*	*	*	*	*	*	*	*	*	
Leigutekjur																				
	4,6	5,0	5,3	6,2	6,5	6,8	7,2	7,9	9,1		5.694	5.643	5.944	6.464	7.061	6.491	6.963	7.797	7.553	
Söluhagnaður																				
Hagnaður af sölu hlutabréfa	58,7	101,4	115,8	203,3	28,0	12,1	5,9	6,5	7,1		11.434	9.079	9.717	11.512	4.985	1.347	823	990	1.737	
Annar söluhagnaður	3,1	6,7	10,4	12,6	4,9	2,8	1,9	2,1	1,5		910	1.122	1.286	1.375	913	670	467	374	442	
Samtals:	61,8	108,1	126,2	216,0	32,9	14,9	7,8	8,6	8,6		*	*	*	*	*	*	*	*	*	
Fjármagnstekjur samtals	125,5	193,9	241,2	348,6	234,9	156,5	72,7	61,6	64,8											
Greiðendur fjármagnstekjuskatts											77.080	84.680	93.078	98.738	184.626	182.699	46.768	39.066	41.675	

* Fjármagnstekjur eru taldar fram af því hjóna sem hefur hærri tekjur og því vísa tölur um fjölda framteljenda með fjármagnstekjur til fjölda fjölskyldna en ekki einstaklinga.
Skattar 17.572 framteljenda voru handreiknaðir í álagningu árið 2013 og eru ekki meðtaldir. Upplýsingar byggja á skattframtölum eintaklinga og miðast þær við stöðu álagningar strax að loknum framtalskilum í júlí, fyrir breytingar sem gerðar hafa verið vegna síðbúinna framtala og kærunæðferðar.

Eignir og skuldir einstaklinga

Upphæðir í milljörðum króna á verðlagi í árslok 2012

Eignir og skuldir											Fjöldi fjölskyldna								
Álagningarár	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012		2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Hrein eign skv. efnahagsreikningi	65,7	63,8	61,2	57,7	59,1	45,0	40,2	39,5	39,9		8.901	8.395	8.049	7.746	7.599	7.181	7.060	7.016	7.119
Innlend og erlend verðbréf	197,2	236,4	319,6	378,2	531,8	254,5	303,3	315,9	290,4		-	-	26.657	30.238	36.000	23.992	33.184	47.334	48.477
Eignarskattsfriðs verðbréf	91,6	103,8	-	-	-	-	-	-	-		15.151	14.318	-	-	-	-	-	-	-
Verðbréf, útistand. skuldir o.fl.	105,4	132,3	-	-	-	-	-	-	-		14.720	17.948	-	-	-	-	-	-	-
Stofnsjóðsinneign	0,3	0,3	-	-	-	-	-	-	-		2.370	2.228	-	-	-	-	-	-	-
Ökutækni	187,5	196,1	226,0	238,9	263,8	236,9	208,3	193,8	181,9		94.351	95.489	98.266	98.387	102.831	106.097	105.525	104.357	104.518
Hlutabréf	82,4	73,0	81,1	106,1	117,4	94,2	76,6	55,5	51,8		50.699	46.878	51.439	54.498	56.288	51.722	50.644	40.817	39.996
Hlutabréf í erlendum félögum	6,6	6,3	7,8	23,3	33,4	19,9	14,2	14,1	13,2		5.951	5.595	5.397	3.949	5.403	4.891	4.743	4.563	4.370
Innlendar innstæður o.fl. skv sérl.	268,2	281,5	297,6	327,7	378,7	767,2	692,4	584,7	506,7		55.433	56.725	61.617	67.374	72.396	168.693	171.003	171.697	169.561
Innstæður í erlendum bönkum	2,4	2,0	6,4	4,9	11,5	12,1	13,1	10,3	9,0		613	612	579	568	653	744	686	644	586
Aðrar eignir	12,4	14,9	18,2	24,1	28,4	34,3	32,4	31,9	30,5		13.579	14.677	15.825	17.817	20.038	22.442	22.677	22.597	22.980
Áætluð nettó eign viðbót	42,9	64,7	1,8	-	-	-	70,7	68,7	58,4		2.910	4.051	15	-	-	-	6.941	4.797	4.769
Áætluð viðbót við stofn	6,4	9,7	0,3	-	-	-	10,6	10,0	9,9		2.906	4.047	6	-	-	-	6.940	4.797	4.769
Samtals	871,7	948,4	1.019,9	1.160,9	1.428,4	1.464,2	1.461,8	1.324,4	1.192,0		*	*	*	*	*	*	*	*	*
Fasteignir	2.049,4	2.296,0	2.947,8	3.101,1	3.392,9	2.943,3	2.800,3	2.465,9	2.561,1		90.581	91.418	93.443	94.537	96.774	97.188	96.516	95.168	94.320
Eignir alls	2.919,3	3.242,4	3.966,5	4.261,0	4.824,1	4.418,0	4.275,1	3.801,6	3.762,6		127.146	128.864	129.439	132.022	136.797	169.086	178.263	176.838	174.787
Skuldir vegna íbúðarkaupa	789,5	855,2	967,5	1.065,8	1.199,6	1.278,4	1.293,3	1.263,1	1.171,3		69.137	69.400	69.586	70.733	72.697	71.257	70.447	69.265	68.758
Skuldir	1.148,5	1.273,6	1.483,8	1.682,1	1.924,1	2.033,5	2.126,7	2.059,9	1.833,2		96.481	96.803	98.329	101.589	105.446	102.606	135.887	144.997	141.400
Eignarskattstofn, jákvæður	1.571,1	1.769,0	2.118,7	2.182,2	2.358,3	1.913,2	1.817,1	1.569,9	1.670,8		98.419	101.242	104.830	102.891	105.160	96.496	94.011	86.395	90.842
Eignarskattstofn, neikvæður	105,2	117,8	122,8	159,4	178,9	317,4	422,7	511,5	355,0		25.073	24.387	22.651	26.745	28.060	37.320	52.690	59.089	54.499

Opinber gjöld einstaklinga


Upphæðir í milljörðum króna á verðlagi í árslok 2012

Álögð gjöld											Fjöldi fjölskyldna								
Álagningarár	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012		2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Almennur tekjuskattur	113,0	117,3	123,7	123,3	112,1	98,7	100,0	101,5	104,3		157.687	163.450	175.399	178.270	179.521	158.603	151.290	156.018	158.455
Fjármagnstekjuskattur	12,8	19,7	24,7	36,0	23,9	17,6	11,1	10,7	11,7		77.080	84.680	93.078	98.738	184.626	182.699	46.768	39.066	41.675
Tekjuskattar til ríkissjóðs alls	128,1	138,7	148,4	159,3	135,9	116,4	111,1	112,2	116,0		*	*	*	*	*	*	*	*	*
Útsvar	116,2	125,6	131,9	145,5	131,4	123,8	120,3	136,0	139,2		226.896	234.171	244.883	255.777	257.020	250.070	249.771	251.018	253.606
Tekjuskattar alls	244,3	264,3	280,3	304,8	267,3	240,2	231,4	248,2	255,2		*	*	*	*	*	*	*	*	*
Almennur eignarskattur	4,8	-	-	-	-	-	-	-	-		75.588	-	-	-	-	-	-	-	-
Sérstakur eignarskattur	-	-	-	-	-	-	-	-	-		-	-	-	-	-	-	-	-	-
Auðlegðarskattur	-	-	-	-	-	4,3	5,3	5,8	5,6							3.817	4.772	5.212	5.980
Viðbótarauðlegðarskattur	-	-	-	-	-	-	1,9	2,5	3,5								3.388	4.134	4.988
Eignarskattar alls	4,8	0,0	0,0	0,0	0,0	4,3	7,2	8,4	9,1		*	*	*	*	*	3.817	4.772	*	*
Gjald í framkvj. aldr.	1,6	1,7	1,7	1,9	1,7	1,7	1,6	1,7	1,8		165.704	170.642	181.259	185.532	189.698	180.495	176.846	180.979	182.993
Útvarpsgjald					3,9	3,5	3,5	3,5	3,4				-	-	187.340	180.459	176.853	180.976	182.858
Önnur gjöld*	0,6	0,6	0,4	0,4	0,4	0,4	0,3	0,4	0,4		*	*	*	*	*	*	*	*	*
Tryggingagjald	2,3	2,6	2,4	2,1	1,8	1,9	2,3	2,3	2,2		19.856	22.109	19.945	19.418	19.266	20.663	18.115	19.230	19.225
Samtals gjöld á einstaklinga -bætur sbr. neðangreint	253,6	269,2	284,8	309,2	275,1	251,9	246,3	264,6	272,0		*	*	*	*	*	*	*	*	*
Samtals gjöld - bætur	236,4	252,2	265,6	287,2	251,4	228,0	217,5	241,6	253,2		*	*	*	*	*	*	*	*	*
Bætur																			
Barnabætur	8,5	9,7	11,2	12,0	11,6	11,2	8,8	7,8	10,1		53.871	55.481	63.691	66.542	69.129	69.827	55.991	51.762	56.693
Vaxtabætur	8,7	7,3	8,0	9,5	12,1	12,7	13,2	9,2	8,7		53.983	43.902	49.687	58.259	64.900	69.582	56.644	46.415	44.876
Sérstök niðurgreiðsla vaxta	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	6,9	6,0	0,0				-	-	-	-	102.652	97.301	
Samtals bætur	17,2	16,9	19,2	22,1	23,7	23,9	28,8	23,0	18,8		*	*	*	*	*	*	*	*	*
Skattaívilnanir																			
Sjómannnaafsláttur, dagar, þús.	2.858	2.512	2.133	1.916	1.544	1.490	1.443	1.435	1.378		*	*	*	*	*	*	*	*	*
Sjómannnaafsláttur	2.114	1.916	1.665	1.583	1.335	1.457	1.410	1.026	652		7.059	6.743	6.255	5.997	5.736	5.720	5.771	5.889	5.811
Frádr. v. viðhalds fasteigna	-	-	-	-	-	-	1,7	1,5	-				-	-	-	-	18.116	-	-
Fjöldi á grunnskrá											234.437	241.344	253.911	264.766	267.494	261.436	260.764	261.764	264.193

* Önnur gjöld eru sýsattrýggingagjald vegna heimilisstarfa, iðnaðarmálagjald og búnaðargjald.

Milljarðar kr.


Innlendar innstæður o.fl.



Innstæður í íslenskum bönkum voru fyrst forskráðar á skattframtöl einstaklinga árið 2009. Innstæður voru rúmlega helmingi hærri í árslok árið 2008 en ári áður. Aðeins 72.396 fjölskyldur töldu fram innstæður í árslok 2007 en innstæður 168.693 fjölskyldna voru áritaðar á skattframtöl 2009. Síðan þá hafa þær lækkað ár frá ári. Innstæður hafa rýrnað um 304,5 milljarða frá því að þær voru fyrst forskráðar og eru nú aðeins 22,2% hærri en þær voru þá. Þær hafa rýrnað um 39,7% frá árslokum 2008.

Milljarðar kr.

Vextir af innstæðum í bönkum



Vextir af innstæðum eru taldir til tekna þegar þær eru færðir eiganda til tekna á reikningi. Vextir af verðtrygðum reikningum sem bundnir eru til þriggja ára teljast til tekna þegar þær eru greiddir eða greiðslukræfir. Vextir af innstæðum hafa þróast með svipuðum hætti og innstæður. Þeir jukust mikið þegar innstæður voru forskráðar en hafa síðan farið lækkanði. Vextir af innstæðum hafa lækkað um 80,2% frá árinu 2008 en krónan hefur misst hátt í þriðjung af verðgildi sínu frá árinu 2007.

stæður á skattframtölum einstaklinga. Vaxtatekjur jukust mikið á þeim tíma sem farið var að árita innstæður á skattframtöl. Vaxtatekjur af innstæðum í bönkum jukust um 151,4% á milli áráanna 2007 og 2008, fóru úr tæpum 35,7 milljörðum í rúma 89,6 milljarða. Síðan þá hafa vaxtatekjur af innstæðum lækkað ár frá ári. Lækkun vaxta á milli áráanna 2009 og 2010 vekur athygli. Þá lækkuðu vaxtatekjur af innstæðum um

59,4% að raungildi á milli ára. Á sama tíma lækkuðu innstæðurnar um 15,5%. Augljóslega hafa vextir og verðbætur verið mjög háar á þeim tíma sem sviptingar í íslensku efnahagslífi voru hvað mestar og allt á annan veginn. Árið 2012 höfðu landsmenn tæpa 17,8 milljarða í vaxtatekjur og verðbætur af innlánsreikningum. Þetta er rúmum milljarði minna en árið 2011 og tæpum 71,9 milljörðum minna en árið 2008.

Þróun vaxta með hliðsjón af innstæðum í árslok er athyglisverð. Þetta hlutfall var 11,7% árið 2008 en hefur síðan lækkað og var komið niður undir 3,8% árið 2012. Rétt er að taka fram að þó svo að augljós vanhöld hafi verið á því að menn gerðu grein fyrir innstæðum og vaxtatekjum á skattskýrslum á árum áður þá skiluðu fjármálastofnanir engu að síður fjármagnstekjuskatti af þessum vöxtum til ríkisins.

Innlend og erlend verðbréf og kröfur

Eign landsmanna í verðbréfum og kröfum, skuldabréfum, hlutdeildarskírteinum, víxlum og stofnfjáreign hefur rýrnað mikið á síðastliðnum árum. Þessar eignir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok. Hlutdeildarskírteini teljast hins vegar til eignar á gengi í árslok og verðbréf sem skráð eru í kauphöll eru talin til eignar á verðgildi skráðu í kauphöll í árslok.

Landsmenn áttu 286,4 milljarða í innlendum og erlendum verðbréfum og kröfum í árslok 2012, sem var fjórum milljörðum minna en árið áður. Í árslok 2007 voru verðbréf og kröfur metnar á 531,8 milljarða í heimilisbókhaldi landsmanna. Verðgildi þessara eigna hefur því rýrnað um 245,4 milljarða, eða 46,1%, á umliðnum árum. Verðbréfaeign hrundi um 277,3 milljarða frá árslokum 2007 til ársloka 2008, eða um 51,2%. Hér er að sjálfsögðu um að ræða afleiðingar þess að traust fyrirtæki og fjármálafyrirtæki fóru í þrot, mörgum til mikillar undrunar.

Vaxtatekjur af verðbréfum eru taldar til tekna þegar þær eru lausar til ráðstöfunar. Vaxtatekjur af verðbréfum eru öðrum þræði innleystur söluhagnaður og því hafa markaðsaðstæður, gengi og verðlag áhrif á vaxtatekjur. Athyglisvert er að vextir af innlendum og erlendum verðbréfum hækkuðu mikið árið 2008, árið sem verðbréfaeign einstaklinga rýrnaði mikið. Þá voru landsmenn með 39,8 milljarða í vaxtatekjur af verðbréfum, sem var þá tæplega 43,1% meira en árið áður. Það lítur því út fyrir að margir hafi losað sig við bréfin og innleyst hagnað. Í árslok 2007 áttu 36.000 fjölskyldur verðbréf en ári síðar voru þær 23.992 skv. skattframtali. Vaxtatekjur af innlendum og erlendum verðbréfum hafa aukist mikið frá árinu 2010. Vaxtatekjur voru 12,9 milljarðar árið 2010, þær voru rúmí 31,6 milljarðar árið 2011 og 30,4 milljarðar árið 2012. Þó að mun fleiri telji nú fram vaxtatekjur af verðbréfum en fyrir fáeinum


árum fækkaði þeim þónokkuð á milli árána 2011 og 2012. Eigendur verðbréfa voru 48.477 í árslok árið 2011 en 45.090 í árslok 2012. Nú voru 924 fleiri sem voru með vexti af verðbréfum heldur en áttu slík bréf í árslok. Árið 2009 áttu 33.184 fjölskyldur verðbréf en aðeins 11.051 taldi fram vexti af verðbréfum.

Hlutabréf og stofnfjárbréf sparisjóða

Um aldamótin jókst hlutabréfaeign landsmanna nokkuð. Einkarekstur var færður yfir í hlutafélög, fleiri sáu skattalegt hagræði í því að stofna einkahlutafélög og eignarhaldsfélög um eignarhald í eignarhalds- og einkahlutafélögum komu til sögunnar. Þetta var nýlunda. Þá var stofnaður verðbréfamarkaður og fengu menn afslátt frá sköttum fyrir að hætta fjármunum sínum á þeim markaði. Fjölskyldum sem töldu fram hlutabréf á skattframtali fjölgaði ár frá ári. Í árslok 2003 áttu 50.699 fjölskyldur hlut í fyrirtækjum. Í árslok 2007 áttu 56.288 fjölskyldur hlutabréf í einu eða fleiri fyrirtækjum. Þá fækkaði aftur þeim sem töldu fram hlutabréf og árið 2011 voru fjölskyldur sem töldu fram hlutabréf 39.996. Þeim hefur nú aftur fjölgað og voru 48.795 í árslok 2012, 8.799 fleiri en ári áður.

Hlutabréf færast til eignar í árslok á nafnverði og því getur raunveruleg eign þeirra sem eiga hlutabréf verið mun meiri en nafnverð hlutabréfanna segir til um. Nafnverð hlutabréfa hækkaði mjög mikið á árunum 2004 til 2007, úr rúmum 73 milljörðum í 117,4 milljarða á verðlagi í árslok 2012. Síðan þá hefur nafnverð hlutabréfa farið lakkandi ár frá ári, mest frá árslokum 2007 til 2010 en þá minnkaði hlutabréfaeign einstaklinga úr 117,4 milljörðum í tæpa 55,5 milljarða.

Arður af hlutabréfum jókst mikið á árunum 2002 til 2008. Raunvirði arðstekna árið 2002 var tæpir 14,6 milljarðar. Árið 2008 greiddu fyrirtæki einstaklingum 63,3 milljarða í arð af hlutabréfum. Hér er að sjálfsögðu ekki talinn sá arður sem var greiddur eignarhaldsfélögum eða einstaklingum búsettum erlendis sem ekki voru skattskyldir hér á landi á þessum árum. Alltjént jukust arðstekjur af hlutabréfum um tæpa 48,8 milljarða á þessum tíma, eða um 334,6% að raunvirði. Fjölskyldum sem töldu fram arð af hlutabréfum fjölgaði um 1.782 eða 5%. Árið 2002 fengu 35.535 fjölskyldur arð af hlutabréfum. Árið 2008 voru þær orðnar 37.317. Það vekur vissulega athygli að arðgreiðslur hafa aldrei verið meiri en árið sem fjár-




málakerfi landsins riðaði til falls. Þá er ekki síður athyglisvert hversu mikill arður var greiddur út úr íslenskum fyrirtækjum árið 2009, nokkrum mánuðum eftir að alger umskipti urðu í efnahagslífi landsins. Íslensk hlutafélög greiddu eigendum sínum 46,3 milljarða í arð af hagnaði árið 2009. Af arðgreiðslum að dæma mætti ætla að árið 2008 hafi verið athafnasömum mönnum einstaklinga gjöfult og að efnahagslíf landsins hafi staðið í einstökum blóma árið sem gengi lögeyrins hrundi, innlend eftirspurn dróst saman, skuldir hækkuðu sem aldrei fyrr og gjaldþrot

og aðrar efnahagshremmingar voru í háamæli. Hrun arðgreiðslna varð á milli árána 2009 og 2010. Árið 2010 töldu landsmenn fram 13,3 milljarða sem arðstekjur, tæpum 33 milljörðum minna en árið áður. Arðstekjur lækkuðu um 71,2% á milli ára. Færri fengu þá greiddan arð, 5.725 miðað við 37.317 árið áður.

Arðstekjur einstaklinga eru enn mjög lágar ef blómaskeið fjármálastarfsemi er haft til samanburðar. Þær voru 16,7 milljarðar árið 2012, tæpum 3,2 milljörðum meiri en árið áður en aðeins lítið eitt hærri en árið 2002. Mun fleiri töldu fram arðs-

Milljarðar kr.


Innlend og erlend hlutabréf



Hlutabréf færast til eignar í árslok á nafnverði. Nafnverð hlutabréfa í eigu einstaklinga náði hámarki í árslok árið 2007. Frá þeim tíma fram til ársloka 2012 minnkaði hlutabréfaeign einstaklinga um 50,5 milljarða, eða 50,4%.

Milljarðar kr.

Arður af innlendum og erlendum hlutabréfum



Arður af hlutabréfum jókst mikið í byrjun aldarinnar og náði hámarki árið 2008 þegar blíkur voru á lofti í íslensku efnahagslífi. Árið 2009 greiddu fyrirtæki íslenskum eigendum sínum 46,3 milljarða í arð af hagnaði. Síðan þá hefur dregið úr arðgreiðslum. Þær voru 73,6% minni árið 2012 en árið 2008.

tekjur árið 2012 en árið 2010, en þá fengu 5.408 fjölskyldur greiddan arð. Árið 2012 fengu 9.895 greiddan arð sem var 3.011 fleiri en árið áður.

Það er athyglisvert að bera saman fjölda þeirra sem telja fram arð af hlutabréfum og fjölda þeirra sem telja fram hlutabréf. Á árunum fyrir fall fjármálakerfisins töldu um 70-80% þeirra sem áttu hlutabréf fram arð af hlutabréfum. Í árslok árið 2007 áttu 56.288 fjölskyldur hlutabréf, en þar af taldi 42.631 fjölskylda fram arð, eða 75,7%. Árið 2008 fengu 72,1% þeirra sem töldu fram hlutabréf greiddan arð. Árið 2009 er sérstaklega áhugavert en þá fækkaði þeim sem fengu greiddan arð um 31.592 frá

árinu áður. Þeim sem töldu fram hlutabréf fækkaði hins vegar um 1.078 á sama tíma. Arðgreiðslurnar lækkuðu um 26,9%. Árið 2009 fengu um 11,3% þeirra sem áttu hlutabréf greiddan arð.

Hagnaður af sölu hlutabréfa

Stór hluti tekjaukans sem varð til á uppgangsárunum á fyrri hluta fyrsta áratugar aldarinnar var vegna söluhagnaðar og þá sérstaklega af hlutabréfum. Þetta er sá einstaki tekjuliður sem hækkaði mest á þessu tímabili. Framan af tíunda áratugnum var söluhagnaður óverulegur. Eftir að virkum hlutabréfamarkaði var komið á laggirnar jókst söluhagnaður mikið. Stór

hluti hagnaðarinnar var þó vegna sölu á einstökum fyrirtækjum. Upp úr aldamótum jókst söluhagnaður mikið. Hann var tæpir átta milljarðar árið 1998, 25,5 milljarðar að raunvirði árið 2000, árið 2003 var hann 57,2 milljarðar, árið 2005 var hann 108,1 milljarður og tæpir 216 milljarðar árið 2007. Óhætt er að segja að þetta sé gríðarlega mikil hækkun, ekki síst þegar þessi mikli hagnaður er settur í samhengi við laun, lífeyri og hlunnindi sem voru u.þ.b. 909 milljarðar árið 2007. Ólíkt arðgreiðslum hrundu tekjur af söluhagnaði árið 2008. Söluhagnaður lækkaði um 183 milljarða árið 2008, 18 milljarða árið 2009, og sjö milljarða árið 2010. Þá töldu landsmenn fram 7,8 milljarða í söluhagnað en söluhagnaður hefur ekki verið jafn lítill síðan 1997. Það er ekki hægt að segja að mikið hafi breyst síðan þá. Söluhagnaður var enn í algeru lágmarki árið 2012, tæpir 8,6 milljarðar, 60 milljónum minni en árið áður, en 96% lægri en hann var árið 2007. Það segir ákveðna sögu að árið 2007 voru 11.512 fjölskyldur með söluhagnað, 2010 voru aðeins 823 fjölskyldur með söluhagnað. Síðan þá er verslun með hlutabréf eitthvað tekin að glæðast. 1.737 fjölskyldur voru með söluhagnað árið 2012.

Innlendar fasteignir

Bróðurpartur eigna landsmanna er bundinn í íbúðarhúsnæði. Upplýsingar um fasteignir byggja á lögbundnu fasteignamati. Viðskipti með fáeinir eignir hafa áhrif á efnahagsreikning heimilanna í landinu. Verðmæti íbúðarhúsnæðis jókst mjög mikið frá lokum 10. áratugar síðustu aldar og fram undir síðari hluta fyrsta áratugar þessarar aldar, eða fram til ársins 2007. Fasteignaverð tók kipp um mitt ár 2004 þegar bankarnir fóru að bjóða betri lánskjör en áður þekktust. Frá árslokum 1998 til ársloka 2003 hækkaði verðmæti fasteigna í eigu einstaklinga úr 1.330,1 milljarði í 2.049,4 milljarða, eða um 719,4 milljarða að raunvirði. Þetta er hækkun um 54,1% á þessu tímabili. Frá árslokum 2003 til ársloka árið 2007 hækkuðu fasteignir um tæpa 1.343,4 milljarða, eða 65,6%. Fasteignir voru þá metnar á 3.392,9 milljarða og höfðu hækkað um 2.062,8 milljarða frá árslokum 1998, eða 155,1%. Þær hækkuðu um 28,4% á milli árána 2003 og 2004.

Það sló í bakseglin árið 2008. Matsverð fasteigna hækkaði engu að síður um 2,5% að nafnvirði á milli árána 2007 og 2008. Raunvirði fasteigna lækkaði hins vegar um 13,3%. Frá árslokum 2007 til ársloka 2010 lækkaði raunvirði fasteigna um


926,9 milljarða, eða 27,3% að raunvirði. Fasteignir voru metnar á 2.679,1 milljarð í árslok árið 2012; 94.454 fjölskyldur töldu þá fram fasteignir á skattframtali, sem er 2.734 fjölskyldum færri en í árslok 2008. Fasteignir hækkuðu nú um 180 milljarða á milli ára, eða 4,6% að raunvirði. Matsverð þeirra er aftur tekið að hækka. Þær hafa hækkað um 213,2 milljarða frá árinu 2010, en svo virðist sem botninum hafi verið náð um það leyti. Þetta er 8,6% raunhækkun. Það er ekki ólíklegt að margir sem keyptu fasteignir árið 2010 hafi hagnast á kaupnum, þ.e. að fasteignamat eignar sé hærra en kaupverð.

Frá árinu 1998 hefur verðmæti fasteigna í eigu einstaklinga aukist meira en almennt verðlag í landinu. Vissulega hefur mikið verið byggt á þessum tíma. Fólki sem safnaði í nokkur ár til að fjárfesta í sinni fyrstu fasteign sá þann sparnað verða að engu þegar fasteignaverð hækkaði ár frá ári, mun meira en ávöxtun sparifjárins. Þegar skrefið var loks stigið og kaup fest á íbúð stóð þetta fólk uppi með mun meiri skuldir en ef það hefði keypt sambærilega íbúð áður en fasteignaverð tók að hækka. Þeir sem létu vaða sau hins vegar fasteignaverð hækka mun meira en lánin sem voru tekin fyrir íbúðinni. Þeir sem seldu árið 2007 þegar íbúðaverð var sem hæst innleystu mikinn hagnað en þeir sem keyptu þegar verð var hæst áttu hins vegar eftir að sitja í súpunni, allavega um stundarsakir.

Í árána rás hafa einstaklingar aflað mikilla tekna á fasteignamarkaði. Húsnæði hefur verið trygg eign sem hefur hækkað í verði ár frá ári. Laun hafa einnig hækkað meira en verðlag, kaupmáttur launa hefur aukist og því hefur greiðslubyrði af fasteignalánum farið lækkanandi með tímanum. Þeir sem hafa keypt eða átt fasteign hafa því grætt á hækkun fasteignaverðs en sá hagnaður er skattfrjálur. Þó svo að fasteignir hafi ekki hækkað jafn mikið og almennt verðlag á árunum 2008 til 2010 er ekki óhugsandi að margir þeirra sem keyptu fasteignir fyrir árið 2004 geti nú selt eignirnar og innleyst hagnað. Hinir sem ekki höfðu tök á að fjárfesta og græða á fasteignabólunni hafa dregist aftur úr.

Fasteignir hafa í gegnum tíðina vegið um 70% í eignasafni einstaklinga. Þær lækkuðu þó nokkuð um 2010 þegar raunvirði fasteigna lækkaði og voru þá um 64,9% eigna einstaklinga. Síðan þá hafa þær hækkað að raunvirði og miðað við aðrar eignir. Þær voru 69,4% eigna einstaklinga í árslok 2012.

Söluhagnaður



Söluhagnaður var sá tekjuliður sem jókst mest í upphafi fyrsta áratugarins. Um aldamótin var söluhagnaður 25,5 milljarðar. Árið 2007 var hann tæpir 216 milljarðar sem voru þá 21,8% skattskyldra tekna einstaklinga. Söluhagnaður er nú aðeins brot af því sem hann var þá, eða 4%.

Skuldir og vaxtagjöld

Skuldir landsmanna fylgdu lengst af þróun eigna en eðlilegt er að eignir og skuldir haldist í hendur. Eignir eru teknar gildar sem veð fyrir lánum og lánsfé er varið til kaupa á eignum. Hækkun á verðmæti eigna leiðir því til þess að veðhæfi eykst. Í byrjun tíunda áratugarins áttu landsmenn eignir sem metnar voru á 1.751,8 milljarða á verðlagi í árslok 2012. Skuldir á móti eignum voru 562,7 milljarðar og því voru 32,1% af eignum í skuld.

Um miðjan tíunda áratuginn fóru eignir og skuldir að aukast mjög hratt, skuldir þó ívið hraðar en eignir. Eigið fé jókst frá ári til árs þar sem eignir voru, þrátt fyrir skuldasöfnunina, mun meiri en skuldirnar. Þær jukust því meira en skuldirnar þegar horft er á upphæðirnar jafnvel þótt skuldirnar ykjust meira að til- tölu, enda skuldir framan af vel innan við helmingur eigna. Engu að síður hækkaði hlutfall skulda af eignum. Í árslok árið 1995 voru 35,6% eigna í skuld. Fram til ársloka árið 2004 jukust skuldir um 632,6 milljarða, eignir um 1.442,6 milljarða og eigið fé um 810 milljarða. Skuldir höfðu aukist um 98,7% en eignir um 80,2% og eigið fé aukist um 69,9%. Það er óhætt að segja að árið 2004 hafi orðið ákveðin kaflaskil. Matsverð eigna og skulda hækkaði með meiri hraða en fyrr. Frá árslokum


2004 til ársloka 2007 hækkaði matsverð eigna um 1.581,8 milljarða eða 48,8% og skuldir jukust um 650,4 milljarða eða 51,1%. Eigið fé jókst um 931,3 milljarða, 47,3%. Þá voru skuldir orðnar 39,9% af eignum. Raunvirði skattskyldra tekna jókst einnig um 39,9% á þessum tíma. Frá árslokum 2004 til ársloka 2005 jókst eigið fé einstaklinga um 26,1%.

Eignaverð féll hins vegar um 406,1 milljarð frá árslokum 2007 til ársloka 2008. Á sama tíma hækkuðu skuldirnar um tæpa 109,5 milljarða. Eigið fé rýrnaði því um 515,6 milljarða. Þróunin var svipuð á milli árána 2008 og 2009, skuldir héldu áfram að hækka á meðan eignir féllu í verði. Árið 2010 hættu skuldir að hækka heldur lækkuðu þær um 66,9 milljarða. Eignir héldu hins vegar áfram að falla í verði, nú um 473,5 milljarða og eigið fé hélt því áfram að rýrna. Skuldir lækkuðu meira en eignir árið 2012, eða um 226,7 milljarða. Eignir lækkuðu um tæpa 39 milljarða. Eigið fé jókst um 187,7 milljarða. Árið 2012 hækkuðu eignir í eigu einstaklinga í fyrsta skipti í fjögur ár, og þá um 97,9 milljarða. Skuldirnar lækkuðu þriðja árið í röð, um rúma 48 milljarða og aftur hækkaði eigið fé, nú um tæpa 146 milljarða.

Eignir einstaklinga hafa rýrnað um 963,6 milljarða að raungildi frá árslokum árið 2007. Þá áttu einstaklingar eignir sem metnar voru á 4.824,1 milljarð. Frá þeim tíma hafa eignir fallið í verði um

Milljarðar kr.


Fasteignir



Bróðurpartur eigna einstaklinga er bundinn í fasteignum. Frá árslokum árið 2003 til ársloka árið 2007 hækkaði fasteignamat íbúðarhúsnæðis um 1.343,4 milljarða, eða 65,6%. Verðmæti íbúðarhúsnæðis féll um 926,9 milljarða fram til ársins 2010. Það hefur síðan hækkað aftur um 213,2 milljarða.

Milljarðar kr.

Skuldir vegna íbúðarkaupa



Skuldir einstaklinga vegna kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota jukust um 410,1 milljarð, eða 51,9% frá árslokum 2003 til ársloka 2007. Í tvö ár féll fasteignaverð á sama tíma og skuldirnar hækkuðu. Þær náðu hámarki í árslok árið 2009. Skuldir vegna íbúðarkaupa hafa lækkað um 133,9 milljarða frá árslokum 2009. Á sama tíma hafa aðrar skuldir lækkað um 207,7 milljarða. Skuldir vegna íbúðarkaupa voru um 60,8% skulda einstaklinga í árslok 2009. Frá þeim tíma hafa skuldir lækkað um 341,6 milljarða en þar af voru aðrar skuldir 60,8%.

Lán vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota

Þrátt fyrir að fasteignaverð hafi hækkað mikið í kringum aldamótin síðustu jukust skuldir vegna íbúðarkaupa minna en matsverð fasteigna. Allt frá árinu 1998 til ársins 2005 lækkuðu skuldir landsmanna í íbúðarhúsnæði sem hlutfall af fasteignaverði, úr 39,1% árið 1998 í 32,8% árið 2005. Matsverð fasteigna hækkaði mikið á þessum tíma og jafnvel þótt skuldir hafi aukist vegna kaupa á tiltölulega fáum fasteignum á hverju ári, hækkaði allt íbúðarhúsnæði í landinu meira en skuldirnar sem teknar voru fyrir kaupum á einstökum eignum. Frá árslokum 2005 hækkuðu skuldirnar hins vegar meira en matsverð fasteigna. Í árslok 2008 voru skuldir vegna fasteignakaupa 43,4% af matsverði íbúðarhúsnæðis. Þetta hlutfall fór í 46,2% árið 2009 og loks 51,2% í árslok árið 2010. Á þessum tíma féllu eignir í verði á sama tíma og skuldirnar sem hvíldu á eignunum hækkuðu, eða lækkuðu minna en eignirnar, eins og var raunin árið 2010 þegar skuldir lækkuðu um 2,3% á sama tíma og matsverð fasteignanna sem skuldirnar hvíldu á féll um 11,9%. Síðastliðin tvö ár hefur þróunin verið í rétta átt. Skuldir hafa lækkað um 103,7 milljarða á sama tíma og matsverð fasteigna hefur hækkað um 213,2 milljarða.

Skuldir vegna íbúðarkaupa voru 43,3% af eignum í árslok 2012, 1.159,4 milljarðar, tæpum 12 milljörðum lægri en árið áður að raungildi. Þær lækkuðu um eitt prósent á milli ára. Íbúðarhúsnæði var metið á 2.649,1 milljarð sem er 713,3 milljörðum minna en á toppi bóllunnar árið 2007. Íbúðarhúsnæði hefur þannig misst 21% af verðgildi sínu gagnvart annarri vöru og þjónustu sem tekin er inn í neysluverðsvisitölu Hagstofu Íslands. Í árslok 2012 áttu 94.454 fjölskyldur fasteignir á skattframtali en 68.736 fjölskyldur skulduðu vegna kaupa á íbúðarhúsnæði. Ef að líkum lætur búa því um 26 þúsund fjölskyldur í skuldlausu húsnæði.

Vextir af fasteignalánnum eru samtala heildargreiðslu ársins að frádreginni afborgun af nafnverði en að viðbættum afföllum og lántökukostnaði. Verðbætur, að því marki sem þær eru greiddar á hverju ári, eru því hluti af vaxtakostnaði og mynda stofn til útreiknings vaxtabóta. Í gegnum tíðina hefur vaxtakostnaður af fasteignalánnum fylgt lánum vegna íbúðarkaupa nokkuð vel. Íslendingar greiddu tæpa 54,9 milljarða í vexti og verðbætur af fasteignalánnum árið 2012, sem var um 4,7% af skuldum vegna íbúðarkaupa.


20%. Skuldir einstaklinga hafa hins vegar aðeins lækkað um 7,2% frá þessum tíma. Eigið fé hefur rýrnað um 824,7 milljarða, eða 28,4%. Skuldir landsmanna náðu hámarki tveimur árum eftir að bólan sprakk, í árslok árið 2009, en þá stóðu þær í 2.126,7 milljörðum. Frá þeim tíma hafa skuldir minnkað um tæpa 341,6 milljarða eða 16,1%. Það er ekki loka fyrir það skotið að botninum hafi verið

náð árið 2010. Skuldir voru þá 54,2% af eignum. Þá var eigið fé 1.741,7 milljarðar, 1.158,4 milljörðum, eða 39,9%, lægra en það hafði verið í árslok árið 2007. Eigið fé jókst hins vegar um 333,7 milljarða frá árslokum 2010 til ársloka 2012, eða um tæpa 19,2% og stendur nú í tæpum 2.075,4 milljörðum. Það er vonandi að nú horfi til betri vegar.

Þetta var tæpum 8,2 milljörðum minna en árið 2010. Það er athyglisvert að raunvirði vaxta af fasteignalánnum var 1,9 milljörðum lægra árið 2012 en árið 2004 en þá greiddu landsmenn 56,8 milljarða í vexti af íbúðarlánnum sem voru þá 6,6% af höfuðstól í árslok. Vextir af fasteignalánnum sem hlutfall af tekjuskattsstofni hafa einnig lækkað frá árinu 2004. Þá voru vextir af fasteignalánnum um 6,4% af tekjuskattsstofni fyrir skatta og bætur. Árið 2012 var þetta hlutfall 5,9% en var 7,1% árið 2010.

Aðrar skuldir og vaxtagjöld

Þegar eignir og skuldir hækkuðu sem mest vakti athygli að á sama tíma og skuldir vegna íbúðarkaupa hækkuðu sem aldrei fyrr hækkuðu aðrar skuldir, þ.e. greiðslukortaskuldir, yfirdráttur, smálán, námslán, skuldir vegna kaupa á bifreiðum og ökutækjum, tjaldvögnum og hjólhýsum, sumarþústöðum, verðbréfum o.þ.h., jafnvel mun meira. Aðrar skuldir voru tæpur þriðjungur skulda einstaklinga árið 2003, eða 31,3%. Jafnvel þó að tekjur og kaupmáttur hafi aukist mikið þegar leikar tóku að æsast og skuldir vegna íbúðarkaupa hafi aukist mikið milli árána 2003 og 2007 þá jukust skuldir vegna lána sem tekin voru fyrir öðru en kaupum eða byggingu á íbúðarhúsnæði til eigin nota ekki síður. Nær helmingur skuldaaukningarinnar á árunum 2003 til 2007 var vegna annarra lána en lána til kaupa á íbúðarhúsnæði: 47,5% á milli árána 2003 og 2004, 46,6% á milli árána 2004 og 2005, 50,4% á milli árána 2005 og 2006 og 44,7% á milli árána 2006 og 2007. Skuldir einstaklinga jukust um 16,5% árið 2004 en það ár jukust aðrar skuldir um 23,4% frá árinu áður. Þessar skuldir jukust um 16,6% á milli árána 2003 og 2004, 23,4% á milli árána 2004 og 2005, 19,4% á milli árána 2005 og 2006 og 17,5% á milli árána 2006 og 2007. Frá árslokum árið 2003 til ársloka árið 2007 jukust skuldir einstaklinga að raunvirði um 775,5 milljarða, eða 67,5%. Þar af jukust aðrar skuldir um 365,4 milljarða, eða 101,8%. Á þessu tímabili var 47,1% skuldaaukningarinnar vegna annarra skulda en fasteignaskulda. Á þessum árum jukust aðrar skuldir um hátt í 100 milljarða árlega, 108,1 milljarð árið 2006. Árin 2007 og 2008 dró nokkuð úr skuldasöfnuninni. Engu að síður jukust aðrar skuldir um 30,7 milljarða að raungildi árið 2007 og svo aftur um tæpa 78,3 milljarða árið 2008. Það árið jukust skuldir vegna íbúðarkaupa um 14,9 milljarða þannig að um 84% skuldaaukningarinnar það árið var vegna skulda fyrir



kaupum á öðru en húsnæði. Frá árinu 2009 hafa skuldir einstaklinga minnkað. Aðrar skuldir hafa lækkað sýnu meira en skuldir vegna íbúðarkaupa, eða um tæpa 207,7 milljarða, eða 24,9%, frá árslokum 2009 til ársloka 2012. Á sama tíma hafa skuldir vegna íbúðarkaupa hins vegar lækkað um 133,9 milljarða á tímabilinu, eða 10,4%. Á uppgangsrárunum voru fasteignalán iðulega vísitölutryggð á meðan ekki var óalgengt að einstaklingar tækju erlend lán fyrir kaupum á lausamunum o.þ.h. Verðsveiflur á erlendum gjaldeyri eru mun meiri og örari heldur en á almennu verðlagi í landinu. Þá er ekki loku fyrir það skotið að þegar upp var staðið hafi margir ekki verið borgunarmenn fyrir lánnum sem tekin voru til að fullnægja hinum ýmsu þörfum og því ekki getað staðið við allar þær skuldbindingar sem þeir tóku sér á herðar. Sumir fjárfestu í hlutabréfum sem reyndust, þegar upp var staðið, einskis virði. Aðrar skuldir voru tæpir 625,8 milljarðar í árslok 2012, eða 5,4% lægri en árið áður. Þá töldu 143.644 fjölskyldur fram aðrar skuldir, 74.908 fleiri en voru með fasteignalán.

Skattar á tekjur og eignir


Tekjur ríkisins af tekjuskatti einstaklinga ráðast af samspili skatthlutfalls, persónuafsláttar og tekna annars vegar og

tekjudreifingar í þjóðfélaginu hins vegar. Eins og gefur að skilja aflar svokallað milli-tekjufólk mestra tekna í þjóðfélaginu. Skattbreytingar sem snerta þennan hóp hafa því mikil áhrif á tekjur ríkisins jafnvel þótt þær kunni að hafa til þess að gera lítil áhrif á skattbyrði, ráðstöfunartekjur eða líf skjör hvers gjaldanda. Öðru máli gegnir um þá tekjuhæstu í þjóðfélaginu. Þar sem um fámennan hóp er að ræða kunna skattbreytingar sem hafa veruleg áhrif á líf skjör þessara gjaldanda að leiða til óverulegs tekjuauka eða -missis fyrir ríkið. Skatttekjur ráðast þó af tekjustofni á hverju tekjubili og því er ekki útilokað að tiltölulega fámennur hópur hátekjumannanna afli umtalsverðs hluta tekna í þjóðfélaginu. Sú var reyndar raunin árið 2007 en þá var söluhagnaður tæpir 216 milljarðar að raunvirði og fjármagnstekjur tæpur fjórðungur skattskyldra tekna.

Staðgreiðsla sem tekin er af launum er í raun tvískiptur skattur, annars vegar almennur tekjuskattur sem er hlutur ríkis í tekjuskatti og hins vegar útsvar sem er hlutur sveitarfélaga í staðgreiðslunni. Þessir skattar eru lagðir á sama skattstofninn, tekjuskatts- og útsvarsstofn. Ríkið veitir persónuafslátt af tekjuskatti. Skattgreiðendur sem eru með það lágar tekjur að tekjuskatturinn sem er reiknaður af tekjunum er lægri en persónuafslátturinn geta nýtt persónuafslátt sem er ekki nýttur til greiðslu almenns tekjuskatts til greiðslu útsvars. Ríkið greiðir því í reynd útsvar þeirra sem eru undir skattleysismörkum

Milljarðar kr.

Tekjuskattar einstaklinga



Skatttekjur ríkisins jukust þegar skattstofnar uxu frá ári til árs. Frá árinu 2007 hafa skattar og skattstofnar rýrnað. Tekjuskattur er viðkvæmari fyrir breytingum á skattstofni en útsvar. Tekjuskatts- og útsvarsstofn hefur dregist saman um 12,7% frá árinu 2007, tekjuskattur um 15,4% og útsvar um 4,3%. Sveitarfélögin hafa meiri tekjur af tekjusköttum einstaklinga en ríkið.

að fullu og útsvar þeirra að hluta sem eru yfir skattleysismörkum, en fullnýta ekki persónuafslátt til greiðslu tekjuskatts. Það er ekki fyrr en allur persónuafslátturinn er nýttur til að greiða hlut ríkisins í tekjuskatti sem ríkið fer að hafa tekjur af skattinum.

Álagning opinberra gjalda árið 2011 markaði nokkur tímamót. Staðgreiðslukerfið sem verið hafði við lýði allt frá árinu 1988 var lagt niður og í staðinn var tekið upp þriggja þrepa skattkerfi. Árið 2013 var lagt á með nýju þrepakerfinu í þriðja sinn. Þegar kerfið var tekið upp var lagður 24,1% skattur á tekjur undir því sem myndi jafngilda 2.632.343 kr. á verðlagi í árslok 2012, 27% skattur var lagður á tekjur á milli 2.632.343 kr. og 8.555.113 og 33% skattur var lagður á tekjur yfir 8.555.113 kr. Þessu til viðbótar var lagt á útsvar sem var þá 13,12% í staðgreiðslu. Í álagningu árið 2012 voru tekjuskattshlutföllin lækkuð um 1,20 prósentustig en á móti var útsvar hækkað um sömu prósentu. Engin breyting var gerð á skattshlutföllum á milli álagningar 2012 og 2013. Í álagningu 2013 var lagður 22,9% tekjuskattur á tekjur undir 2.760.000 kr., 27% skattur á tekjur á milli 2.760.000 kr. og 8.452.400 kr. Meðalútsvar var 14,44%, 0,03% hærra en í álagningu árið 2012.

Tekjuþrepin hafa breyst nokkuð frá álagningu í fyrra. Tekjumörk neðsta skattþrepsins hækkuðu um 5,4% að raungildi á milli ára og tekjumörk efsta skattþreps-

ins lækkuðu að raungildi um 0,7%. Þessi mörk voru 2.618.259 kr. og 8.509.343 kr. í fyrra. Miðþrepið hefur því þrengst ef miðað er við verðlag og því mætti að óbreyttu reikna með að fleiri falli í neðsta og efsta þrepið í tekjuskatti, þ.e. ef laun hafa fylgt verðlagsþróun. Launagreiðslur jukust hins vegar sem fyrr segir um 3,3% á milli ára að raungildi. Raungildi skattleysismarka var 1.495.407 kr. í álagningu 2013, 1.481.451 kr. í álagningu 2012 og 1.563.192 kr. í álagningu 2011. Þau hafa því sigið um 4,3% á síðustu árum miðað við verðlag. Hér er enn miðað við verðlag en færa má fyrir því rök að ekki sé síður áhugavert að skoða þessar stærðir með hliðsjón af launaþróun umliðinna ára. Sem kunnugt er þá eru tekjuskattar lagðir á tekjur, þ.e. peninga, en ekki kaupmátt, það sem menn fá fyrir peningana. Þá hefur verðlagsþróun og þróun kaupgjalds ekki síður áhrif á útgjöld ríkis og sveitarfélaga en á heimilisbókhald landsmanna.

Persónuafsláttur er nýttur á móti skattinum. Persónuafsláttur lækkaði nokkuð að raungildi á milli árána 2010 og 2011, úr 581.820 kr. í 552.729 kr., eða um 5%. Hann hækkaði aftur á milli árána 2011 og 2012, um 1% og er nú 558.385 kr. Persónuafsláttur er ekki færður til gjalda í ríkisreikningi en engu að síður er kostnaður ríkisins af því að veita hann um 140 milljarðar á ári. Það segir sig því sjálft að tiltölulega lítil lækkun á persónuafslætti getur aukið tekjur ríkisins verulega

á sama hátt og óveruleg hækkun á persónuafslætti er mjög kostnaðarsöm fyrir ríkið. Á skattgrunnsskrá voru 264.193 einstaklingar. Með nokkurri einföldun má ætla að það kosti ríkið því um það bil 264 þús. kr. að hækka persónuafslátt þessara gjaldenda um eina krónu á ári. Einnar krónu hækkun á mánuði myndi því kosta ríkið rúmar þrjár milljónir. Það má draga það í efa að slík hækkun hefði nokkur áhrif á lífskjör annarra en ofurmeðvitaðra skattgreiðenda. Mismunur á álögðum tekjuskatti og persónuafslætti sem er nýttur til greiðslu útsvars eru tekjur ríkisins af almennum tekjuskatti. Ríkið greiðir sveitarfélögum rúma 10 milljarða í ár vegna útsvars einstaklinga sem voru með tekjur en greiddu engan tekjuskatt.

Almennur tekjuskattur

Í álagningu 2013 voru tæpir 104,3 milljarðar lagðir á landsmenn í almenndan tekjuskatt, sem er tæpum 2,8 milljörðum meira að raungildi en við álagningu árið 2012. Þá er búið að draga frá kostnað ríkisins af útsvarsgreiðslum þeirra sem nýta persónuafslátt til greiðslu útsvars. Sem fyrr segir mun ríkið greiða um 10 milljarða vegna útsvars þeirra sem voru með það lágar tekjur árið 2012 að þeir greiddu engan tekjuskatt. Tekjuskattur var lagður á 158.455 einstaklinga, 2.437 fleiri en í fyrra, og munu þessir einstaklingar því greiða samanlagt um 114 milljarða í tekjuskatt.

Tekjur ríkis af almennum tekjuskatti hækkuðu mikið fyrsta áratug þessarar aldar og allt fram til ársins 2007. Þær voru tæpur 64,1 milljarðar árið 1997 en hækkuðu upp úr aldamótum eins og tekjurnar þegar allt var á blússandi siglingu. Árið 2007 var almennur tekjuskattur tæpir 123,3 milljarðar og hafði hækkað um 59,2 milljarða frá árinu 1997, 62,8%. Á þessum tíma voru skattshlutföll almennt lækkuð en persónuafsláttur lækkaði að raungildi, tekjur jukust hraðar en verðlag og lífskjör mæld í kaupmætti fóru almennt batnandi.

Áfallið sem landið varð fyrir árið 2008 kom fram af fullum þunga á árunum 2009 og 2010. Raungildi tekjustofna rýrnaði umtalsvert og tekjur ríkisins af almennum tekjuskatti minnkuðu. Persónuafsláttur hafði verið hækkaður umtalsvert þegar ný stjórn tók við völdum. Hér var um að ræða skattalækkun sem tók gildi árið 2009, árið sem tekjustofnar ríkisins hrundu. Á sama tíma og tekjuskatts- og útsvarsstofn dróst saman um 5,6% lækkaði almennur tekjuskattur um 11,9%. Tekjur ríkisins af almennum tekjuskatti voru

98,7 milljarðar árið 2009, 24,5 milljörðum lægri en árið 2007. Hér er um að ræða lækun að raungildi um 19,9% en síðan þá hefur þróunin verið heldur upp á við. Skattkerfinu var breytt til að afla aukinna tekna fyrir ríkið. Tekjuskattur hækkaði um 1,3% á milli árána 2009 og 2010 á sama tíma og tekjuskattstofn lækkaði um 2,9%. Tekjuskattur hækkaði svo aftur um 1,5% á milli árána 2010 og 2011 á sama tíma og skattstofn óx um 2,4%. Nú hefur tekjuskattur aukist um 2,7% að raunvirði, heldur meira en skattstofninn sem óx um 2,1%. Tekjur af tekjuskatti voru sem fyrr segir tæpum 2,8 milljörðum hærri í ár en í fyrra. Tekjur jukust um rúmlega 18,9 milljarða að nafnvirði og því hafa landsmenn greitt tæplega 14,6% tekjuskatt af viðbótartekjunum.

Tekjuskattur að frádregnum skattaafslætti sem ríkið greiðir var nú um 11,2% af stofni. Þetta er ekki mikil breyting frá því sem verið hefur. Hlutfallið var 11,1% og 11,2% í fyrra og hitteðfyrra, 10,8% árið 2009, en 11,5% árið 2008 og 12,5% árið 2006. Það fór hækkanði í byrjun aldarinnar þegar tekjur jukust í þjóðfélaginu. Eins og öllum ætti að vera kunnugt greiða þeir sem eru með háar tekjur herra hlutfall tekna í skatt en þeir sem eru með lágar tekjur, jafnvel þótt jaðarskattar hafi verið þeir sömu eftir að hátekjuskattur var lagður af. Á þessum tíma greiddu sífellt fleiri og stærri hluti skattgreiðenda tekjuskatt til ríkis.

Í álagningu árið 2013 voru 264.193 á skattgrunnskrá. Þar af voru 253.606 með útsvarsskyldar tekjur og því var lagt útsvar á þessa einstaklinga. Þetta eru 96% framteljenda á skattgrunnskrá. Þetta hlutfall hefur lítið breyst undanfarin ár. Árið 2007 voru 96,6% einstaklinga á skattgrunnskrá með útsvarsskyldar tekjur. Munurinn, 0,6%, telur 1.585 manns miðað við fjölda á skattgrunnskrá árið 2013. Nú var lagður tekjuskattur á 158.455 manns, 62,5% þeirra sem voru með tekjur. Þetta hlutfall er lítið eitt herra en fyrir ári, en þá var lagður tekjuskattur á 62,2% þeirra sem voru með útsvarsskyldar tekjur. Árið 2010 var lagður tekjuskattur á 60,6% þeirra sem voru með útsvarsskyldar tekjur og því má ætla að það horfi til betri vegar. Árið 2006 voru 96,4% þeirra sem voru á skattgrunnskrá með útsvarsskyldar tekjur og 71,6% þeirra sem öfluðu tekna greiddu tekjuskatt. Það jafngildir því að 181.647 manns hefðu greitt tekjuskatt til ríkis í álagningu nú, 23.192 fleiri en lagt var á.

Útsvar til sveitarfélaga

Útsvar rennur til sveitarfélaga. Það er flatur skattur og fylgir því breytingum á skattstofni og útsvarinu sjálfu. Af tekjum ársins 2010 var að jafnaði greitt 13,12% útsvar í staðgreiðslu. Meðalútsvar í staðgreiðslu var 14,41% árið 2011 og 14,44% árið 2012. Útsvarið er um helmingi lægra hlutfall af tekjum en tekjuskatturinn en þar sem ríkið veitir persónuafslátt af tekjuskatti og greiðir útsvar þeirra sem eru undir skattleysismörkum skilar útsvarið nú meiri tekjum til sveitarfélaga en tekjuskattur til ríkis. Útsvar er greitt af öllum tekjum á meðan tekjuskattur er aðeins greiddur af tekjum yfir tekjuskattsmörkum. Nú höfðu sveitarfélögin tekjur af 95.151 einstaklingi sem var ýmist með tekjur undir skattleysismörkum og greiddi því hvorki tekjuskatt né útsvar eða greiddi hluta útsvarsins en engan tekju-

”

Einstaklingur sem býr
í sveitarfélagi sem
leggur á hámarksútsvar
greiðir 16,4% herra
útsvar en sá sem býr í
sveitarfélagi sem leggur á
lágmarksútsvar

skatt. Herra útsvar þýðir að meira fer til sveitarfélaganna og minna verður eftir hjá ríkinu. Í álagningu 2013 var lagt útsvar á 253.606 framteljendur en þar af var lagður tekjuskattur á 158.455.

Það er í sjálfu sér áhugavert að allt frá árinu 1997 hafa sveitarfélögin haft meiri tekjur en ríkið af þeim sköttum sem lagðir eru á í staðgreiðslu. Ekki er víst að borgarar þessa lands, sem margir reiða af hendi stóran hluta launa sinna í hverjum mánuði til nauðsynlegrar uppbyggingar, samfélags- og þjóðþrifamála, geri sér ávallt grein fyrir þessari staðreynd. Árið 2012 var sveitarfélögum frjálst að ákvarða útsvar á bilinu 12,44% til 14,48%. Þarna munar 2,04 prósentustigum eða 2 kr. og 4 aurum af hverjum 100 kr. sem er aflað. Einstaklingur sem býr í sveitarfélagi sem leggur

á hámarksútsvar greiðir því 16,4% herra útsvar en sá sem býr í sveitarfélagi sem leggur á lágmarksútsvar, eða 20.400 kr. af hverri milljón sem hann aflar sem gerir 102 þús. kr. í auknar ráðstöfunartekjur af hverjum fimm milljónum. Það getur því skipt tugum og jafnvel hundruðum þúsunda fyrir skattgreiðandann hvar hann kys að setjast að.

Þar sem tekjuskattur er stighækkandi en útsvarið flatur skattur er tekjuskattur mun næmari fyrir tekjubreytingum en útsvarið. Þegar um almenna tekjulækun er að ræða greiða færri tekjuskatt og fleiri greiða lægri tekjuskatt. Fleiri greiða því lægra hlutfall af tekjum til ríkis og fleiri nýta tekjuskatt til greiðslu útsvars. Eftir þá ágjöf sem efnahagslífið varð fyrir árið 2008 lækkaði útsvar minna en tekjuskatturinn. Árið 2007 var útsvar til sveitarfélaga 145,5 milljarðar og tekjuskattur tæpir 123,3 milljarðar. Árið 2010 var útsvarið tæpum 25,2 milljörðum, eða 17,3%, lægra að raungildi. Tekjuskattur var 23,3 milljörðum lægri og hafði lækkað um 18,9%. Hann var þá samt rúmum 1,2 milljörðum hærri en árið áður. Á þessum tíma lækkaði tekjuskattstofninn um 176,5 milljarða, 16,5%. Árið 2010 var lagt á í þrepum sem hefur sennilega minnkað áhrif tekjufallsins.

Frá árinu 2010 hefur tekjuskattstofn hækkað um 40,7 milljarða, eða 4,6%. Útsvarið hefur hækkað um 18,9 milljarða, 15,7%, og tekjuskattur um tæpa 4,3 milljarða, 4,3%. Hér spilar inn í breyting á útsvari og tekjuskatti. Sveitarfélögin hafa fengið 46,5% af tekjuaukanum en ríkið hefur hins vegar aðeins fengið 10,6% af þeim tekjuauka sem orðið hefur í formi almenns tekjuskatts í sinn hlut. Hér er þó rétt að taka fram að skattar handreiknaðra eru reiknaðir af tilbúnum tekjuskattstofni en ekki raunverulegum tekjum og því er handreiknuðum sleppt í öllum upplýsingum sem byggja á skattframtölum. Þeir eru hins vegar taldir með í álagningarupplýsingum.

Fjármagnstekjuskattur

Sérstakur fjármagnstekjuskattur var fyrst lagður á árið 1997 og náði hann þá aðeins til söluhagnaðar af hlutabréfum undir þremur milljónum. Fyrir þann tíma voru vextir skattfrjálsir en hagnaður af sölu eigna, öðrum en hlutabréfum, umfram ákveðin mörk var skattlagður til jafns við launatekjur. Fjármagnstekjuskattur tekur nú til vaxta, arðs, söluhagnaðar og leigu. Skatturinn var lengst af 10% en um mitt ár 2009 var hann hækkaður í 15% vegna

fjármagnstekna sem aflað var eftir 1. júlí það ár. Þó var áfram lagður 10% skattur á fjármagnstekjur sem voru undir 250 þús. hjá einhleypingi og 500 þús. hjá hjónum. Þá voru 30% leigutekna undanþegin skatti. Árið 2010 var fjármagnstekjuskattur aftur hækkaður í 18%, með 100 þús. kr. frítekjumarki vegna vaxtatekna hjá einhleypingi og tvöföldum þeim fjárhæðarmörkum hjá hjónum. Í álagningu árið 2012 var lagður 20% skattur á á vexti, arð, söluhagnað og leigutekjur. Frítekjumark vegna vaxta var óbreytt og tæpur þriðjungur leigutekna var enn undanþeginn skattlagningu. Frítekjumark hefur því í raun sigið um 11% frá álagningu árið 2010 á tekjur ársins 2009.

Fjármagnstekjuskattur var lengst af flatur 10% skattur og því fylgdu tekjur af skattinum skattstofninum. Ekkert lát var á vexti fjármagnstekna eftir að fjármagnstekjuskatturinn var tekinn upp og fylgdu tekjur af skattinum vexti skattstofnsins. Frá árinu 1997 til 2007 11-földuðust fjármagnstekjur og þ.a.l. 11-földuðust tekjur ríkis af skatti á fjármagnstekjur. Árið 2007 voru fjármagnstekjur orðnar 348,6 milljarðar. Tekjur ríkisins af fjármagnstekjuskatti voru þá rúmir 36 milljarðar. Hér er álagning handreiknaðra tekin með. Handreiknaðir hafa því verið með rúma 10 milljarða í fjármagnstekjur sem verður að teljast umtalsvert.

Eftir að fjármagnstekjuskattinum var breytt hefur samband stofnsins og skattsins breyst. Frítekjumarkið leiddi til þess að gjaldendum skattsins fækkaði verulega. Árið 2010 var lagður fjármagnstekjuskattur á 182.699 fjölskyldur, allar fjölskyldur sem voru í viðskiptum við innlánsstofnun og áttu vaxtaberandi bankareikning, en það voru nær allar fjölskyldur í landinu. Ári síðar var skatturinn lagður á 46.768 fjölskyldur, 135.931 færri en árið áður. Þó svo að fjármagnstekjur séu taldar fram af þeim maka sem er eldri er skatturinn lagður á þann sem hefur hærri tekjur og greiðir því hærri skatta. Fjöldatölur segja því til um fjölda fjölskyldna en ekki fjölda einstaklinga.

Það er ljóst að mikill meirihluti þeirra sem voru með fjármagnstekjur og greiddu fjármagnstekjuskatt hafa verið með fjármagnstekjur undir viðmiðunarmörkum fjármagnstekjuskatts og því sloppið við að greiða skattinn. Fjármagnstekjur lækkuðu um 33,4% á milli árunna 2008 og 2009 en fjármagnstekjuskattur lækkaði um 26%. Árið eftir lækkuðu fjármagnstekjur um 53,5% en skatturinn um 37,1%. Þá lækkuðu fjármagnstekjur um 15,3% á

milli árunna 2011 og 2012 en skatturinn um 3,7%. Nú er landið tekið að rísa. Fjármagnstekjur hækkuðu að raungildi um 5,3% á milli árunna 2011 og 2012, en skatturinn um 9,3%.

Það er athyglisvert að þrátt fyrir að um þrír af hverjum fjórum sem voru með fjármagnstekjur hafi verið með tekjur undir skattleysismörkum eftir að slík mörk voru tekin upp í fjármagnstekjuskatti þá er álagður skattur samt sem áður ekki fjarri álagningarhlutfallinu sem lagt er á stofninn. Árið 2010 var fjármagnstekjuskattur 18% á tekjur yfir fjárhæðarmörkum en þá var álagður fjármagnstekjuskattur sem hlutfall af fjármagnstekjum um 15%. Skattur hefur verið lagður á u.þ.b. 15 kr. af hverjum 100 sem landsmenn voru með í fjármagnstekjur það árið. Ríkið gaf eftir þrjár krónur vegna skattleysismarkanna. Af þessu má draga þá ályktun að einn

”

Að öðru óbreyttu má ætla að hækkun skatts á fjármagnstekjur hafi skilað ríkinu 13,3 milljörðum á síðustu þremur árum, þar af rúmum fimm milljörðum árið 2013

sjötti hluti fjármagnstekna hafi verið undir mörkum og því ekki skattlagður, þrjár kr. af hverjum 18. Árið 2012 var fjármagnstekjuskattur 18% af stofni en 20% skattur var lagður á fjármagnstekjur. Því hafa u.þ.b. tvær krónur af hverjum 100 sem menn höfðu í fjármagnstekjur ekki verið skattlagðar og því 10% fjármagnstekna verið undir skattleysismörkum. Þetta þarf ekki að koma á óvart þegar haft er í huga að frekar óalgengt er að fólk sé með miklar fjármagnstekjur.

Fjármagnstekjuskattur var lagður á 41.675 fjölskyldur í álagningu árið 2013, 2.609 fleiri en árið áður. Frá árinu 2007 hafa fjármagnstekjur lækkað um 283,8 milljarða, eða 81,4%. Skatturinn hefur hins vegar lækkað um 24 milljarða, eða 67,6%. Að öðru óbreyttu má ætla að

hækkun skatts á fjármagnstekjur hafi skilað ríkinu 13,3 milljörðum á síðustu þremur árum, þar af rúmum fimm milljörðum árið 2013.

Eignarskattar

Eignarskattar eiga sér langa sögu í heimi skatta og gjalda. Fyrr á tímum voru bújarðir mikilvægasta framleiðslueiningin. Eignarskattur var því hentug leið til að skattleggja framleiðslu bújarða án þess að þurfa að umreikna hana til markaðsvirðis en oftast en ekki stóðu búin fyrst og fremst undir þörfum húsbænda og vinnuhjúa. Nokkuð ljóst var hversu stórar jarðir voru og hvaða byggingar var að finna á þeim, enda margvíslegum erfiðleikum bundið að hylja slíkar eignir fyrir vökulum augum ríkisvaldsins. Allt að einu var í fyrri tíð ýmist hægt að gera upp framleiðslu, eða tekjur, búsins að hausti og heimta skatt af uppskeru sumarsins eða þá að leggja skattinn á eignir búsins sem flestar voru nýttar til framleiðslu afurða sem voru í reynd tekjur þess. Skattur á eignir einstaklinga var því í reynd skattur á tekjur fyrirtækis, í þessu tilfelli bújörð. Skattur á fyrirtæki er í reynd skattur á eigendur fyrirtækja. Til hægðarauka fyrir skattyfirvöld var skatturinn lagður á eignir en ekki tekjur þó svo að ljóst væri að skatturinn skyldi greiddur með tekjum sem eignirnar áttu að skapa.

Skattheimta konungs varð oft til að skapa óánægju og andstöðu meðal jarðeigenda sem höfðu lítið um það að segja hvernig konungur varði tekjum ríkisins. Frá aldaöldi hafa átakalínur stjórnmalanna þannig legið á milli landeigenda og konungsvaldsins en ekki á milli iðjuhölda og alþýðu manna, eins og síðar varð; en þó samt sem áður á milli þeirra sem greiða skatt og þeirra sem verja skattfénu.


Þá voru stjórnmalaréttindi einnig lengst af bundin við eignir eða skattgreiðslu. Aðeins þeir sem lögðu til sameiginlegra sjóða og greiddu skatt skyldu hafa eitt-hvað um það að segja hvernig skattfénu skyldi varið en ekki allir þeir sem hlýddu lögum ríkisins eins og síðar varð. Það var ekki fyrr en hefðbundin stéttaskipting tók að riðlast og nýjar stéttir urðu til sem ekki lutu húsbóndavaldi landeigenda að tengsl eigna og tekna urðu óljósari. Ekki var óþekkt að menn hefðu miklar tekjur án þess að þær væru endilega af landi. Í Frakklandi Loðvíks XIV. var t.d. farin sú leið að miða skattinn við stétt og stöðu: 22 stéttir og 569 stöður. Prestar, lögmenn, lækmar, herforingjar og landbúnaðarverkamenn greiddu mismunandi skatt óháð tekjum. Heiður manna var skattlagður.

Til að framfylgja skattheimtunni þurfti manntal og að skylda menn til að merkja heimili sín svo að útsendarar konungs ættu auðveldara með að hafa upp á þegnum og þegnarnir ættu erfiðara með að komast undan konungsvaldinu. Hvað sem því líður má ætla að skattur á eignir hafi í upphafi verið hugsaður sem skattur á tekjur landeigenda sem höfðu á öðrum tíma mikilvægu þjóðfélagslegu hlutverki að gegna.

Lengst af var eignarskattur á Íslandi 1,2% á eignir yfir ákveðnum mörkum og svo bættist við sérstakur eignarskattur sem var 0,25% af eignum sem voru tæpum 45% hærri en mörk eiginlegs eignarskatts. Einstaklingar yfir 67 ára aldri voru undanþegnir skattinum. Sérstaki eignarskatturinn átti að renna til byggingar Þjóðarþóðhlöðunnar. Um aldamótin síðustu höfðu eignamörk sigrð nokkuð að raungildi og þá höfðu eignamörk sérstaks eignarskatts sigrð meira en mörk almenns eignarskatts. Þegar sérstaki eignarskatturinn var lagður á síðast, árið 2002, var hann lagður á hreina eign umfram 11.603.333 kr. að raungildi og skilaði hann þá jafngildi 670 milljóna í tekjur. Skatturinn var lagður á 29.882 einstaklinga en hvort hjóna fyrir sig stóð skil á skattinum. Almenni eignarskatturinn var þá lagður á eignir umfram 8.648.674 kr. og skilaði hann þá tæpum 6,3 milljörðum í tekjur.

Þá var eignarskattur og sérstakur eignarskattur lagður á eigið fé fyrirtækja. Nafnverð hlutabréfa var skattlagt hjá eigandanum og eigið fé hjá fyrirtækinu. Árið 2002 voru lagðir tæpir 3,8 milljarðar á eignir félaga. Einstaklingar greiddu því rúma 10,7 milljarða í skatt af eign í landi, lausamunum og félögum. Eiginlegur eignarskattur var lagður á síðast árið 2005. Þá var lagður 0,6% skattur á hreina eign umfram 4.983.140 kr. Skatturinn skilaði þá tæpum 4,8 milljörðum í tekjur og var hann lagður á 75.588 einstaklinga.

Eignarskattur var endurvakin árið 2010 undir nýju nafni, nú sem auðlegðarskattur. Þó að skatturinn sé sem fyrr lagður á eignir þá er vissulega rétt að nokkur eðlis-munur var á hinum nýja auðlegðarskatti og gamla eignarskattinum. Munurinn fólst helst í eignamörkunum sem voru mun hærri en eignamörk gamla eignarskattsins, sem var að kalla almennur skattur á eignir einstaklinga. Þegar auðlegðarskatturinn var fyrst lagður á árið 2010 var hann 1,25%, lagður á hreina eign umfram 90.000.000 kr. hjá einhleypingi, sem jafngildir 101.139.983 kr. á föstu verðlagi. Eignamörk hjóna voru við 120.000.000



kr. Skatturinn var lagður á 3.817 einstaklinga og skilaði 3,8 milljörðum. Ári seinna, 2011, höfðu eignamörkin sigrð um 15.000.000 kr. hjá einstaklingum og 20.000.000 kr. hjá hjónum. Skatturinn var hækkaður í 1,5% og náði þá til eigna 4.772 einstaklinga. Þá var einnig lagður viðbótarauðlegðarskattur á einstaklinga eða eigið fé fyrirtækja í þeirra eigu.

Skatturinn var aftur hækkaður árið 2012 en þá var lagður viðbótarskattur á hreina eign einstaklinga sem áttu meira en 150.000.000 kr. og hjóna sem áttu meira en 200.000.000 kr. sem greiddu því 2% skatt af eignum umfram þessi mörk. Ef litið er framhjá því að fjárhæðamörk hafa sigrð að raungildi þá var skatturinn óbreyttur við álagningu árið 2013. Auðlegðarskattur var lagður á 5.980 einstaklinga, sem er 2.163 fleiri en þegar skatturinn var fyrst lagður á árið 2010. Árið 2013 var lagður tæpur 9,1 milljarður á í skatt á eignir þessa fólks, en þar af voru rétt rúmir 3,5 milljarðar lagðir á eigið fé fyrirtækja í eigu þessara einstaklinga miðað við eignastöðu félaganna í árslok 2011. Viðbótarauðlegðarskattur var líkt og undanfarin ár lagður á hreina eign skv. skattframtali rekstraraðila vegna álagningar árið 2012. Skatturinn hækkaði um tæpan milljarð að raunvirði, eða 38,3%. Hann var lagður á 4.988 einstaklinga, 854 fleiri en í fyrra. Eigið fé fyrirtækja hefur aukist umtalsvert á milli árunna 2011 og 2012. Eignir hafa aukist og skuldir lækkað,


m.a. vegna afskrifta. Frá þeim tíma að auðlegðarskattur var tekinn upp hefur hann skilað ríkissjóði hátt í 30 milljörðum að raunvirði, eða 28,9 milljörðum.

Bætur

Í gegnum tíðina hafa kjörnir fulltrúar ýmissa samfélagshópa, pólitískra sjónarmiða og jafnvel hugsjóna talið rétt að taka sérstakt tillit til greiðslugetu gjaldenda við skattlagningu. Hefur þótt tilhlýðilegt að létta skattbyrði lágtekjumanna, sjómanna, foreldra og ungs fólks sem er að koma sér upp heimili, sem og þeirra sem búa við sérstakar aðstæður eða skert gjaldþol, t.d. vegna veikinda, framfærslu vandamanna, eða eignatjóns. Reynt er að ná þessum markmiðum með frádrætti, afslætti, ívilnun og bótum. Bætur, vaxtabætur og barnabætur eru í eðli sínu ekki ósvipaðar persónuafslætti og sjómannaafslætti nema þá að þær eru greiddar út en koma ekki til frádráttar álögðum sköttum. Vissulega má líta svo á að ríkið greiði útsvar þeirra sem eru undir skattleysismörkum en persónuafsláttur sem er nýttur til greiðslu útsvars er ekki greiddur gjaldandanum heldur sveitarfélaginu. Bætur eru hins vegar greiddar út og tekjufærðar í heimilisbókhalda gjaldandans. Þá eru bætur iðulega skertar til að þær nýtist helst þeim samfélagshópum sem eru taldir þurfa á þeim að halda. Það má því líta á bætur sem félagslegt úrræði til að létta undir með þeim sem hafa þörf fyrir slíkt.

Milljarðar kr.

Barna- og vaxtabætur



Vaxtabætur jukust mikið árin 2008 til 2010. Sérstök vaxtaniðurgreiðsla, sem var ætluð til að koma til móts við þá sem áttu erfitt með að standa í skilum af húsnæðislanum, var reiknuð við álagningu árin 2011 og 2012. Barnabætur hafa lækkað að raungildi frá árinu 2007. Þær hækkuðu þó nokkuð í álagningu 2013.

Barnabætur

Um aldamótin var atvinnuleysi nær óþekkt og laun og kaupmáttur hækkuðu frá ári til árs. Á þessum tíma héldu bætur nokkuð vel í við verðlag en vægi þeirra í skattkerfinu minnkaði. Þegar ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingar tók við völdum árið 2006 voru bætur eins og persónuafsláttur hækkaðar ríflega. Frá árinu 2004 til 2007 hækkuðu barnabætur um tæpa 3,5 milljarða, 41,2%, að raungildi. Bætur voru hækkaðar en mest munaði um mikla hækkun tekjuskeringarmarkna sem hækkuðu um 93,6% að nafnvirði á tímabilinu. Þá var viðbótargreiðsla með börnum undir sjö ára aldri einnig hækkuð um 54,8%. Barnabætur náðu hámarki árið 2007 en þá reiknaði ríkisskattstjóri foreldrum tæpa 12 milljarða í bætur. Síðan lækkuðu barnabætur aftur um tæpa 4,2 milljarða að raungildi fram til álagningar árið 2012, eða um 35,1%. Þær voru þá tæpir 7,8 milljarðar króna.

Barnabætur lækkuðu um milljarð að raungildi á milli álagningaráranna 2011 og 2012. Í álagningu árið 2012 var farið að skerða uppbót með börnum yngri en sjö ára um 3% með hverju barni, sem þýddi að hún féll niður þegar tekjur foreldra með eitt barn undir þessum aldri náðu 2.039.700 kr. á ári og tekjur foreldra með tvö börn undir sjö ára aldri náðu meira en 4.079.400 kr. Lengst af var þessi uppbót ekki skert.

Barnabætur hækkuðu aftur um tæpa 2,4 milljarða að raungildi, 30,2%, í álagningu

”

Breytingarnar sem gerðar voru á vaxtabótum leiddu til þess að í álagningu 2012 voru vaxtabætur og sérstök vaxtaniðurgreiðsla um 9,2 milljarðar, tæpum fjórum milljörðum lægri að raungildi en árið áður

ingu árið 2013. Í álagningu 2013 voru 56.693 foreldrum reiknaðar barnabætur, 4.931 fleiri en fyrir ári, en 13.134 færri en árið 2010. Almennar barnabætur voru hækkaðar um 10% að nafnvirði og viðbót með börnum yngri en sjö ára hækkuð um 63,4%. Þá voru skerðingarmörk vegna tekna hækkuð um þriðjung.

Vaxtabætur

Vaxtabætur hafa þróast með svipuðum hætti og barnabætur á undanförunum árum. Hér er um að ræða niðurgreiðslu á vaxtagjöldum vegna kaupa á húsnæði

til eigin nota. Um miðjan fyrsta áratug aldarinnar tóku vaxtabætur að hækka og náðu hámarki árið 2010 í álagningu 2011 þegar sérstök vaxtaniðurgreiðsla var greidd til viðbótar hefðbundnum vaxtabótum. Árið 2011 reiknaði ríkisskattstjóri landsmönnum tæpa 13,2 milljarða í vaxtabætur. Þá fengu 102.652 manns greiddar bætur, vaxtabætur eða sérstaka vaxtaniðurgreiðslu. Vaxtabætur voru hækkaðar mikið á milli álagningaráranna 2010 og 2011. Bætur einhleypinga hækkuðu um 62%, bætur einstæðra foreldra hækkuðu um 57,4% og bætur hjóna og samskattaðs sambúðarfólks hækkuðu 46,9% að nafnvirði. Hámark vaxtagjalda var einnig hækkað umtalsvert, um 44,3% hjá einhleypingum, 37,4% hjá einstæðum foreldrum og 33,2% hjá hjónum. Á sama tíma voru eignamörk hins vegar lækkuð. Neðri mörkin lækkuðu um 43,8% og efri mörkin um 42,9%. Vaxtabætur skerðast, til þess að gera, hratt þegar eignir myndast. Byrjað var að skerða bætur vegna eigna þegar hrein eign einhleypings náði 7.119.124 kr. Bætur voru fullskertar á 4.271.475 kr. bili uns þær féllu niður þegar eignir umfram skuldir náðu 11.390.599. Í álagningu árið 2011 var byrjað að skerða bætur þegar eignir umfram skuldir náðu 4.000.000 kr. og þær voru fullskertar á 2.400.000 kr. bili uns þær féllu niður þegar hrein eign einhleypings var 6.400.000 kr. Eignamörk hjóna og samskattaðra voru um 60% hærri en eignamörk einhleypings.

Breytingarnar sem gerðar voru á vaxtabótum leiddu til þess að í álagningu 2012 voru vaxtabætur og sérstök vaxtaniðurgreiðsla um 9,2 milljarðar, tæpum fjórum milljörðum lægri að raungildi en árið áður. Vaxtabætur lækkuðu því um 30,1%. Til viðbótar almennum vaxtabótum var greidd sérstök vaxtaniðurgreiðsla árið 2011 og 2012. Sérstök vaxtaniðurgreiðsla var 0,6% af skuldum vegna lána teknum til kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði og gat að hámarki orðið 200 þús. kr. hjá einhleypingi og 300 þús. kr. hjá hjónum. Þrátt fyrir að skerðingarmörk væru lækkuð jukust vaxtabætur mjög mikið á milli áranna 2011 og 2012. Á síðustu tveimur árum hefur niðurgreiðsla á vaxtakostnaði minnkað mikið. Í vaxtabótaútreikningi árið 2012 lækkuðu bætur um tæpa fjóra milljarða frá árinu áður en þá fengu menn aðeins greiddar bætur vegna greiddra vaxta. Við álagningu árið 2013 var vaxtaniðurgreiðsla 8,7 milljarðar, tæplega 4,5 milljörðum minni en árið

2011. Sérstök vaxtaniðurgreiðsla féll niður árið 2013.

Einhleypir framteljendur sem fengu fullar óskertar vaxtabætur fengu 400.000 kr. greiddar úr ríkissjóði, einstæðir foreldrar fengu 500.000 kr. og hjón og samskattað sambúðarfolk 600.000 kr. Þetta eru miklir peningar, sérstaklega þegar haft er í huga að þetta eru skattfrjálsar greiðslur. Ef miðað er við að 100.000 kr. séu það sem eftir stendur eftir að staðgreiðsla hefur verið dregin af launum þá þarf að afla tæpra 160 þús. kr. til að auka ráðstöfunarfé sitt um 100.000 kr. Það má því segja að skattfrjálsar 400 þús. kr. jafngildi hátt í 650 kr. í skattskyldar tekjur, skattfrjálsar 500 þús. jafngildi tæpum 800 þús. kr. og 600 þús. kr. jafngildi u.þ.b. 950 þús. kr. í skattskyldar tekjur.

Sjómannaafláttur

Þeir sem fá greidd laun fyrir sjómannsstörf á íslensku skipi eða skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi hafa átt rétt á sjómannaaflátti. Allt frá miðjum 10. áratugnum hefur sjómannaafláttur farið lækkaði. Hann var 686 kr. árið 1995 sem jafngildir 1.584 kr. í árslok árið 2012. Það ár fékk 9.461 sjómaður og beitingamaður samanlagt rúma 3,5 milljarða í aflátt af tekjuskatti, sem var þó 180 milljónum minna en þeir höfðu fengið tveimur árum fyrr, 1993, þegar 9.700 sjómenn fengu aflátt.

Sjómannaafláttur lækkaði að raungildi og sífellt færri fengu aflátt allan fyrsta áratug þessarar aldar. Árið 2010 var sjómannaafláttur kominn niður í 987 kr. á dag, sem jafngildi 1.083 kr. í árslok 2012. Sjómannaafláttur hafði því misst 31,7% af raungildi sínu frá árinu 1995 og sjómönnum sem áttu rétt á aflátti hafði fækkað um 3.650, eða 38,6%.


Sjómannaafláttur var lækkaður umtalsvert árin 2011 og 2012. Fyrst lækkaði hann úr 1.083 kr. í 771 kr., eða um 28,8%, og síðan í 493 kr. á dag, eða um 36,1% að raungildi. Kostnaður vegna afláttarins lækkaði á þessum tíma úr 1,4 milljörðum árið 2010 í rúman milljarð árið 2011 og í rúmar 650 milljónir árið 2012. Sjómannaafláttur hefur því lækkað að raunvirði um tæpa 2,9 milljarða frá árinu 1995, eða 81,5%. Nú fengu 5.811 aflátt frá tekjuskatti vegna starfa til sjós, 78 færri en fyrir ári.

Ívilnun

Ríkisskattstjóra er heimilt að lækka tekjuskatts- og útsvarsstofn gjaldenda vegna veikinda, slyss, ellihrörleika, veikinda eða

Milljarðar kr.

Sjómannaafláttur



Sjómannaafláttur á sér langa sögu í skattkerfinu. Síðustu tvo áratugi hefur vægi hans hins vegar farið minnkandi. Aflátturinn er nú lægri og færri nýta aflátt vegna sjómennsku. Sjómannaafláttur var 493 milljónir vegna sjómennsku árið 2012. Hann var 1.580 milljónir árið 2005.

fötlunar barns, framfærslu vandamanna, ungmenna á aldrinum 16 til 21 árs eða eignatjóns eða tapaðra krafna sem ekki tengjast atvinnurekstri og skerðir gjald-

”

Allt frá miðjum 10. áratugnum hefur sjómannaafláttur farið lækkaði. Hann var 686 kr. árið 1995 sem jafngildir 1.584 kr. í árslok árið 2012

þol. Tekjuskattstofn var lækkaður um tæpa 2,4 milljarða vegna ívilunar skv. 65. gr. laga um tekjuskatt, sem er rúnum 330 milljónum meiri ívilnun en fyrir ári að raungildi. Stofn fleiri framteljenda var lækkaður, 15.872 miðað við 12.455 í álagningu árið 2012. Í álagningu nú fengu 7.109 fleiri ívilnun en í álagningu árið 2008.

Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra

Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra var 9.604 kr. Gjaldið var lagt á alla sem fæddir voru 1943 og síðar, þ.e. þá sem voru 69 ára og yngri og voru með tekjur yfir skattleysismörkum, 1.495.407 kr., árið 2012. Árið 2012 uppfylltu 182.993 þessi skilyrði, 2.014 fleiri en árið áður. Um 72,2% framteljenda sem öfluðu útsvarsskyldra tekna árið 2012 greiddu gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, en 1,7 milljarðar voru lagðir á landsmenn, 30 milljónum meira en í fyrra. Undanfarin ár hafa ekki orðið miklar breytingar á gjaldinu.

Útvarpsgjald

Útvarpsgjald er lagt á sömu einstaklinga og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra. Gjaldið á lögum samkvæmt að ganga til reksturs Ríkisútvarpsins ohf. Árið 2013 var gjaldið 18.800 kr. á mann og skilaði það 3,4 milljörðum.

Önnur gjöld

Á hverju ári leggur ríkisskattstjóri ýmis önnur gjöld á landsmenn. Tryggingagjald og búnaðargjald eru lögð á einstaklinga með rekstur. Þá er slysatrygging vegna heimilisstarfa reiknuð fyrir þá sem þess óska. Tryggingagjald var lagt á 19.225 einyrkja sem munu greiða tæpan 1,8 milljarð í tryggingagjald.

Námskeið fyrir nýja í rekstri

Mikilvægt er fyrir alla sem eru að hefja atvinnurekstur að þekkja til reglna um bókhald, tekjuskatt og virðisaukaskatt. Þá þurfa þeir að velja sér rekstrarform og síðan eftir atvikum að standa skil á staðgreiðslu og virðisaukaskatti. Allt frá því að virðisaukaskattur var tekinn upp á árinu 1990 hefur á vegum skattyfirvalda verið boðið upp á námskeið fyrir nýja á virðisaukaskattsskrá. Árið 2000 var umfjöllun um almenn skattskil bætt þar við og hafa námskeiðin verið í sífelldri þróun. Nýverið var til að mynda bætt við umfjöllun um val á rekstrarformi.

Sjálfstæð starfsemi í skilningi skattalaga er starfsemi sem felur í sér fjárhagslega áhættu og ábyrgð, er óháð öðrum og rekin í atvinnuskyni. Ekki eru alltaf skýr mörk á milli þess hverjir teljast vera launþegar og hverjir atvinnurekendur. Skattyfirvöld geta metið starfssambandið eftir á og leiðrétt skattskil úr skilum rekstraraðila í skil launþega með tilheyrandi endurákvörðun skatta auk viðurlaga.

Val á rekstrarformi

Þegar hafinn er rekstur er mikilvægt að velja rekstrarform við hæfi. Helstu rekstrarformin eru einstaklingsrekstur, sameignarfélag, samlagsfélag og einkahlutafélag, og eru mismunandi rekstrarform ýmist skráð hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða sýslumönnum eftir því sem við á. Á námskeiðinu er farið yfir helstu kosti og galla við framangreind rekstrarform, svo sem hvort þau feli í sér fulla eða takmarkaða ábyrgð eigenda, hvort skila þurfi inn sérstökum ársreikningum til ársreikningaskrár og hver sé upplýsingaskylda félaga gagnvart fyrirtækjaskrá.

Bókhald og tekjuskráning

Á námskeiðinu er meðal annars fjallað um bókhaldsskyldu, tekjuskráningu og reikningaútgáfu. Hvað bókhaldsskylduna varðar þá er farið yfir á hvaða lögum og reglugerðum hún byggir og einnig er fjallað um hverjir teljist bókhaldsskyldir. Það er t.d. ekki lagt að jöfnu að vera bókhaldsskyldur og að vera framtalsskyldur. Þá er stuttlega fjallað um helstu bókhaldsgögn og hvernig og hversu lengi beri að varðveita þau.

Farið er ítarlega yfir atriði sem eiga að tryggja trausta og örugga tekjuskráningu og þau gögn sem hún byggir á, svo sem reikningaútgáfu.

Sölureikningur er grunn gagn í viðskiptum og sölureikningur eins aðila er gagn sem sýnir gjöld annars. Það þarf því að vanda til verks þegar sölureikningur er útbúinn. Sölureikningur sem ekki uppfyllir þau skilyrði sem sett eru í lögum og reglugerðum getur skapað vanda hjá kaupanda vörunnar eða þjónustunnar sem fær reikninginn í sínar hendur. Það getur leitt til



Þeir sem hefja atvinnurekstur þurfa að standa skil á launatengdum sköttum og gjöldum, svo sem afdreginni staðgreiðslu, tryggingagjaldi og greiðslum í lífeyrissjóði vegna launagreiðslna og/eða reiknaðs endurgjalds

þess að kaupandinn vilji ekki eiga frekari viðskipti við seljandann. Því er á námskeiðinu farið vel yfir reglur um form og efni sölureikninga, þ.e. reglur sem segja til um það hvenær sölureikningur geti talist fullgilt gagn til gjaldfærslu og færslu inn-skatts í bókhaldi. Þekking á þessum reglum stuðlar þannig jafnframt að því að viðskipti gangi ánægjulega fyrir sig.

Tekjuskráning getur einnig byggst á öðru en sölureikningi og t.d. má nota sjóðvél þegar selt er til endanlegs neytanda, giróseðil eða afreikning. Farið er yfir hvaða reglur gilda um sjóðvélnar, s.s.

hvaða lágmarkskröfur gerðar eru til útbúnaðar slíkra véla. Einnig er vikið að reglum um bókhald virðisaukaskattsskyldra aðila, hvað þarf að koma fram í bókhaldi sem snýr að virðisaukaskatti og uppgjöri hans, sem og hvaða kröfur gögn þurfa að uppfylla til að teljast innskattshæf.

Virðisaukaskattur

Í virðisaukaskattshluta námskeiðsins eru hugtökin virðisaukaskattur, útskattur og innskattur skilgreind og skýrt út hvernig virðisaukaskattur er innheimtur, bæði af viðskiptum innanlands sem og við innflutning. Í tengslum við þá umfjöllun er skýrt út hvaða stofnanir sjá um álagningu virðisaukaskatts, hvernig kæruheimildum er háttað o.s.frv.

Áður en menn hefja atvinnurekstur er mikilvægt að þeir átti sig á því hvort fyrirhuguð starfsemi sé virðisaukaskattsskyld. Nánast öll vörusala er virðisaukaskattsskyld en veigamiklar undanþágur eru frá meginreglunni um skattskyldu vegna þjónustusölu. Þá eru tíundaðar reglur um skattskyldu, þ.e. skráningarskyldu. Gerð er grein fyrir þeim skilyrðum sem lög um virðisaukaskatt setja um atvinnuskyn og sjálfstæði starfseminnar. Í tengslum við reglur um skráningu er farið í reglur um afskráningu og meðferð þeirra sem skattar eru áætlaðir á. Síðan er fjallað um skatthlutföllin tvö, þ.e. 25,5% og 7%. Reglur um svokallað skattverð eru einnig til umfjöllunar á námskeiðinu, en skattverð er það verð sem virðisaukaskattur er reiknaður af við sölu á vörum og þjónustu. Í framhaldi af því er fjallað um reglur um útlagðan kostnað, en slíkum kostnaði er hægt að halda utan skattverðs.

Reglur um skattskylda og undanþæguna veltu segja til um hvaða afhending vöru og skattskyldrar þjónustu telst til skattskyldrar veltu skráðs aðila, og hvaða viðskipti eru undanþegin skattskyldri



Karl Óskar Magnússon, Bjarni Amby Lárusson, Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm, Reynir Jóhannesson, Jón Ásgeir Tryggvason, og Sæmundur Guðmundsson eru leiðbeinendur á námskeiði fyrir nýja í rekstri sem RSK heldur reglulega.

veltu. Því næst er fjallað um meginreglu virðisaukaskattslaga um tímamark skattskyldu, en hún er tengd afhendingu vöru eða skattskyldrar þjónustu, eða m.ö.o. hvenær beri að gefa út reikning með virðisaukaskatti. Sú meginregla er nefnd afhendingarreglan en til eru undantekningar frá henni.

Eitt höfuðeinkenni virðisaukaskatts er frádráttarheimildin og er því farið ítarlega í reglur um innskatt. Fjallað er um þau fylgiskjöl sem hægt er að byggja innskatt á, sem og þær kröfur sem gerðar eru til forms og efnis sölureikninga. Þá er fjallað um reglur sem segja til um hvenær annars vegar er heimilað að færa virðisaukaskatt hlutfallslega til innskatts, og hins vegar hvenær frádráttur er óheimill með öllu. Í lok umfjöllunar um virðisaukaskatt er farið í reglur um framtal og skil á virðisaukaskatti.

Þjónustuvefur og rafræn skil

Fjallað er um þá veflykla sem notaðir eru til innskráningar á þjónustuvef ríkisskattstjóra, skattur.is, sem og hvernig og hvenær þeim er úthlutað. Á námskeiðinu er farið yfir hvernig útbúa má einn aðalkeyil sem

síðan er hægt að nota til skila á öllum skýrslum og gögnum til ríkisskattstjóra.

Þjónustuvefur ríkisskattstjóra er kynntur, hvernig rafræn skil virka og eins hvernig greiða skal í vefbanka. Farið er yfir hvernig hægt er að skila skilgreinum staðgreiðslu og virðisaukaskattskýrslum úr vefbönkum og beint úr fjárhags- og launakerfum til ríkisskattstjóra. Sýnt er hvernig nota má veflykla til að skila mismunandi sköttum.

Kynnt er hvernig rafræn skilríki virka og hvernig hægt er að nota þau til auðkenningar inn á þjónustuvefinn.

Skattskil vegna atvinnurekstrar

Umfjöllun um skattskil vegna atvinnurekstrar nær m.a. til tilkynninga inn á launagreiðendaskrá, til reglna um reiknað endurgjald, útreiknings á staðgreiðslu, tryggingagjalds, iðgjalda í lífeyrissjóð og reglna um frádráttarþæran rekstrarkostnað.

Einstaklingar og lögaðilar sem hefja atvinnurekstur þurfa að standa skil á launatengdum sköttum og gjöldum, svo sem afdreginni staðgreiðslu, tryggingagjaldi og greiðslum í lífeyrissjóði vegna launagreiðslna og/eða reiknaðs endurgjalds. Farið er yfir reglur um reiknað

endurgjald og hvaða heimildir eru til að færa lægra reiknað endurgjald til tekna á framtali en miðað var við í staðgreiðslu.

Allar rekstrartekjur eru skattskyldar en til frádráttar má færa þann kostnað sem tekjuskattslögin heimila. Farið er yfir helstu frádráttarheimildir tekjuskattslaganna og mörk einkakostnaðar og rekstrarútgjalda. Segja má að því óvenjulegri sem útgjöld séu, því strangari kröfur megi gera til rekstraraðilans um að hann rökstyðji að til þeirra hafi verið stofnað í rekstrarlegum tilgangi.

Framtalsskil rekstraraðila

Farið er yfir framtalsskil rekstraraðila, þ.e. hvaða framtölum og fylgiblöðum þarf að skila vegna rekstrarins. Í því sambandi er fjallað um muninn á einstaklingum í rekstri og lögaðilum sem eru sjálfstæðir skattaðilar. Minnt er á ýmis miðaskil, þ.e. skil launamiða, verktakamiða og hlutafjármiða í byrjun hvers árs.

Fjallað er um skilamöguleika framtala, þ.e. að þeim má skila hvort sem er rafrænt eða á pappír. Jafnframt er farið yfir skilafresti og helstu skiladagsetningar. Að lokum er fjallað stuttlega um kærur, þ.e. form kæra, kærufresti og kæruleiðir.

Úrskurðir yfirséðanefndar

49/2013

Tekjur af afleiðusamningum - uppgjör hagnaðar og taps

Ágreiningur í þessu máli laut að þeirri ákvörðun ríkisskattstjóra að hækka fjármagnstekjuskattsstofn kæranda sem nam vanframtöldum tekjum af afleiðuviðskiptum, samtals að fjárhæð kr. 820.318.398. Ríkisskattstjóri féllst þar með ekki á það sjónarmið kæranda að heimilt væri við uppgjör fjármagnstekna af umræddum viðskiptum að draga frá hagnaði tap vegna sölu sams konar samninga á sama ári.

Yfirséðanefnd vísaði til þess að samkvæmt viðtæku orðalagi 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. tekjuskattslaga þá teldust hvers konar tekjur af peningalegum eignum til tekna sem vextir. Jafnframt vísaði nefndin til þess að þeir afleiðusamningar sem kærandi átti viðskipti með hafi ekki leitt til afhendingar verðmæta af neinu tagi hjá honum í lok samningstímans. Að þessu virtu væri ekki hægt að líta á tekjur hans af sölu afleiðusamninga sem söluhagnað eigna heldur væri um að ræða tekjur af peningalegum eignum, þ.e. vexti. Af þeim sökum væri ekki fyrir hendi lagaheimild til að draga tap vegna sölu sams konar eigna frá tekjunum. Yfirséðanefnd hafnaði kröfum stefnanda að öðru leyti en því að fjármagnstekjuskattsstofn hans var lækkaður sem nam þóknun sem hann hafði greitt til bankans vegna afleiðuviðskiptanna.

Þar sem afleiðusamningar kæranda leiddu ekki til afhendingar verðmæta af neinu tagi hjá honum í lok samningstímans taldi yfirséðanefnd ekki um söluhagnað eigna að ræða og því var kæranda ekki heimilt að draga tap af afleiðusamningum frá hagnaði sams konar samninga.

67/2013

Lífeyrisgreiðslur frá Bandaríkjunum - tvísköttunarsamningur

Í málinu var deilt um hvort Ísland ætti

skattlagningarréttinn á lífeyrisgreiðslum sem kærandi fékk frá sérstökum bandarískum eftirlaunasjóði. Kærandi vísaði til þess að um væri að ræða greiðslur frá sérstökum eftirlaunasjóði sem byggður væri á frjálsum framlögum félagsmanna. Þá væri úttekt kæranda úr sjóðnum ekki tengd að neinu leyti vinnuframlagi hans.

Yfirséðanefnd taldi engan vafa á því að umræddar tekjur féllu undir 1. mgr. 17. gr. tvísköttunarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna þannig að skattleggja bæri tekjurnar hér á landi enda væri hvorki um að ræða greiðslu samkvæmt almannatryggingalöggjöf eða svipaðri löggjöf í Bandaríkjunum eða eftirlaun vegna opinbers starfs.

Úttekt kæranda úr sjóðnum var ekki tengd að neinu leyti vinnuframlagi hans og af þeim sökum átti Ísland skattlagningarréttinn af umræddum lífeyri.

82/2013

Útvarpsgjald - dánarbú

Málavextir voru þeir að S andaðist í júlí 2010 og við almenna álagningu opinberra gjalda 2011 var lagt útvarpsgjald á dánarbúið. Álagningin var kærð til ríkisskattstjóra með þeim rökstuðningi að dánarbúum bæri ekki að greiða útvarpsgjald gjaldárið eftir andlátsár. Ríkisskattstjóri hafnaði kröfunni og var sá úrskurður kærður til yfirséðanefndar.

Í úrskurði yfirséðanefndar kemur fram að samkvæmt tekjuskattslögum séu dánarbú sjálfstæðir skattaðilar. Við andlát S hafi skattskylda hans lokið en jafnframt hafi stofnast skattskylda dánarbús hans. Í málinu komi fram að hið kærða útvarpsgjald hafi verið lagt á S en ekki dánarbúið. Þar sem skattskylda S hafi lokið í júlí 2010 gat ekki staðist að leggja útvarpsgjald á hann gjaldárið 2011. Þá vísaði yfirséðanefnd til þess að samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., eru dánarbú undanþegin álagningu útvarpsgjalds. Krafa kæranda var þannig tekin greina.

Skattskylda hins látna lauk í júlí 2010 og því stóðst ekki að leggja útvarpsgjald á hann gjaldárið 2011. Þá eru dánarbú beinlínis undanskilin álagningu gjaldsins.

84/2013

Sameignarfélag - sjálfstæð skattaðild

Ágreiningsefnið í þessu máli laut að því hvort kærandi, sameignarfélag, væri sjálfstæður skattaðili skv. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. tekjuskattslaga. Kærandi krafðist þess að félagið yrði talið bera sjálfstæða skattskylda gjaldárið 2011.

Yfirséðanefnd féllst á kröfu kæranda með þeim rökstuðningi að við stofnun félagsins í ársbyrjun 2010 og skráningu félagsins í firmaskrá hafi verið óskað eftir því að félagið yrði sjálfstæður skattaðili. Ekki verði annað séð en að lagaskilyrði fyrir sjálfstæðri skattaðild hafi verið uppfyllt á þeim tímapunkti. Vanræksla á því að tilkynna fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra um stofnun félags getur ekki ein og sér leitt til niðurfellingar á skattskyldu.

Yfirséðanefnd komst að þeirri niðurstöðu að lagaskilyrði fyrir sjálfstæðri skattaðild voru uppfyllt þegar félagið var skráð og skiptir þá engu að láðst hafi að sækja um kennitölu hjá fyrirtækjaskrá fyrir félagið.

97/2013

Sjómannaaflsláttur - erlent útgerðarfélag

Málavextir eru þeir að kærandi stundaði sjómennsku á árinu 2010 á togara sem var í eigu og gerður út af erlendum lögaðila. Erlendi lögaðilinn var í eigu íslensks útgerðarfélags. Kærandi hélt því fram að þar sem erlenda útgerðarfélagið væri að fullu í eigu íslensks útgerðarfélags þá væri togarinn í raun í íslenskri eigu. Á þeim grundvelli gerði kærandi kröfu til þess að fá sjómannaaflslátt við álagningu opin-

berra gjalda 2011. Þeirri kröfu hafnaði ríkisskattstjóri.

Yfirkattanevnd vísar til þess í úrskurði sínum að umrætt skip hafi verið gert út af erlendu útgerðarfyrirtæki og að óumdeilt er að skipið sé skrásett erlendis. Yfirkattanevnd hafnaði kröfu kæranda með vísan til ótvíræðs orðalags 1. mgr. B-liðar 67. gr. tekjuskattslaga, sem kveður ekki á um rétt til sjómannaafsláttar vegna sjómannsstarfa á skipi sem skrásett er erlendis og gert út af erlendu útgerðarfélagi. Fyrirliggjandi upplýsingar um eignarhald á erlenda félaginu og þrátt fyrir að laun hafi verið greidd af íslenska útgerðarfélaginu skipta engu hvað þetta atriði varðar.

Yfirkattanevnd féllst ekki á þau rök kæranda að þar sem eignarhald á erlenda útgerðarfélaginu væri íslenskt þá væri togarinn í raun í íslenski eigu.

185/2013

Tekjufærsla vaxtatekna - bundinn reikningur

Ágreiningur málsins lýtur að færslu vaxtatekna af reikningum í eigu barna kæranda. Umræddar tekjur komu til skattlagningar hjá kæranda við almenna álagningu opinberra gjalda gjaldárið 2011. Kærandi var ósáttur við þá skattlagningu enda væri um að ræða vexti af reikningum þar sem höfuðstóll og vextir væru bundnir til lengri tíma en 36 mánaða og teldust því ekki til tekna fyrr en þeir væru greiddir eða greiðslukræfir en reikningarnir væru bundnir til 18 ára aldurs barnanna.

Í úrskurði yfirkattanevndar kemur fram að að í 1. tölul. 2. mgr. 8. gr. tekjuskattslaga sé kveðið á um að vexti af innlánsreikningum skuli telja til tekna þegar þeir eru færðir eiganda til eignar á reikningi, þó skuli vextir af reikningum þar sem höfuðstóll og vextir eru bundnir til lengri tíma en 36 mánuða ekki teljast til tekna fyrr en þeir eru greiddir eða greiðslukræfir. Þá vísaði yfirkattanevnd til þess að vextir af umræddum reikningum barna kæranda hefðu hvorki verið greiddir né greiðslukræfir á tekjuárinu 2010 og þannig ekki til ráðstöfunar. Að því virtu og með vísan til skýrs og ótvíræðs orðalags fyrrgreinds ákvæðis tekjuskattslaga, sbr. og athugasemdir með frumvarpi því þar sem ákvæðið var lögfest, var fallist á það með kæranda að ekki hafi átt að færa umræddar vaxtatekjur til tekna í skattframtali 2011. Krafa kæranda var þannig tekin til greina.

Vextir af reikningum voru hvorki greiddir né greiðslukræfir á tekjuárinu 2010 og þannig ekki til ráðstöfunar á því ári. Vextirnir áttu af þeim sökum ekki að skattleggjast á því ári heldur þegar höfuðstóll reikningsins og vextirnir eru lausir eiganda til ráðstöfunar.

213/2013

Auðlegðarskattur - takmörkuð skattskylda - tvísköttunarsamningur - Bandaríkin

Málavextir eru þeir að við álagningu opinberra gjalda 2011 var auðlegðarskattstofn kæranda endurreiknaður í samræmi við h-lið bráðabirgðaaákvæðis XXXIII í tekjuskattslögum. Kærendur voru á árinu 2010 búsettir í Bandaríkjunum og báru takmarkaða skattskyldu hér á landi það tekjuár m.a. vegna launatekna. Kærendur héldu því fram að samkvæmt tvísköttunarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna væri óheimilt að leggja auðlegðarskatt á hlutabréf sem þau áttu í íslenskum lögaðila.

Yfirkattanevnd hafnaði kröfu kæranda með þeim rökum að kærendur hafi borið takmarkaða skattskyldu hér á landi vegna tekna af umræddum hlutabréfum en félagið væri skráð hér á landi sbr. 7. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga. Ennfremur vísaði yfirkattanevnd til þess að hlutabréf teldust til framtalsskyldra eigna samkvæmt 72. gr. tekjuskattslaga. Í bráðabirgðaaákvæði XXXIII væri kveðið á um að leggja skuli auðlegðarskatt m.a. á þá aðila sem bera hér á landi skattskyldu samkvæmt áðurnevndum 7. tölul. 3. gr. Samkvæmt þessu bar kærendum að greiða auðlegðarskatt hér á landi af umþrættri hlutafjáreign. Hvað varðar þýðingu tvísköttunarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna þá tók yfirkattanevnd fram að engin ákvæði í tvísköttunarsamningnum kvæðu á um skattlagningarrétt vegna eigna eða eignarskatts. Eldri samningur milli ríkjanna hafi tekið til eignarskatts en núgildandi samningur geri það ekki. Öllum kröfum kæranda var þannig hafnað.

Engin ákvæði í tvísköttunarsamningnum kveða á um skattlagningarrétt vegna eigna eða eignarskatts.

225/2013

Skipting hlutafélags - skattasniðganga

Umdeild endurákvörðun ríkisskattstjóra á opinberum gjöldum kæranda gjaldárin 2006, 2007, 2008, 2010 og 2011, dags. 30. desember 2011, var byggð á því að kærandi hefði, með tilteknum ráðstöfunum, komið sér hjá skattlagningu söluhagnaðar vegna sölu atvinnurekstrareigna. Hefði kæranda verið skipt upp í tvö félög og greindar eignir verið fluttar yfir í nýtt félag. Kærandi hefði stofnað félagið eftir að hafa fengið tilboð í hið óstofnaða félag, en einu eignir félagsins hefðu verið fiskiskip ásamt aflaheimildum. Hlutabréf í hinu nýstofnaða félagi hefðu verið seld áður en formlegri skiptingu kæranda hefði verið lokið. Þar sem skiptingu kæranda hefði ekki verið lokið hefði gagngjaldsskilyrði 52. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 1. mgr. 57. gr. sömu laga, ekki verið uppfyllt. Bæri því að líta á skiptinguna sem óþarfa millileik og færa söluandvirði skipsins, auk aflaheimilda, til tekna hjá kæranda sem söluhagnað atvinnurekstrareigna, sbr. B-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 8. tölul. C-liðar sömu lagagreinar. Þá féllst ríkisskattstjóri á frestun skattlagningar hins skattskylda söluhagnaðar og færslu sérstakra fyrninga og niðurfærslu á móti söluhagnaðinum, sbr. ákvæði 14. gr. og 6. mgr. 15. gr. laga nr. 90/2003.

Kærandi (K) málsins er hlutafélag sem hefur með höndum útgerð og fiskvinnslu. Hinn 23. maí 2005 gerði AB hf. D, fyrir hönd hluthafa einkahlutafélags sem stofnað yrði eftir skiptingu K, kauptilboð í alla hluti hins óskráða einkahlutafélags (E), og skyldu greiðslur ganga til hluthafa K og til K vegna skuldar hins óstofnaða félags við K. Fram kom að greiðsla til hluthafa væri þannig reiknuð að frá heildarkaupverði væri dreginn mismunur veltufjármuna og heildarskulda félagsins, en sú fjárhæð væri áætluð í skuld. Var kaupsamningur um kaup á hinu óstofnaða félagi E undirritaður hinn 27. maí 2005. Aðilar að samningnum voru AB hf., sem keypti 90% hluta í félaginu, og F ehf. sem keypti 10% hluta, en seljendur hlutabréfanna voru tilgreindir eigendur hlutabréfa kæranda og skyldu eignarhlutföll í hinu óstofnaða einkahlutafélagi, E ehf., vera þau sömu og í kæranda. Í kaupsamningnum kom fram að við undirritun kaupsamningsins skyldi greiða inn á bankareikning D og við afhendingu hins selda hlutar, eigi síðar en 15. ágúst 2005, skyldi greiðsla kaupanda hlutanna ganga til seljenda hlutanna, auk þess sem kaupandi myndi þann sama dag greiða K vegna uppgjors krafna K á hið selda óskráða einkahlutafélag E ehf. Hinn 30. júní 2005 var stofnfundur E ehf.



haldinn. Tilkynning til hlutafélagaskrár var móttækin hinn 26. júlí 2005 og félagið skráð hinn 12. ágúst 2005, eftir því sem gögn málsins bera með sér.

Í skiptingar- og samrunaáætlun K, dags. 16. ágúst 2005, kemur fram í 1. grein að stjórn félagsins sé sammála um að leggja fyrir hluthafafund tillögu um skiptingu þess í tvö félög á grundvelli XIV. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, þannig að hluti eigna K færist yfir til hins nýstofnaða félags, E ehf. E ehf. yfirtaki tiltekna eignir og skuldbindingar K sem nemi 3,8% af hreinni eign K, en aðrar eignir og skuldir verði áfram í K. Skuli skiptingin miðast við 30. apríl 2005 og grundvallast á árshlutareikningi félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. apríl 2005. Í 2. gr. áætlunarinnar kemur fram að við skiptingu skuli hluthafar K eingöngu fá hluti í E ehf. í skiptum fyrir hlutabréf sín. Fái hluthafar K þannig hluti í E ehf. og skuli þeir láta af hendi hlutabréf í K að sama nafnverði. Skuli hið nýja hlutafé í E ehf. skiptast milli hluthafa í sömu hlutföllum og eignarhlutur þeirra í K. Hlutafé í K lækki úr 17.300.000 kr. í 16.300.000 kr., og hlutafé í E ehf. hækki úr 1.000.000 kr. í 2.000.000 kr. eftir skiptinguna. Í 3. gr.

kemur fram að við skiptinguna renni skip félagsins ásamt aflaheimildum og hluta skulda til E ehf., sbr. skiptiefnahagsreikning sem verði gerður, og í 4. gr. segir að mat á eignum og skuldum K sé byggt á árshlutareikningi félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. apríl 2005. Í 6. gr. kemur svo fram að þeir hlutir, sem hluthafar í K fá í E ehf. sem gagngjald fyrir hlutafé sitt í K, skuli veita rétt til arðs frá þeim degi sem skiptingin miðast við. Fram kemur í umræddri skiptingar- og samrunaáætlun að stjórn E ehf. hafi á sama hátt samþykkt áætlunina. Áætlunin er undirrituð af stjórnnum beggja félaganna, sem skipaðar eru sömu mönnum.

Þennan sama dag, 16. ágúst 2005, gáfu eigendur allra hluta í E ehf. út afsal fyrir hlutum sínum í félaginu. Voru kaupendur hlutanna og afsalshafar AB hf. að 90% hlut og F ehf. að 10% hlut. Í afsalinu kemur fram að kaupendur hlutanna hefðu greitt tilgreinda fjárhæð við undirritun kaupsamnings, og að við afhendingu hins selda, þ.e. 16. ágúst 2005, skuli kaupendur hlutanna greiða seljendum tilgreinda fjárhæð inn á bankareikning D og tiltekna fjárhæð til K vegna uppgjors krafna K á E ehf. Helstu eignir E væru skip og allt sem þeim fylgdi,

auk tilgreindra aflaheimilda. Þann sama dag, þ.e. 16. ágúst 2005, rituðu kaupendur og seljendur hlutanna undir samkomulag þar sem fram kemur að aðilum sé ljóst að unnið sé að skiptingaráætlun K. Samkvæmt þeirri áætlun muni núverandi hluthafar í K fá hlutafé í E ehf. í skiptum fyrir þau verðmæti er renni til félagsins við skipti á K. Hlutafé þetta sé viðbótarhlutafé við stofnhlutafé í E ehf. er verði að skiptingu lokinni framselt nýjum eigendum með afsali dagsettu þann sama dag.

Hinn 24. september 2005 var haldinn hluthafafundur í K þar sem eina málið á dagskrá var tillaga um skiptingu félagsins samkvæmt skiptingar- og samrunaáætlun K, dags. 16. ágúst 2005. Var tillagan samþykkt samhljóða. Hinn 26. september 2005 var haldinn hluthafafundur í E ehf. þar sem til meðferðar var samþykki á skiptingu K og samruna við E, auk tillagna um breytt lögheimili og nýjar samþykktir. Varðandi fyrstnefnda dagskrárliðinn kemur fram að á nýafstöðnum hluthafafundi í K hafi verið samþykkt að skipta félaginu og sameina hluta af eignum og skuldum þess E ehf. Í samræmi við þetta lægi fyrir fundinum tillaga um að fundurinn samþykkti greinda

ráðstöfun. Samkvæmt fundargerðinni var tillagan samþykkt með atkvæðum eigenda alls hlutafjár í E, þ.e. AB hf. og F ehf. Með tilkynningu til hlutafélagaskrár, dags. 6. október 2005, gerði umboðsmaður kæranda grein fyrir því að skiptingu K og samruna við E ehf. væri lokið. Tekið var fram að skiptingin hefði verið samþykkt á formlegan máta á hluthafafundi í K og jafnframt hefði skiptingin og samruninn við E ehf. verið samþykkt með formlegum hætti af hluthöfum E ehf.

Í niðurstöðu yfirséðanefndar segir:

„Samkvæmt þessu höfðu hluthafar kæranda ráðstafað öllum hlutum í umræddu félagi, E ehf., áður en það félag hafði verið stofnað, sbr. stofndag þess hinn 30. júní 2005, og þannig var félagið ekki til að lögum þegar ráðstöfun hlutafjárins fór fram. Af sjálfu leiðir að það var ekki skráð í hlutafélagaskrá. Sú skráning fór fram hinn 12. ágúst 2005. Þá var skiptingarferli það, sem í málinu greinir, ekki hafið þegar salan fór fram, en því lauk ekki fyrr en 6. október 2005. Samkvæmt framansögðu þykir blasa við að hluthafar kæranda fengu ekki afhent hlutabréf í E ehf. sem gagn-gjald fyrir hlutabréf sín í kæranda nema þá að nafninu til, enda höfðu hluthafarnir þá þegar afsalað rétti sínum til hlutafjárins í hinu óstofnaða félagi. Verður því eigi talið að gagngjaldsskilyrði 1. mgr. 52. gr. laga nr. 90/2003 hafi verið uppfyllt og fær viðskiptalegur tilgangur skiptingarinnar út af fyrir sig engu breytt um það.

Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að hluthöfum kæranda bárust kauptilboð í óstofnað einkahlutafélag sem skyldi hafa innan vébanda sinna sem einu eignir fiskiskipið [H] og tilgreindar aflaheimildir þess, auk hluta skulda kæranda, áður en hafist var handa við að skipta kæranda með þeim hætti sem gert var. Verður því að eðla að staðið hafi til að selja þessar tilteknu eignir og leita kaupanda. Miðað við þetta liggur ekki í augum uppi og er raunar vandséð hvaða rekstrarlegu forsendur hafi legið að baki þeim ráðstöfunum í kringum sölu þessa, þar á meðal allt það skiptingarferli sem í málinu greinir. Af hálfu kæranda er því staðfastlega mótmælt að skattalegir hagsmunir hafi ráðið för í þessum efnum. Meginskýring kæranda á umræddri tilhögun er að æskilegt hafi verið talið, að ráðum sérfræðinga, að brjóta rekstur kæranda upp eftir mismunandi rekstrarþáttum og koma hverjum rekstrarþætti fyrir í sérstöku félagi, þar á meðal útgerðarhluta rekstrarins sem skyldi ráðstafað til E ehf., sbr. tilgang þess félags samkvæmt félagssamþykktum. Hvað sem líður fyrirætlunum fyrirsvarsmanna kæranda um dreifingu áhættu í

rekstri félagsins verður ekki séð að áhættu-dreifing hafi haft neitt að gera varðandi þessa umræddu ráðstöfun. Í því sambandi er til þess að líta að eins og ríkisskattstjóri bendir á gerði kærandi smíðasamning um nýtt fiskiskip í stað [H] sem ráðstafað var til E ehf. sama dag og hlutafénu í E ehf. var afsalað til kaupenda. Síðar, að afhendingu hins nýja skips lokinni, nýrri [H], hélt kærandi áfram útgerð í samræmi við óbreyttan tilgang félagsins og stundar útgerð enn í dag. Þá er til þess að líta að skráður tilgangur E ehf. var útgerð, fiskverkun, kaup og sala og útflutningur á fiski og skyldur atvinnurekstur. Samkvæmt þessu verður ekki séð að dreifing rekstraráhættu hafi búið að baki þeim ráðstöfunum sem í málinu greinir. Þá hefur kærandi lagt áherslu á það að enginn tengsl hafi verið á milli aðila í viðskiptum þessum, þ.e. hluthafa kæranda annars vegar og AB hf. og F ehf. hins vegar. Af þeim sökum geti ákvæði 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003 eða grunnregla þess ákvæðis ekki átt við. Þessi viðbára kæranda þykir ekki geta skipt máli, enda verður í þessum efnum að líta á tengsl aðila að þeim tilfæringum með ráðstöfun [H] ásamt aflaheimildum í E ehf. við þá skiptingu kæranda sem í málinu greinir, en þar áttu aðkomu hluthafar kæranda, uns kaupendur tóku við. Af hálfu kæranda hefur verið vísað til þess, í tilefni af þeirri forsendu ríkisskattstjóra að félagið hafi með greindum ráðstöfunum verið að koma sér undan endurfjárfestingu í sams konar eignum, að hluthafar hafi lagt allt söluverð hlutabréfanna í E ehf. aftur inn í kæranda, auk fjárfestingar í nýju skipi, sbr. smíðasamning. Vegna þessa skal tekið fram að ráðstöfunarréttur söluandvirðis hlutabréfanna í E ehf. var á hendi hluthafanna og á þeirra valdi að ákveða hvernig því yrði varið. Verður því ekki séð að þetta styrki málatilbúnað kæranda, heldur frekast grafa undan honum, enda torráðið hvaða rekstrarlegu ástæður bjuggu að baki þeim ráðstöfunum, sem í málinu greinir, úr því að ráðstöfun söluandvirðisins var með þessum hætti. Þá ber að líta til þess að enginn rekstur var á vegum E ehf. meðan félagið var á forræði hluthafa kæranda, þ.e. frá stofnun þess 30. júní 2005 þar til kaupendur tóku við.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir ekki leika neinn vafi á því, þegar þær ráðstafanir, sem í málinu greinir, eru virtar í heild sinni, að þær voru verulega frábrugðnar því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum, sbr. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003, og gerðar í því skyni einu að tryggja lægri skattgreiðslur. Verður því að fallast á það með ríkisskattstjóra að rétt hafi verið að víkja hinum umdeildu ráðstöfunum til hliðar í skattalegu tilliti á þeim grundvelli að um ólögsmæta

skattasniðgöngu hafi verið að ræða. Samkvæmt þessu er þrautavarakröfu kæranda hafnað.“

Skipting hlutafélags og gagngjaldsskilyrði ekki talin uppfyllt. Skattasniðganga.

226/2013

Söluhagnaður lóðar

Um söluhagnað lóðar fer eftir ákvæðum 15. gr. laga nr. 90/2003 þar sem fjallað er um söluhagnað eigna sem ekki er heimilt að fyrna. Samkvæmt 1. mgr. lagagreinar þessarar telst hagnaður af sölu fasteigna sem ekki er heimilt að fyrna samkvæmt 33. gr., þar með talin ófyrnanleg mannvirki, lönd, lóðir, ófyrnanleg náttúruauðæfi og réttindi tengd þessum eignum, svo sem lóðarréttindi, að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

Skattaleg meðferð á söluhagnaði lóðar.

228/2013

Skattlagning lífeyriseignar

Kærandi tók út lífeyrisséreign sína á árinu 2009 og hélt lífeyrissjóðurinn eftir staðgreiðslu opinberra gjalda. Kærandi gerði þá kröfu í málinu að felld yrði niður skattlagning á þann hluta greiðslunnar sem svaraði til inngreiðslna kæranda til sjóðsins á árunum 1988 til 1994. Byggði kærandi kröfu sína á því að skattlagning umrædds hluta greiðslu lífeyrissjóðsins fæli í sér tvísköttun, enda hefðu iðgjöld í sjóðinn verið greidd af skattlögðum tekjum án nokkurs frádráttar.

Í niðurstöðu yfirséðanefndar kom fram að iðgjöld launþega til lífeyrissjóðs voru ekki frádráttarþær frá skattskyldum tekjum þeirra um nokkurt árabíl og frádráttarheimild iðgjalda vegna viðbótartryggingaverndar ekki fyrir að fara fyrr en með lögum nr. 141/1997. Það breyti því þó ekki að lífeyrir telst fortakslaust skattskyldar tekjur samkvæmt 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, og skiptir ekki máli í því sambandi hvernig frádráttarrétti iðgjalda hefur verið hagað að lögum á þeim tíma sem lífeyrisséretturinn myndaðist eða hvort frádráttarrétti hafi yfirleitt verið til að dreifa. Kröfu kæranda var því hafnað.

Skattlagning lífeyrisséignar fortakslaust skattskyld.

DÓMAR



Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2478/2012

Samherji hf. gegn íslenska ríkinu

Frádráttarbærni vaxtagjalda – Samruni – Vanhæfi

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp þann 3. júní 2013 var íslenska ríkið sýknað af kröfum Samherja hf.

Málavextir eru þeir að B ehf. og stefnandi sameinuðust undir nafni stefnanda. Félaginu B ehf. hafi svo verið slitið við samrunann. Hluthafar B ehf. voru stærstu hluthafarnir í stefnanda og kom fram í stefnu að samruninn hafi verið liður í endurskipulagningu á eignarhaldi stefnanda og rekstri samstæðunnar.

Ríkisskattstjóri tók skattskil stefnanda gjaldárin 2006, 2007, 2008, 2009 og 2010 til endurskoðunar, m.a. þar sem talið var að skilyrði fyrir nýtingu rekstrartaps hafi ekki verið uppfyllt við samrunann.

Eftir gagnaöflun og bréfaskriftir kvað ríkisskattstjóri upp úrskurð þar sem fram kom að stefnanda væri ekki heimilt að nýta rekstrartap sem myndaðist í rekstri B til frádráttar tekjum stefnanda. Ennfremur felldi ríkisskattstjóri niður vaxtagjöld og gengismun sem dreginn hafði verið frá rekstrartekjum stefnanda.

Ríkisskattstjóri færði þau rök fyrir úrskurði sínum að skilyrði fyrir nýtingu rekstrartaps hafi ekki verið fyrir hendi, enda hafi B ehf. og stefnandi haft með höndum óskyldan rekstur. Aðalstarfsemi stefnanda hafi verið útgerð fiskiskipa og vinnsla sjávarafila en tilgangur B ehf. hafi verið að halda utan um hlutabréf í stefnanda í þágu ákveðinna hluthafa með það

að markmiði að gera öðrum hluthöfum í stefnanda yfirtökutilboð.

Þá vísaði ríkisskattstjóri til þess að þau vaxtagjöld sem felld voru niður í skattskilum stefnanda hafi verið vegna lána sem B ehf. tók í þeim tilgangi að gera tilteknum hluthöfum í stefnanda yfirtökutilboð. Umrædd lán hafi þannig ekki verið tekin í þágu rekstrar stefnanda og vaxtagjöld af þeim gætu þannig ekki talist til rekstrarkostnaðar.

Stefnandi undi ekki úrskurði ríkisskattstjóra og höfðaði mál til ógildingar á honum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og krafðist þess aðallega að úrskurðurinn yrði felldur niður og að íslenska ríkið yrði dæmt til greiðslu samtals kr. 967.498.286 með vöxtum og dráttarvöxtum.

Til stuðnings kröfum sínum vísaði stefnandi til þess að ríkisskattstjóri og undirmenn hans væru vanhæfir til að taka ákvörðun í málinu þar sem þeir hafi fyrirfram verið búnir að mynda sér skoðun um lyktir málsins. Hafi viðhorf embættisins m.a. birst í Tíund, fréttablaði ríkisskattstjóra, og það viðhorf sem þar komi fram beri vitni um ómálefnalega málsmeðferð og ásetning til að túlka lagareglur á nýjan hátt með afturvirkum hætti.

Stefnandi benti á að samkvæmt 2. mgr. 97. gr. laga nr. 90/2003 þá hafi tveggja ára endurákvörðunarfrestur skattyfirvalda verið liðinn vegna ársins 2006 þegar ríkisskattstjóri kvað upp úrskurð sinn.

Heimild sína til að draga umrædd vaxtagjöld frá tekjum byggði stefnandi á 1. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga og vísaði hann til þess að engar takmarkanir séu í lögum á þeim skattalegu réttindum og skyldum sem yfirfærast við samruna, nema þær komi skýrlega fram í 54. gr. tekjuskattslaga. Niðurstaða ríkisskattstjóra feli í sér afturvirka skattlagningu sem fari í bága við 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar. Þá vísaði stefnandi til frumvarps sem varð að lögum nr. 128/2009. Í því frumvarpi hafi verið gerð tillaga um að vaxtagjöld sem færðust yfir við skuldsetta yfirtöku og öfugan samruna teldust ekki til rekstrarkostnaðar. Tillagan hafi þó ekki náð fram að ganga. Með því sé viðurkennt að skv. núgildandi lögum séu umrædd vaxtagjöld frádráttarbær.

Jafnframt vísaði stefnandi til þess að um brot á jafnræðisreglu væri að ræða þar sem hann vissi til þess að fleiri samkynja mál hafi verið til meðferðar hjá ríkisskattstjóra og að minnsta kosti eitt slíkra hafi verið felld niður án endurákvörðunar.

Ennfremur vísaði stefnandi til þess að íslensk lög setji engin skilyrði fyrir því hvaða félag verði yfirtökufélag við samruna tveggja eða fleiri félaga. Samruni eins og í tilviki stefnanda og B hafi farið fram hér á landi áratugum saman án athugasemda af hálfu skattyfirvalda. Að lokum benti stefnandi á að hefði samruninn ekki farið fram hefðu B og stefnandi átt rétt á

samsköttun þar sem hin umþrættu vaxta-gjöld hefðu komið til frádráttar.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu og vísaði til þess að úrskurður ríkisskattstjóra væri hvorki haldinn formlegum né efnislegum göllum. Stefnanda hafi verið óheimilt að færa til gjalda í skattskilum sínum það tap sem varð af rekstri B ehf. á árinu 2005. Þá hafi honum jafnframt verið óheimilt að færa til gjalda í skattskilum vaxtakostnað og gengismun vegna lána sem tekin voru vegna kaupa B ehf. á hlutum í stefnanda.

Stefndi vísaði til þess að ríkisskattstjóri og starfsmenn hans hafi ríkt svigrúm til að fjalla um skattaleg álitaefni. Á ríkisskattstjóra hvíli leiðbeiningarskylda og af þeirri skyldu leiði að ríkisskattstjóri fjalli opinberlega um skattaleg álitaefni tengd samrunum.

Þá vísaði stefndi til þess að nauðsynlegt hefði verið að leita eftir afstöðu stefnanda til að varpa ljósi á það hvort þau matskenndu skilyrði sem 1. mgr. 54. gr. tekjuskattslaga hafi að geyma hafi verið uppfyllt. Endurákvörðunarheimildin hafi því verið sex ár en ekki tvö líkt og stefnandi haldi fram. Ríkisskattstjóra hefði aldrei verið unnt að breyta skattskilum stefnanda einhliða hvað þau atriði varðar sem úrskurður ríkisskattstjóra snerist um.

Hvað varðar heimild stefnanda til að færa tap af rekstri fjárfestingafélagsins til gjalda í skattskilum 2006 vísaði stefndi til þess að þrjú skilyrði hafi ekki verið uppfyllt svo að þetta væri heimilt. Í fyrsta lagi var rekstur stefnanda og fjárfestingafélagsins ekki skyldur rekstur. Í öðru lagi var sameiningin ekki gerð í eðlilegum rekstrartilgangi enda hefði sameiningin ekki búið til sterkari rekstrareiningu heldur leitt til verulegrar lækunar á eigin fé stefnanda. Í þriðja lagi hafi tap fjárfestingafélagsins ekki myndast í sams konar rekstri og stefnandi hafði með höndum.

Vísaði stefndi til dóms Hæstaréttar Íslands frá 25. janúar 2001 í máli nr. 202/2000 þar sem fram kemur að líta beri til aðalstarfsemi félags – raunverulegrar starfsemi – en ekki skráðrar starfsemi.

Vegna heimildar stefnanda til að draga vaxtagjöld og gengismun vegna lána fjárfestingafélagsins frá rekstrartekjum sínum benti stefndi á að tekjuskattslögin væru skýr um það hvenær heimilt væri að draga rekstrarkostnað frá tekjum. Ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laganna sé heimildarákvæði og undantekning frá þeirri meginreglu að greiða skuli skatt af öllum tekjum. Tekjuskattslögin heimili frádrátt vaxtagjalda séu þau tengd atvinnurekstri

eða sjálfstæðri starfsemi. Þannig séu það eingöngu skuldir sem tengjast rekstri skattaðilans sem teljist til rekstrarkostnaðar. Svo hafi ekki verið í tilviki stefnanda. Þar hafi engin tengsl verið á milli vaxta og kostnaðar af fjárskuldbindingum fjárfestingafélagsins annars vegar og tekjuöflunar stefnanda eða arðberandi eigna hans hins vegar. Kostnaðurinn uppfylli því ekki skilyrði áður nefnds ákvæðis 31. gr. tekjuskattslaga.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur er þeim málásástæðum stefnanda sem lúta að vanhæfi ríkisskattstjóra og starfsmanna hans hafnað. Vísaði héraðsdómurinn til þess að í dómi Hæstaréttar frá 31. mars 2011 í máli nr. 626/2010 hafi verið staðfest að starfsmenn ríkisskattstjóra hafi nokkuð svigrúm til almennrar umfjöllunar um álitaefni á sviði skattaréttar án þess að slíkt leiði af sér vanhæfi í ein-

”

Ennfremur vísaði stefnandi til þess að íslensk lög setji engin skilyrði fyrir því hvaða félag verði yfirtökufélag við samruna tveggja eða fleiri félaga. Samruni eins og í tilviki stefnanda og B hafi farið fram hér á landi áratugum saman án athugasemda af hálfu skattyfirvalda

stökum málum. Þá sé umfjöllun sú sem stefnandi vísi til ekki með þeim hætti að ástæða sé til að efast um óhlutdrægni starfsmanna ríkisskattstjóra.

Dómurinn tók undir með stefnda hvað varðar þann frest sem skattyfirvöld höfðu til endurákvörðunar. Fram kemur í dómnum að nauðsynlegt hafi verið að afla skýringa frá stefnanda á því sem máli skipti við mat á því hvort skilyrði fyrir nýtingu taps eftir samruna væru fyrir hendi. Samkvæmt þessu gildi sex ára frestur til endurákvörðunar sbr. 1. mgr. 97. gr. tekjuskattslaga.

Vegna þeirra krafna stefnanda sem lutu að nýtingu rekstrartaps eftir samruna vísar héraðsdómurinn til forsendna í úrskurði ríkisskattstjóra og segir svo í dómnum:

„...verður að telja að óheimilt hafi verið að hið yfirfærða rekstrartap færðist til gjalda á skattframtali stefnanda 2006.“

Héraðsdómur Reykjavíkur féllst þannig á þá röksemd ríkisskattstjóra að raunveruleg aðalstarfsemi stefnanda annars vegar og fjárfestingafélagsins sem sameinaðist stefnanda hins vegar geti ekki talist sams konar í skilningi 1. mgr. 54. gr. tekjuskattslaga. Þá hafi stefnandi ekki hnekkt þeirri röksemd ríkisskattstjóra að sameiningin hafi ekki verið gerð í venjulegum og eðlilegum rekstrartilgangi.

Hvað varðar þá kröfu stefnanda sem laut að frádráttarbærni vaxtagjalda og gengismunar þá vísaði Héraðsdómur Reykjavíkur til dóms Hæstaréttar sem kveðinn var upp þann 28. febrúar 2013 í máli nr. 555/2012 þar sem fram kemur að sú almenna regla felist í 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. tekjuskattslaga að rekstrarkostnaður sem draga má frá tekjum skuli vera tengdur tekjuöflun í rekstri á árinu. Þá segir svo í dómi héraðsdóms:

„Samkvæmt því sem fram hefur komið var fjárfestingafélagið [B] stofnað á árinu 2005 af stærstu hluthöfum stefnanda í því skyni að gera öðrum hluthöfum hans yfirtökutilboð. Kaup [B] á hlutum í stefnanda voru fjármögnuð með lántökum [B] ehf. en skuldbindingar vegna þeirra færðust til stefnanda við samrunann. Stefnandi færði til gjalda í skattskilum sínum vexti, verðbætur og gengistap af þessum fjárskuldbindingum og einnig vegna endurfjármögnunar þeirra. Eins og fram kemur í úrskurði ríkisskattstjóra tengdist kostnaður stefnanda vegna þessa ekki rekstri hans. Þar kemur einnig fram að þetta séu ekki gjöld sem eigi á árinu að ganga til að afla tekna, tryggja þær eða halda þeim við heldur sé ráðstöfuninni í heild ætlað að þjóna beinum hagsmunum hluthafanna. Rekstrarlegir hagsmunir stefnanda hafi ekki legið að baki þessum kostnaði.“

Með vísan til þessa taldi héraðsdómurinn að stefnanda hefði verið óheimilt að draga umræddan fjármagnskostnað frá tekjum sínum á árunum 2006 til 2010.

DÓMAR



Dómar Héraðsdóms Reykjavíkur í málunum
3327/2012 og 3371/2012

Kristinn Þór Geirsson
gegn
íslenska ríkinu
og
Haukur Guðjónsson
gegn
íslenska ríkinu

Þann 24. júní sl. voru kveðnir upp í Héraðsdómi Reykjavíkur dómar í tveimur samkynja málum.

Málavextir í báðum málunum eru þeir að ríkisskattstjóri endurákvæði skatta stefnenda vegna gjaldáranna 2007 og 2009. Til grundvallar endurákvörðunum lágu skýrslur skattrannsóknarstjóra ríkisins þar sem rannsókn skattrannsóknarstjóra leiddi í ljós að stefnendur höfðu fengið greiðslur frá einkahlutafélögum í sinni eigu sem taldar voru fram sem arður. Ríkisskattstjóri taldi að umræddar greiðslur væru ólögðar í skilningi 74. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, en ákvæðið skilgreinir hvenær heimilt sé að úthluta arði. Af þessum sökum bæri að skattleggja greiðslurnar sem laun, sbr. 1. máls. 2. mgr. 11. gr. tekjuskattslaga. Þessu vildu stefnendur ekki una og höfðuðu mál til að fá úrskurðum ríkisskattstjóra hnekt.

Til stuðnings kröfum sínum vísuðu stefnendur til þess að frestur til endurákvörðunar hefði verið liðinn.

Endurákvörðun ríkisskattstjóra hafi verið byggð á innsendum ársreikningum og skattframtölum. Önnur gögn, sem aflað hafi verið, hafi ekki skipt máli í rökstuðningi og niðurstöðu ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra ríkisins. Þá geti tilhæfulaus rannsókn ekki orðið til þess að 3. mgr. 97. gr. tekjuskattslaga eigi við, enda væri þá verið að afhenda skattyfirvöldum tæki til að sniðganga rétt skattgreiðenda. Stefnendur töldu ennfremur að ríkisskattstjóri hefði brotið gegn meðalhófsreglu stjórnsýslulaga og rökstuðningsreglu sömu laga.

Þá töldu stefnendur að ríkisskattstjóri hefði brotið gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar þar sem vafi á túlkun óskýrra lagaákvæða var ekki túlkaður stefnendum í vil. Efnislega vísuðu stefnendur til þess að eigið fé einkahlutafélaga þeirra hefði verið jákvætt og því hefðu þau skilyrði verið uppfyllt sem lög um einkahlutafélög setja fyrir úthlutun arðs. Ákvæði 74. gr. laganna kveði á um að heimilt sé að úthluta sem arði;

- hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta árs
- yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og
- frjálsum sjóðum.

Af lögum um einkahlutafélög megi svo ráða að frjálsir sjóðir séu allt eigið fé félags umfram hlutafé og varasjóð nema samþykktir félagsins kveði á um annað. Í ársreikningum félaga stefnenda hafi hlutabréfaeign félaganna verið metin á gangvirði/markaðsvirði. Hækkar þessara eigna hafi komið fram í efnahagsreikningi félagsins á endurmatsreikningi sem þó væri ekki endurmatsreikningur skv. 31. gr. laga um ársreikninga.

Stefndi, íslenska ríkið, krafðist sýknu enda væru úrskurðir ríkisskattstjóra hvorki haldnir form- né efnisgöllum sem leiða ættu til ógildingar.

Vísaði stefndi til þess að skattyfirvöld hefðu sex ára endurákvörðunarheimild og ætti hún við í málum stefnenda enda hefði verið fjarri því að öll gögn og nauð-

synlegar upplýsingar hefðu legið fyrir í skattframtölum stefnenda. Stefndi vísaði til dómafrankvæmdar um túlkun á þessu en samkvæmt henni verður að meta hvort nægilegar upplýsingar hafi legið fyrir í framtali eða fylgigögnum þess sem rétt álagning var byggð á. Þá verði að líta til 95. gr. laganna og þess hvað skattyfirvöld hafi skamman tíma til að fara yfir framtöl og fylgigögn og gera sínar leiðréttingar áður en réttur til endurákvörðunar er liðinn. Framtalsgögn stefnenda hefðu augljóslega ekki verið fullnægjandi hvað varðar þær greiðslur sem um væri deilt í málinu.

Stefndi studdi sýknukröfu einnig þeim rökum að ákvæði laga um hlutafélög bönnuðu lánveitingar til hluthafa, stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félags eða móðurfélags. Þá hefðu lög um einkahlutafélög að geyma skýr skilyrði fyrir úthlutun úr félagi, þ. á m. hvenær væri heimilt að úthluta arði. Þar sé meðal annars mælt fyrir um að eingöngu sé heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða samþykktum félags skuli lagt í varasjóð eða til annarra þarfa.

Samkvæmt ársreikningum þeirra félaga sem úthlutuðu „arði“ til stefnanda var eigið fé þeirra neikvætt. Skilyrði laga um einkahlutafélög um úthlutun á arði var þannig ekki fyrir hendi. Þær endurmats-hækkar sem fram fóru á hlutabréfaeign félaganna teljist ekki til óráðstafaðs eigin fjár. Slíkur endurmatsreikningur getur ekki talist frjáls sjóður í skilningi laga um einkahlutafélög og endurmat breytti því engu um möguleikann á því að úthluta arði úr félögunum. Að auki hafi verið tap á rekstri félaganna.

Í niðurstöðum Héraðsdóms Reykjavíkur kemur fram að ekki verði talið að skattyfirvöld hafi haft fullnægjandi upplýsingar um tilurð og forsendur að baki þeim greiðslum sem um er deilt í málinum. Þá hafi ríkisskattstjóra ekki verið unnt að slá því föstu hver tilurð greiðslanna væri án þess að veita stefnendum tækifæri til að gefa skýringar. Af þessum sökum hafi verið sex ára frestur til endurákvörðunar en ekki tveggja ára.

Héraðsdómur vísaði til ákvæða laga um einkahlutafélög sem rakin eru hér að framan og fjalla um skilyrði fyrir úthlutun arðs. Þá kemur fram í forsendum dómanna að félögin hafi verið rekin með tapi



árin 2005, 2006 og 2007. Þegar af þeim sökum gæti ekki verið um að ræða úthlutun arðs á grundvelli hagnaðar ársins eða yfirfærðum hagnaði fyrri ára.

Jafnframt kemur fram í dómunum að ekki sé hægt að fallast á þau sjónarmið stefnenda að skilyrði fyrir úthlutun arðs hafi verið fyrir hendi þó svo að óráðstafað eigið fé hafi verið neikvætt þar sem fyrir

Þá segir svo í dómunum:

„Það er mat dómsins að það endurmat sem framkvæmt var í ársreikningum [félaganna] árin [2006, 2007 og 2008] geti ekki skapað skilyrði fyrir úthlutun arðs á grundvelli frjálsra sjóða í skilningi 74. gr. laga um einkahlutafélög, meðal annars þar sem ekkert opinbert mat lá fyrir um virði eigna [félaganna].“

”

Þar sé meðal annars mælt fyrir um að eingöngu sé heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða samþykktum félags skuli lagt í varasjóð eða til annarra þarfa

hendi hafi verið endurmatsreikningur sem sé frjáls sjóður sem heimilt sé að ráðstafa sem arði til hluthafa. Samkvæmt 74. gr. laga um einkahlutafélög er ótvírætt að:

„... frjálsir sjóðir samkvæmt lagagreininni myndist af rekstrarhagnaði fyrri ára eða niðurfærslu hlutafjár. Þessi skilyrði voru ekki fyrir hendi í tilfelli [stefnenda].“

Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu að engin skilyrði hafi verið til arðsúthlutunar hjá félögunum á grundvelli ársreikninga árána 2005 og 2007. Sú ákvörðun ríkisskattstjóra að tekjufæra umræddar greiðslur hjá stefnendum sem laun var í fullu samræmi við ákvæði 2. mgr. 11. gr. tekjuskattslaga, sbr. 3. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. Stefndi, íslenska ríkið, var þar með sýknað af kröfum stefnenda.



... l o k a o r ð i ð

Helga Valborg
Steinarsdóttir

Á námsárum mínum...

Fyrir nokkrum árum, þegar ég lærði við enskudeild Háskóla Íslands, þá sinnti ég hlutastarfi meðfram námi eins og námsmenn gera gjarnan. Þetta var framreiðslustarf í vaktavinnu og einkar hentugt þar sem kvöld- og helgarvinna gaf ágætlega miðað við allt og allt. Vinnustaðurinn með sinni flóru misskemmtilegra viðskiptavina, og þess utan öllum vinnufélögunum, var líka líflegri en skrifborðið heima.

Við vorum allar stelpur á aldrinum 17 til 25 ára, og flestar í einhvers konar námi. „Hér eru bara ráðnar stelpur“, skildist mér. Kannski af því að þær hafa almennt meira aðdráttarafl, hugsaði ég. Eða kannski af því að við vorum þægilegri viðureignar en strákar á sama aldri – eða áttum alla vega að vera það. Í öllu falli var gaman í vinnunni.

Það var ekki stimpilklukka á starfsstöðinni en við skrifuðum tímana okkar í þar til gerða bók, og eftir þeim upplýsingum voru greidd laun. Þetta fyrirkomulag pirraði mig svolítið því starfsmennirnir voru vissulega á tímakaupi, og ég hafði vanist því að stimpla mig út og inn á fyrri vinnustöðum og vissi að þá var alltaf til afrit af vinnuskilum þeim sem að baki útborgun bjó.

Stundum fékk ég ekki fulla útborgun. Það var svolítið óþægilegt og enn verra að geta ekki, þegar ég hringdi og gerði athugasemdir, vísað til tímaskráningar sem vistuð væri með öruggum hætti, en ekki virtist hægt að kalla eftir afriti. Í þau skipti sem þetta gerðist var mér tjáð að mistök hefðu orðið, ég beðin afsökunar og afgangurinn lagður inn á launreikning minn daginn eftir. Það var alltaf stressandi að hringja þessi símtöl því hugurinn fór á flug og velti fyrir sér hvort tímabókin væri nokkuð týnd, og hvort maður þyrfti nú að sanna að maður hefði mætt á vaktirnar sínar og þar fram eftir götunum. En launin skiluðu sér svo sem ævinlega á endanum.

Loks kom á daginn að við vinnuveitandi minn höfðum sinn skilninginn hvort á tilteknum atriðum í ráðningarsamningi mínum. Mér fannst ég hafa verið beitt blekkingum, þetta allt hið versta og ósanngjarnasta mál, og mér var þungt fyrir brjósti. Þó var ég jafnframt meðvituð um að ósanngirni er huglæg og að ég hafði ekkert í höndunum um að mín skoðun væri afdráttarlaust sú réttari. Í því skyni að fá úr álitamálinu skorið ákvað

ég að leita til þriðja aðila með sérþekkingu á efninu, og sneri mér til stéttarfélags míns, lagði fram umdeildan ráðningarsamninginn og spurði hvor túlkunin væri rétt, mín eða vinnuveitandans. Niðurstaðan var mér í óhag og enn fremur að samningurinn væri með þeim hætti að afar auðvelt væri að misskilja efni hans á þá lund sem ég hafði gert. Sérstaklega þegar munnlegar skýringar væru einnig villandi. Það var ekkert ólöglegt við samninginn minn, hann var bara „siðlaus.“ Það er ekki bannað að vera siðlaus á Íslandi. En það þykir ekki flott. Mér þykir það ekki flott.

Mér varð þó enn frekar brugðið þegar starfsmaður stéttarfélagsins ráðlagði mér að athuga hvort stéttarfélags- og lífeyrissjóðsiðgjöld mín hefðu verið greidd. Hvernig gat einhver sleppt því að borga þetta fyrir launþegana sína? Í ljós kom að iðgjöld höfðu ekki skilað sér. Vissulega höfðu þau þó verið dregin af launum mínum, eins og sjá mátti á launaseðlum. Það tók mig augnablik að skilja hvað hér átti sér stað. Launagreiðandi tók lögboðin gjöld af mínum launum en skilaði þeim ekki áfram til síns réttmæta viðtakanda. Ég var raunverulega ekki að greiða í lífeyrissjóðinn minn heldur í vasa launagreiðandans. Ég var ekki að ávinna mér réttindi hjá hvorki stéttarfélagi né lífeyrissjóði heldur að auðvelda launagreiðandanum að halda rekstri sínum gangandi. Mér var leiðbeint um að fara með alla launaseðla mína, en þar komu fram afdregnar fjárhæðir, til lífeyrissjóðsins sem útbúa myndi kröfu vegna þessara fjármuna. Að mér skildist fyrir stéttarfélagsgjöldunum líka, en ég gæti hafa misskilið, enda var þetta allt mjög framandi fyrir enskunemann. Kannski fékk stéttarfélagið aldrei iðgjöldin mín – ég veit það ekki.

Á næstu dögum ræddi ég við vinnufélaga mína um þessa reynslu og komst að því að það var ekki óalgengt að stelpurnar fengju ekki útborguð full laun í upphafi mánaðar. Sumar höfðu jafnvel þurft að biða í marga daga eftir fullri greiðslu, en þetta voru yngstu stelpurnar með minnstu beinin í nefinu sem gjarnan áttu erfitt með annað en að segja ókei. Í þeim tilfellum sem þetta gerðist hjá mér hafði ég svo sem látið vita að mistök sem þessi væru ekki lagi, enda biðu leigan og visareikningurinn ekki eftir neinum, og lengi vel höfðu launin borist á réttum tíma. Ég bara skildi ekki af hverju þessi umræða var ekki háværarí fyrst vandamálið var svona viðvarandi.

Afar ósátt yfir því hvernig staðið hafði verið að ráðningarsamningi mínum og yfir iðgjaldaþjófnaðinum (en þannig leit ég á málið) ákvað að ég að fara í atvinnuleit og endaði í viðtali hjá ríkisskattstjóra. Starfið sem í boði var hafði ýmsa kosti en ég man mjög skýrt að öðru fremur hugsaði ég: „Nei, þetta fólk fer ekki að svindla á mér.“ Það er skemmt frá því að segja að ég tók starfinu, en eitt af því fyrsta sem ég lærði var að staðgreiðsluskilum sumra einstaklinga er ábótavant. Reynslunni ríkari eftir viðskipti mín við fyrri launagreiðanda ákvað ég að skoða mín eigin staðgreiðslumál og þar reyndist allt í ólestri. Sem betur fer, og kannski eðlilega, voru mínir nýju vinnufélagar allir af vilja gerðir til að aðstoða mig við úrlausn þessa.

Meginmarkmið ríkisskattstjóra er að skattskil almennings og fyrirtækja séu rétt og í samræmi við lögbundnar skyldur. Einkennisorð stofnunarinnar eru „Réttur skattur með réttum hætti.“ Rétt skal vera rétt, er stundum sagt og þegar sá háttur er hafður á þá er ekki gengið á annarra rétt. Vissulega þótti mér fyrri vinnuveitandi minn hafa beitt mig ranglæti með því að taka af mér fjármuni sem voru hluti af mínum launum og skirrast við að skila þeim áfram í mínu nafni eins og honum bar að gera. Þá hafði hann beitt samborgara mína ranglæti með því að halda eftir í eigin vasa mínu framlagi til sameiginlegra sjóða samfélagsins sem við öll seilumst í nánast daglega þegar við keyrum götur og vegi landsins, sækjum okkur heilbrigðisþjónustu, stundum menntun, og treystum á að lögreglan verndi

”

Í dag hugsa ég gjarnan gagnrýnið um hvert ég beini viðskiptum mínum og hvar ég kaupi þjónustu. Ég get kannski ekki haft vit fyrir öðrum en ég hef nóg vit sjálf til að stuðla ekki að því sem er rangt, jafnvel ólöglegt

okkur og fangelsisýfirvöld haldi dæmdum glæpamönnum fjarri okkur. Á nýjum vinnustað áttaði ég mig á því að ekki aðeins væri þetta háttarlag rangt heldur ólöglegt.

Vanskil á vörslusköttum teljast sem sagt refsiverð skattalagabrot. Það er ekki bara ósiðlegt að stinga undan (eins og það telst ósiðlegt að blekkja viðsejendur sína með óbeinum hætti) heldur er það ólöglegt. Það skiptir ekki máli þó það sé „bara smá“ eða þó tilgangurinn sé að velta fyrirtækinu yfir erfiðan hjalla. Þetta meðal fæst ekki helgað með neinum tilgangi. Sá ómöguleiki birtist í því að sá sem stingur undan því sem samfélagið á með réttu gerir ekki bara meðborgurum sínum óleik heldur sjálfum sér líka, enda eru langtímahagsmunirnir sameiginlegir – en fæstir hugsa svo langt. Flestir gleyma því að það eru foreldrar þeirra sjálfra sem eru á elliheimilinu og ömmubörnin sem fæðast inni á sjúkrahúsum landsins.

Í dag hugsa ég gjarnan gagnrýnið um hvert ég beini viðskiptum mínum og hvar ég kaupi þjónustu. Ég get kannski ekki haft vit fyrir öðrum en ég hef nóg vit sjálf til að stuðla ekki að því sem er rangt, jafnvel ólöglegt. Og það eru líka mínir hagsmunir að lögboðnir skattar og gjöld skili sér á réttan stað, jafnvel þó það þýði að ég þurfi að finna mér nýtt upphaldsveitingahús af því að hinu gamla var lokað af skattyfirvöldum vegna vanskilamála. Það er ekki hægt að réttlæta ranglæti með skammtímahagsmunum.

Upplýsingatafla RSK

Staðgreiðsla opinberra gjalda 2013

Þrepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er nú reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

■ Af fyrstu 241.475 kr.	37,32%
■ Af næstu 498.034 kr.	40,22%
■ Af fjárhæð umfram 739.509 kr.	46,22%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur sem er 48.485 kr.

Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir.

■ Af fyrstu 55.572* kr.	37,32%
■ Af næsta 114.616 kr.	40,22%
■ Af launum umfram 170.188 kr.	46,22%

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

* $2.897.702/365 * 7 = 55.572$ ** $8.874.108/365 * 7 = 170.188$

Annað

■ Staðgreiðsla af vöxtum og arði 2013	20%
■ Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af tekjum umfram 100.745 kr.	6%
■ Skattleysismörk tekjuárið 2013	1.559.003 kr.

Persónuafsláttur 2013

■ Einn mánuður	48.485 kr.
■ Hálfur mánuður	24.242 kr.
■ 14 dagar	22.316 kr.
■ Ein vika	11.158 kr.
■ Sjómannafsláttur á dag	246 kr.

Tryggingagjald

■ Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald	7,69%
■ Viðbót v/sjómannna á fiskiskipum	0,65%

Virðisaukaskattur

■ Almenn skattþrep	25,5%
■ Sérstakt skattþrep	7,0%

Kílómetragjald,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2013

Gildir frá 1. 6. 2013

■ Almenn gjald, af fyrstu 10 þ. km, pr. km:	116 kr.
---	---------

Sé greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag skal reikna 15% álag á almennt gjald. Sé greitt torfærugjald vegna aksturs utan vega, eða á vegaslóðum sem ekki eru færir fólksbílum, skal reikna 45% álag á almennt gjald.

Barnabætur 2013

Barnabætur eru tekjutengdar og greiddar út í fjórum greiðslum; 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember.

■ Hjón/sambúðarfólk	
- með fyrsta barni	167.564 kr.
- með börnum umfram eitt	199.455 kr.
- Viðbót v/barna yngri en 7 ára	100.000 kr.
■ Einstæðir foreldrar	
- með fyrsta barni	279.087 kr.
- með börnum umfram eitt	286.288 kr.
- Viðbót v/barna yngri en 7 ára	100.000 kr.

Reglur um útreikning barnabóta er að finna á rsk.is

Vaxtabætur 2013

Vaxtabætur eru reiknaðar út frá vaxtagjöldum af lánum vegna íbúðarkaupa til eigin nota. Þær geta að hámarki orðið:

■ Hjá einhleypingi	400.000 kr.
■ Hjá einstæðu foreldri	500.000 kr.
■ Hjá hjónum og sambúðarfólki	600.000 kr.

Vaxtabætur eru tekjutengdar og eignatengdar.

Reglur um útreikning vaxtabóta er að finna á rsk.is.

Dagpeningar innanlands,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2013

Gildir frá 1. 10. 2013

■ Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	22.355 kr.
■ Fyrir gistingu í eina nótt	11.555 kr.
■ Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	10.800 kr.
■ Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	5.400 kr.

Dagpeningar erlendis,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2009

Gildir frá 1. 3. 2009

		Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
		Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR	187	125	120	80
■ Flokkur 2	SDR	159	106	102	67
■ Flokkur 3	SDR	141	94	90	60
■ Flokkur 4	SDR	125	83	80	54